



FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

14. júlí 2005 - 188. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

FIMMTUDAGUR

Endurminningar

Sú var tíð, og það er ekki ýkja langt síðan, að saga Þjóðanna var í fyrsta og síðasta lagi stjórnmalasaga. Slíkt var ofríki stjórnmalanna í uppveiti Þjóðríkjanna á rústum lénsveldis á 19. öld.



Í DAG 18

Ómetanlegur leikmaður

Steven Gerrard reyndist betri en enginn fyrir Liverpool í gær þegar hann skoraði öll mörk liðsins í 3-0 sigri á TNS frá Wales í 1. umferð forkeppni Meistaradeildar Evrópu í gær. Án hans er alls ekki víst að Liverpool hefðu náð að skora á Anfield í gær.



ÍÞRÓTTIR 42

Rómeó ruddi brautina

Gísli Örn Garðarson hefur fengið sjálfan Nick Cave til þess að semja tónlist við Woyzeck eftir George Buchner. Aðgangur Gísla að Cave var óvenju greiður og meistarinn vildi endilega vinna með honum enda meðvit- aður um velgengni upp færslu Gísla á Rómeó & Júlíu.



FÓLK 46

VEÐRIÐ Í DAG



BJARTVIÐRI um mest allt land. Hætt við þokubökkum með norður-ströndinni. Þykkar upp vestan til í kvöld. Hiti 10-20 stig, hlýjast til landsins en svalast á annesjum fyrir norðan.

VEÐUR 4

Var myrtur þegar hann kom frá Bandaríkjunum

Maðurinn sem myrtur var í Suður-Afríku fyrir rúmum fimm vikum var að koma úr heimsókn frá systur sinni í Bandaríkjunum. Þar hitti hann uppkominn son sinn sem hann bauð þangað til að hitta sig. Líkið verður flutt til Íslands til jarðsetningar.

MORÐMÁL „Þetta er allt svo hræðilegt að maður er enn þá í algjöru sjokki,“ segir Katla Þorkeldsdóttir, systir mannsins sem fannst myrturur í Suður-Afríku síðasta sunnudag. Hann hét Gísli Þorkelsson og var 54 ára gamall. Gísli var ókvæntur en lætur eftir sig 29 ára gamlan son búsettan á Íslandi. Gísli hafði búið í Suður-Afríku í 10 ár og var þar með eigin atvinnurekstur.

„Ég hef verið mjög nán Gísla, sem er litli bróðir minn og við höfum alltaf haldið sambandi,“ segir Katla, sem er næst Gísla í aldri af fjórum systkinum. Hún segir að áður en Gísli var myrtur hafi hann verið í heimsókn hjá henni í Bandaríkjunum þar sem hún býr



GÍSLI ÞORKELSSON Gísli, sem búsettur var í Jóhannesborg í Suður-Afríku, var fórnarlamb ránsmórðs. Lík hans fannst um síðustu helgi falið í ruslatunnu sem fyllt hafði verið með steypu.

ásamt fjölskyldu sinni. „Hann fór heim 24. maí og lítur út fyrir að hann hafi verið myrtur sama dag og hann kom aftur til Suður-Afríku,“ segir hún. Gísli notaði tækifærið og bauð syni sínum út til Bandaríkjanna á sama tíma og hann heimsótti systur sína. „Þeir áttu hér saman innilegan tíma,“ sagði hún og kvað þá feðga hafa verið í góðu sambandi þótt langt væri á milli. „Maður verður bara að þakka fyrir þennan tíma sem þeir fengu saman.“

Samkvæmt upplýsingum lögreglu í Suður-Afríku hafði Gísli nýverið selt íbúð í Jóhannesborg og parið sem grunað er um að hafa myrt hann reyndi að komast yfir peningana sem hann fékk

fyrir íbúðina. Katla segist hafa heyrt af þessu og áréttaði að í því fælist engin vísbending um að Gísli hafi verið á förum frá landinu eða eitthvað slíkt. „Ég veit að hann var nýlega búinn að selja raðhús og ekki farinn að festa kaup á öðru húsi. Þess vegna var hann með allan þennan pening í banka. Hann starfaði við að kaupa íbúðir, gera þær upp og selja svo aftur, þannig að hann var ekki á förum. Hann fékk bara gott verð fyrir húsið og seldi það.“ Katla segir að lík Gísla verði flutt heim til Íslands til greftrunar jafnskjótt og lögregla í Suður-Afríku heimilar.

-óka

Sjá einnig síðu 6



PRESTUR Í HÓPI STUÐNINGSMANNA SINNA Fjöldi fólks lagði leið sína á fund stuðningsmanna Hans Markúsar Árnasonar, sóknarprests í Garðasókn, í gærkvöldi. Fundarmenn kröfðust þess að haldinn yrði aðalsafnaðarfundur svo tækifæri gæfist til að ræða málið á vettvangi sóknarinnar.

Deilan í Garðasókn:

Aðför að prestinum mótmælt

GARÐASÓKN Um tvö hundruð sóknarborn mættu á fund í gærkvöld til stuðnings séra Hans Markúss Árnasoni, sóknarpresti í Garðasókn. Á fundinum var samþykkt samhljóða ályktun til stuðnings Hans Markúsi.

„Það voru þrjú efni sem tekin voru fyrir á fundinum,“ segir Sveinn Andri Sveinsson lögmaður. „Á honum var mótmælt aðför hluta sóknarnefndar og hluta starfsmanna að sóknarpresti, enda er mikil ánægja með hans störf. Þá var þeim tilmælum beint til dóms- og kirkjumálaráðherra að hafnað alfarið öllum tillögum um flutning hans í starfi. Að lokum var þeirri áskorun beint til sóknarnefndar að halda aðalsafnaðarfund sem fyrst til að lýðræðisleg umræða gæti farið fram um þetta mál.“

-grs

Kaupmenn segja markað fyrir hrefnukjöt:

Hrefnukjötið selst grimmt

NEYTENDAMÁL „Hrefnukjötið rýkur út eins og heitar lummur og eftirspurnin fer ört vaxandi,“ segir Sólmundur Oddsson, innkaupastjóri Kaupáss sem rekur Nóa-túnsverslanirnar.

„Um síðustu helgi fóru 350 kíló,“ bætir Sólmundur við en hann er ekki í nokkrum vafa um að markaður sé fyrir því hrefnukjöti sem fellur til við veiðarnar sem nú eru hafnar.

„Við höfum í kjötbörðum okkar hrefnulundir, besta kjötið af hrefnuni og það hefur komið fólki á óvart hvað þetta er gott kjöt. Til dæmis er þetta sérlega gott í sushi-rétti en þá er kjötið skorið í



örþunnar sneiðar og borðað hrátt með wasabi-kremi og sojasósu. Einnig er hvalkjötið gott á grillið en ber að hafa í huga að best er að grilla það við mikinn hita í stutta stund,“ segir innkaupastjórinn.

Einnig er boðið upp á hvalkjöt í neytendapakkingum og segir Sólmundur að salan í því sé nokkuð góð enda er verð á hrefnukjöti afar hagstætt.

-jse

KJÖTVINNSLUMAÐUR MEÐ HREFNUKJÖT Þessar hrefnulundir eru kallaðar naut hafsins og rokseljast í Nóatún verslunum. Þær eru að sögn kjötvinnslumanns hentugar í súsrétti eða bara á þönnuna eða grillið.

16 HÓTEL ALLAN HRINGINN

Allar nánari upplýsingar: www.hoteledda.is | Sími 444 4000

IGveiði vörur

Fást á þjónustustöðvum

ESSO

1604/IG 10



SPURNING DAGSINS

Guðríður, óttastu íslenska veitingamenn?

Nei, ég hef engar áhyggjur því að spáin mín klikkar aldrei. Eða þannig.

Rúmenskir veitingamenn ætla að lögsækja þarlanda veðurfrettamenn vegna rangra spáa. Guðríður Arnadóttir er veðurfrettamadur á Fréttablaðinu og Stöð 2.

Breyttur framburður vitnis ekki tekinn til greina:

Eitt og hálf ári fyrir nauðgun

DÓMSTÓLAR Maður var dæmdur í eins og hálf árs fangelsi í Héraðsdómi Vestfjarða í gær fyrir að nauðga ungru stúlku á heimili hennar á Ísafirði eftir samkvæmi síðasta sumar. Stúlkan hafði lagst til svefns með vini sínum, en maðurinn vakti hann og vísaði burt áður en hann hóf samfarir við stúlkuna sem þá vaknaði. Hún gat ekki spornað við sökum ölvunar og svefn-drunga. Maðurinn var einnig dæmdur til að greiða stúlkunni 800 þúsund krónur í bætur.

Vinurinn sem stúlkun hafði lagst til svefns með breytti fyrir dómi framburði sínum hjá



ÍSAFIJÖRÐUR Ungri stúlku var nauðgað á heimili hennar á Ísafirði að morgni sunnudagsins 20. júní í fyrra. Hún hafði boðið til samkvæmis heima hjá sér eftir að hafa kvöldið áður skemmt sér á dansleik í Súðavík og síðar um nóttina á skemmtistaðnum Sjallanum á Ísafirði.

lögreglu. Nauðgarinn hélt því fram að stúlkan hefði vaknað um leið og vinurinn, þau rætt saman um stund og síðan hefði allt gerst með vilja stúlkunnar. Hjá lögreglu sagði vinurinn þetta fráleitt, en fyrir dómi, eftir að nauðgarinn hafði rætt við hann, tók hann undir framburð hans.

Dóminn kváðu upp héraðsdómarnir Hervör Þorvaldsdóttir og Símon Sigvaldason, en Erlingur Sigtryggsson dómstjóri skilaði sérátkvæði. Hann vildi sýkna manninn því vafi léki á hvert raunverulegt ástand stúlkunnar hefði verið. -óka

Gagnrýnandi Pútíns:

Kasíanov í rannsókn

MOSKVA, AP Saksóknarar í Rússlandi hófu á mánudag rannsókn á meintum fjársvikum Mikhail Kasíanov, forsætisráðherra Rússlands árin 2000-2004. Eftir að Pútín Rússlandsforseti rak hann úr embætti á síðasta ári gerðist Kasíanov einn harðasti gagnrýnandi hans og hafði hann ekki útilokað að bjóða sig fram í forsetakosningum þar árið 2008.

Kasíanov hafði einkum beitt sér fyrir efnahagsumbótum á ferli sínum og var síðasti fulltrúinn úr innsta hring Boris Jeltsín í ríkisstjórnun Pútíns og hafði varið hina umdeildu stétt aukýfinga í Rússlandi. ■

Sprengt í Bagdad:

Börn meðal fórnarlamba

ÍRAK, AP 25 manns létu lífið í sjálfsmorðs-bílsprengræði í Bagdad í gær, sem beindist gegn bandarískum hermönnum sem voru að deila út sælgæti til barna.

Þar af á annan tug barna á aldrinum fjögurra til þrettán ára. Einn hermaður dó. Að minnsta kosti 70 manns særðust. Tílfjólfir átti sér stað í fátækrahverfi þar sem flestir íbúanna eru sjáa-múslimar.

„Megi Guð forðæma uppreisnarmennina,“ hrópaði móðir á sjúkrahúsi þar sem hlúð var að hinum særðu, þar á meðal fjögurra daga gömlu barni. ■



ÓNÝTT GÓLFEFNI Talið er að viðgerð á húsnæði aldraðra í Neskaupstað taki um hálfan mánuð og á meðan geta íbúarnir ekki snúið til síns heima.

Vatnstjón í íbúðum aldraðra:

Níu íbúðir rýmdar

NESKAUPSTAÐUR Milljónatjón varð í íbúðum aldraðra í Breiðabliki í Neskaupstað aðfaranótt þriðjudags þegar vatnssía við vatnsinntak í kjallara gaf sig og kalt vatn flæddi um 350 fermetra gólfplöt kjallarans. Húsnæðið er í eigu Fjarðabyggðar og segir Guðmundur Ý. Hraunfjörð, húsnæðisfulltrúi bæjarins, að um 10 sentímetra djúpt vatn hafi verið á öllum gólfum í kjallaranum þegar vatnslekinn uppgötvaðist.

„Slökkvilið Fjarðabyggðar vatnstæmdi kjallarann en rýma þurfti allar níu íbúðirnar. Nokkrum íbúanna var komið fyrir á sjúkrahúsinu en aðrir fóru til aðstandenda,“ segir Guðmundur. -kk



JEPPAFERÐIR Erfitt verður að mæta auknum kostnaði sem verðhækkningar á dísilolíu hafa í för með sér fyrir skipuleggjendur jeppaferða.

Hækkningar gætu gengið af jeppaferðum dauðum

Hlynur Snæland Lárusson segir hækkningar á dísilolíu hafa veruleg áhrif á bílaútgætur í ferðaþjónustu. Dæmi eru um jeppaeigendur sem skipt hafa dísilbílum út fyrir bensínbíla eftir verðhækkningar.

DÍSILOLÍA „Verðhækkningar á dísilolíu hafa í för með sér gríðarlegan kostnaðarauka,“ segir Hlynur Snæland Lárusson, deildarstjóri bílaútgætur hjá ferðaskrifstofunni Snæland Grímssyni. „Sérstaklega er um mikla kjaraskerðingu að ræða fyrir þröngan kjarna manna sem lifa á bílaútgætu.“

Hlynur hefur áhyggjur af því hvaða áhrif verðhækkningar á dísilolíu um síðustu mánaðamót hafa á ferðaþjónustu sem byggir á jeppa- og rútuferðum. „Ferðirnar eru dýrar og þess vegna er erfitt að hækka verðið,“ segir Hlynur. „Verðhækkningar koma í það minnsta til með að draga mikið úr jeppaferðunum, jafnvel ganga að

þeim dauðum.“

Hlynur segir einnig fyrirjáanlegt að verr gangi að selja erlendum fyrirtækjum hvataferðir. „Það er slæmt þar sem þessar ferðir eru seldar utan háannatima og skilja yfirleitt mjög mikið eftir sig.“

Engar ákvarðanir hafa enn verið teknar um framhald jeppa- og rútuútgætur hjá fyrirtækinu að sögn Hlyns. „Það er ljóst að grundvöllurinn fyrir þessum ferðum hefur versnað mjög mikið.“

Skúli H. Skúlason, formaður Ferðaklúbbsins 4x4, segir dæmi þess að fólk í þeirra hópi hafi skipt dísilbílum sínum út fyrir

bensínbíla. „Það er ekki ódýrara að reka bensínbíl en fólk fær annað í staðinn sem það sækist eftir, snarpari vélar og léttari bíla til dæmis,“ segir Skúli. „Ekki síst slæmt í ljósi þess að þeir sem mest ferðast hafa hingað til verið sá hópur almennings sem helst hefur notað dísilolíu.“

Skúli segir að klúbburinn gæti sætt sig við breytingar á verði dísilolíu út frá umhverfissjónarmiðum ef þær ýttu undir aukna notkun á dísilbílum. „Þegar lítrinn af dísilolíu er hins vegar orðinn jafndýr og jafnvel dýrari en bensín sjáum við alls ekki að þessi umhverfissjónarmið náist fram.“

helgat@frettabladid.is

Hæstiréttur:

Gæsluvarðhald staðfest

DÓMSMÁL Hæstiréttur staðfesti í gær gæsluvarðhaldsúrskurð yfir síbrotamanni sem farið hafði verið fram á að yrði fellt niður eða stýtt.

Féllst Hæstiréttur ekki á rök mannsins sem dæmdur var hinn 8. júlí síðastliðinn í Héraðsdómi Norðurlands eystra en gæsluvarðhaldið tók mið af stórfelldum brotaferli mannsins. Var honum gefið að sök að eiga hlut í fjölmörgum ránum og innbrotum auk allnokkurra fíkniefnabrota. -aðe

Reykjanesbraut:

Tekinn á 164 kílómetra hraða

LÖGREGLUMÁL Ökumaður á yfir höfði sér sviptingu ökuréttinda eftir að bifreið hans mældist á 164 kílómetra hraða á Reykjanesbraut við Bústaðaveg í fyrirkvöld. Hámarks hraði þar er 70 kílómetrar á klukkustund og keyrði ökumaðurinn því meira tvöfalt hraðar en lög leyfa.

Lögregla stöðvaði ökumanninn og fékk hann að halda för sinni áfram eftir að af honum var tekin skýrsla að sögn lögreglu. Hann verður auk ökuréttindamissisins krafinn um háa sekt. -ht

Mál Arons Pálma:

Góðar líkur á heimför

DÓMSMÁL Lögfræðingur stuðningshóps Arons Pálma, Vestur-Íslendingurinn Knut S. Johnsson, átti í gær ítarlegar viðræður við aðstoðarmann ríkisstjórnans í Texas. Að fundi loknum var það mat hans að góðar líkur væru á að orðið yrði við óskum um að Aron yrði leystur úr stofufangelsi og honum leyft að fara til Íslands. Ríkisstjórnin tekur ákvörðun innan sex vikna.

Aron Pálmi verður 22 ára í dag.



Kristín Gísladóttir sjúkrapjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.



Opíð virka daga: 10-18

Reykjavík: Mörkín 4, s: 533 3500

Þúsundir öyrkja krafðir um gömul skattframtöl:

Vilja framtöl frá áttunda áratugnum

FÉLAGSMÁL Landssamtök Lífeyrissjóða hafa sent um þúsund öyrkjumbréf þar sem óskað er eftir skattframtölum síðustu þriggja ára fyrir örorkumat þeirra. Í einhverjum tilvikum er beðið um skattframtöl frá áttunda áratugnum en einstaklingum er aðeins skylt að geyma skattframtöl í sex ár.

„Mér finnst sem lífeyrissjóðirnir hafi þarna hlaupið á sig og þeir eigi að draga þetta bréf til baka,“ segir Arnþór Helgason, framkvæmdastjóri Öyrkjabandalags Íslands. „Þeir ættu ekki að fara lengra aftur með kröfu um tekjuupplýsingar en lög leyfa.“

Öyrkjabandalagið lítur málið mjög alvarlegum augum og sendi í gær bréf til Landssamtaka lífeyrissjóða þar sem óskað var eftir fundi vegna málsins.



ARNÞÓR HELGASON Framkvæmdastjóri Öyrkjabandalags Íslands.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru bréfin send vegna væntanlegs endurreiknings á örorkubótum. Innan ÖBÍ hafa menn áhyggjur af því að þeir bóta-

lægstu detti í kjölfarið út af bótum.

Ekki náðist í framkvæmdastjóra Landssamtaka lífeyrissjóða í gærkvöldi. -grs

ÚTSALA

... af öllum stærðum

Gerðu góð kaup á stærstu útsölnni. 105 verslanir troðfullar af spennandi útsöluvörum.

Enn meiri verðlækkun.

NÝTT KORTATÍMABIL

Opið til **21** í kvöld

WORLD PRESS PHOTO 
SÝNING Í KRINGLUNNI



Sýning á bestu fréttaljósmyndum ársins 2004 stendur yfir í Kringlunni frá 1. júlí til 24. júlí.

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

www.kringlan.is upplýsingasími 588 7788 skrifstofusími 568 9200

ÍSLENKA AUGI SÍNGASTOFNANNA IS KFI 2234 07/2005

	Mán. til mið.	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur	Veitingastaðir og Kringlubíó
Verslanir	10.00 til 18.30	10.00 til 21.00	10.00 til 19.00	10.00 til 18.00	13.00 til 17.00	eru með opið lengur á kvöldin.
Ævintýraland	12.00 til 18.30	12.00 til 19.00	12.00 til 19.00	11.00 til 18.00	13.00 til 17.00	

GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 13.07.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	64,63	64,93
Sterlingspund GBP	114,12	114,68
Evra EUR	78,71	79,15
Dönsk króna DKK	10,55	10,61
Norsk króna NOK	9,98	10,03
Sænsk króna SEK	8,39	8,44
Japanskt jen JPY	0,58	0,58
SDR	XDR	94,19 94,75

Gengisvísitala krónunnar
110,13

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sakborningarnir nefndir í eyru prófessors löngu áður en ákærur voru birtar:

Óskað rannsóknar á leka

BAUGSMÁLÍÐ Gestur Jónsson, hæstaréttarlögmaður og verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar í Baugsmálinu, hefur sent Boga Nilssyni ríkissaksóknara bréf þar sem óskað er eftir rannsókn á upplýsingaleka í Baugsmálinu.

Málavextir eru þeir að 7. júlí ritaði prófessor Þorvaldur Gylfason pistil í Fréttablaðið sem hann nefndi „kannski tuttugu manns“. Í pistlinum lýsti prófessorinn því að vel tengdur virðingarmaður íslensks atvinnulífs hefði sest sér við hlið í flugvél og greint frá því að gefin yrði út ákæra á hendur sex einstaklingum sem hann nefndi alla með nafni. Þorvaldur

kvaðst í pistlinum aldrei hafa heyrt þrjá þeirra nefnda. Þetta hefði rifjast upp fyrir honum þegar Ríkislögreglustjóri birti sömu aðilum ákærur.

Gestur ákærur í bréfinu til ríkissaksóknara að nauðsynlegt sé að fá svar við því hvort „vel tengdir“ virðingarmenn hafi átt aðgang að upplýsingum um rannsókn málsins meðan á henni stóð. „Sé rétt með farið virðist ákvörðun um ákæru á hendur „sexmenningum“ hafa verið tekin áður en rannsókn málsins var lokið hjá Ríkislögreglustjóra,“ segir jafnframt í bréfinu.

- jh



ÞORVALDUR GYLFASON PRÓFESSOR
Nokkur tími er liðinn frá því samtal hans og „virðingarmannsins“ átti sér stað.

Hæstiréttur:

Varðhald felld úr gildi

DÓMSMÁL Hæstiréttur felldi í gær úr gildi úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur frá 8. júlí þess efnis að meintur kynferðisglæpamaður skyldi sæta gæsluvarðhaldi til 15. júlí.

Komst rétturinn að því að sóknaraðili hefði ekki fært haldbær rök fyrir varðhaldi enda brot hans framín fyrir allöngu síðan. Sóknaraðili byggði mál sitt á að ætla mætti að hinn ákærði reyndi að torvelða rannsókn málsins ef hann yrði látinn laus fyrir þann tíma enda væri rannsókn lítt á veg komin og skýrslutöku af þeim tveimur stúlkum sem hann er grunaður um að hafa misnotað ekki lokið.

-aðe



HÚSLEIT Múslimi í Thornhill-hverfi í Dewsbury á Norður-Englandi, þar sem flestir íbúarnir eru af pakistönskum uppruna, talar við lögreglukonu í gær, er gerð var hútleit þar.

Múslimar áhyggjufullir:

Bretar sýni stillingu

HRYÐJUVERK Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, kallaði í gær eftir hertri löggjöf og alþjóðlegu átaki til að uppræta þá „illu“ hugmyndafræði sem liggja á bak við hryðjuverkin í London fyrir viku.

Blair og fleiri stjórnmalámennt hvöttu Breta til að sýna stillingu og dæma ekki alla múslima vegna ódæðisverka manna sem láta „brennlaða og eitruða mistúlkun“ á íslamstrú stjórna gerðum sínum. Talsmenn múslima tala um nauðsyn þess að foreldrar verndi börn sín fyrir heilapvottartilraunum öfgamanna. Tilkynt hefur verið um fleiri en 100 hefndarárásir frá því tilræðin voru framín.

- aa

Hryðjuverkin í Lundúnum:

Lítil áhrif á flugið

HRYÐJUVERK Hryðjuverkin í Lundúnum á fimmtudag, þar sem að minnsta kosti 52 biðu bana og fjöldi særðist, hafa lítt eða ekki dregið úr áhuga fólks á að ferðast til borgarinnar.

Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair, segir áhugann á borginni meiri nú en á sama tíma í fyrra.

Birgir Jónsson, framkvæmdastjóri Iceland Express, segir einstaka farþega hafa seinkað för sinni um nokkra daga eða vikur.

- bps



SAKNAÐ Veggspjöld með myndum af fólki sem er saknað eftir sprengjutílræðin sjást hér í grennd við Kings Cross-lestarstöðina í Lundúnum. Gefin hafa verið upp nöfn fjórtán þeirra 52 sem staðfest hefur verið að létu lífið.

Áhyggjur móður komu lögreglunni á sporið

Leitin að sprengjumönnum í Lundúnum fór að bera árangur eftir að móðir eins þeirra lýsti eftir honum. Talið er að forsprakkarnir gangi enn lausir.

BRETLAND. AP Símhringing örvæntingarfullrar móður kom bresku lögreglunni á sporið í leitinni að þeim sem frömdu sprengjutílræðin í Lundúnum fyrir viku.

Svarið við eftirgrenslnan hennar reyndist annað og verra en hún átti von á – sonur hennar er einn þeirra fjögurra manna sem grundaðir eru um að hafa sprengt sprengjur í þremur jarðlestum og einum strætisvagni og banað að minnsta kosti 52 manns.

Lýsing móðurinnar á fötum sonarins kom heim og saman við þau sem voru á líki sem var svo illa farið að talið er að það sé af manninum sem sprengdi sjálfan sig í loft upp í tveggja hæða strætisvagni við Tavistock-torg,

að því er dagblaðið The Times greindi frá í gær. Þrettán manns fórust í þeirri sprengingu.

Maðurinn, sem var 19 ára og hét Hasib Hussain, sást ásamt þremur öðrum mönnum á upptöku öryggismyndavélar á Kings Cross-lestarstöðinni, en upptakan var frá því kl. 8.30 á fimmtudagsmorguninn, um 20 mínútum áður en sprengjurnar sprangu. Mennirnir eru allir af pakistönskum uppruna en fæddir og uppaldir í Bretlandi.

Lögreglan vissi að rannsóknin var keppt við tímann, þar sem á reið að finna hverjir staðið hefðu að tilræðunum; annars væri hætta á að þeir létu aftur til skarar skríða. Þótt sprengjumennirnir

hafi sjálfir farist í árásunum er talið líklegt að samverkamenn þeirra eða hugsanlegur forsprakki gangi enn lausir.

Sá forsprakki gæti verið tengdur alþjóðlegu hryðjuverkaneti eins og al-Kaída og að sögn sérfræðinga er vel hugsanlegt að hann hafi komið til Bretlands til að leita nýrra liðsmanna í hinu „heilaga stríði“ og útvega þeim sprengiefni. „Ég trúir því einfaldlega ekki að verndaður eins og þessi geti verið einkaframtak þessara fjögurra ungu manna,“ hefur AP eftir Paul Wilkinson, sem starfar við hryðjuverkarannsóknamiðstöð St. Andrews-háskóla í Skotlandi.

aundunn@frettabladid.is

Flugfreyjutöskur
Litir: Blátt, svart og rautt verð: 4.990 kr.


PENNINN BOKA BÚÐIR Eymundsson

VEÐRIÐ Í DAG

LOKSINS, LOKSINS, LOKSINS!
Nú sést hún!! Fyrirsögnin vísar til þess hve lítið hefur sést af blessaðri sólinni á sunnan- og vestanverðu landinu nú í júlí. Dagurinn í dag er gjörólíkur að því leyti að nú sýnir hún sig og það víðar en bara fyrir norðan og austan.

EN ADAM VAR EKKI LENGI Í PARADÍS
Nei, og það sama á við um hana blessaða. Það þykkar upp víða um land í nótt og á laugardag verður vætusamt vestan til og víða á sunnudag, sist þó suðaustan til.

Um hádegi



Veðurhorfur í borgum í dag

Kaupmannahöfn	21°C hálfskýjað	Paris	30°C heiðskirt	Alicante	29°C heiðskirt
Ósló	23°C heiðskirt	Berlín	25°C hálfskýjað	Milano	28°C hálfskýjað
Stokkhólmur	23°C heiðskirt	Frankfurt	30°C heiðskirt	New York	26°C hálfskýjað
Helsinki	22°C heiðskirt	Madrid	42°C heiðskirt	San Francisco	20°C heiðskirt
London	28°C heiðskirt	Barcelona	28°C heiðskirt	Orlando/Florida	32°C heiðskirt

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Leeds-búar af pakistönskum uppruna

Eftirfarandi upplýsingar hafa komið fram um þá sem frömdu sprengjutílræðin í Lundúnum hinn 7. júlí. Þeir eru allir af pakistönskum uppruna en fæddir og uppaldir í Englandi.

- Shahzad Tanweer, 22 ára. Sótti Leed Metropolitan-háskóla, þar sem hann lagði stund á íþróttafraði og sýndi krikket sérstakan áhuga. Hann á yngri bróður og tvær systur og bjó alla ævi í Beesten-hverfi í Leeds á Norður-Englandi. Faðir hans er frá Pakistan og rekur „fisk-og-flögu“-skynidibitastað. Tanweer fór til Lahore í Pakistan í tvo mánuði fyrr á þessu ári til að nema íslömsk fræði. Réttarlæknisfræðileg gögn tengja Tanweer við sprenginguna sem varð í jarðlest nærri Aldgate-stöðinni.

- Hasib Hussain, 19 ára. Bjó hjá fjölskyldu sinni frá fæðingu í Holbeck, útbæ Leeds. Frá september 1998 til júlí 2003 var hann nemi við Matthew Murray-menntaskólann. Hann varð trúður múslimi fyrir um tveimur árum, eftir því sem lögregla hefur eftir nágrönnum hans. Ökuskírteini og bankakort hans fundust í braki strætisvagnsins sem var sprengdur við Tavistock-torg.

- Mohammed Sidique Khan, 30 ára. Fæddist í Pakistan, á átta mánaða gamla dóttur. Hann bjó áður í sama hverfi í Leeds og Tanweer, en flutti til Dewsbury í Vestur-Yorkshire fyrir tæpu hálfu ári. Hann vann við gæslu fatlaðra barna, að sögn nágranna. Skilríki Khans fundust í braki lestarinnar sem sprengd var nærri Edgware Road-jarðlestarstöðinni.

- Nafn fjórða tilræðismannsins hefur ekki komið fram. Hann er talinn hafa verið vinur hinna þriggja og hafa búið í Leeds.

- aa

STÓRÚTSALAN Í FULLUM GANGI

VIÐBÓTAR VÖRUSENDING BEINT Á ÚTSÖLUNA

50-80%

AFSLÁTTUR

NÝTT KORTATÍMABIL

REGATTA 

GREAT OUTDOORS™

AKUREYRI - REYKJAVÍK - KEFLAVÍK

OPID

VIRKA DAGA 10 – 18

LAUGARD. 16. JÚLÍ 10 – 18

SUNNUD. 17. JÚLÍ 13 - 17



ÚTIVIST&SPORT

Akureyri - Strandgata 3 Sími 464-4450 Reykjavík - Faxafeni 12 Sími 533-1550 Keflavík - Hafnargata 25 Sími 421-3322



KJÖRKASSINN

Mun R-listinn bjóða fram í næstu borgarstjórnarkosningum?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	70%
Nei	30%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Á að herða viðurlög við umferðarlagabrotum?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun



Persónuvernd vill að farið verði varlega í umfjöllun um einkamál:

Blaðamenn gæti meðalhófs

PERSÓNUVERND Stjórn Persónuverndar hefur sent frá sér álit um meðferð persónuupplýsinga og myndbirtingar á fréttamiðlum. Í álitinu kemur fram að fréttamenn skuli gæta meðalhófs í meðferð persónuupplýsinga og hafa í huga hvaða hagsmunum það þjóni að fjalla um einkamálefni einstaklinga án þeirra samþykkis.

Sérstaklega er einnig rætt um svokallaðar „opinberar persónur“ í álitinu Persónuverndar. Þar er sagt að þótt sumar persónur, svo sem stjórnáráðgjafar, listamenn og aðrir þeir sem mikið eru í sviðsljósinu geti búist við því að meira sé fjallað um þær í fjölmiðlum en aðra al-



ÍSLENSK DAGBLÖÐ Stjórn Persónuverndar segir opinberar persónur eiga að njóta friðhelgi heimilisins og eins á skemmtistöðum, sundlaugum og líkamsræktarstöðvum.

menna borgara, þá sé álit Persónuverndar að hinar opinberu persónur skuli njóta friðhelgi fjögurra veggja heimilisins og eins utan þeirra á ákveðnum stöðum, svo sem eins og á skemmtistöðum, sundlaugum og líkamsræktarstöðvum.

Einnig er minnst á í álitinu að þótt einhverjir einstaklingar geti talist opinberar persónur þá eigi það sama ekki við um fjölskyldur þeirra, vini og aðra sem þeim tengjast og hafa ekki valið að vera í sviðsljósinu.

Tekist á um gjaldtöku:

Ríkið var sýknað

DÓMSTÓLAR Ríkið var í gær sýknað af kröfum manns sem taldi sig hafa orðið fyrir ólögum gjaldtöku, en skattstjórnin í Reykjavík lagði á hann iðnaðarmálagjald á árunum 2001 til 2004.

Maðurinn vísaði til þess að í landinu væri félagafrelsi og því ólöglegt að gera honum að greiða félagsgjöld til Samtaka iðnaðarins. Dómurinn vísaði til fyrri úrskurðar Hæstaréttar frá árinu 1998 þar sem ekki var fallist á að iðnaðarmálagjaldið gæti talist félagsgjald, en tekjum af því mun varið til eflingar iðnaði og iðnþróun. Manninum var gert að greiða 300 þúsund krónur í málskostnað.

Kona játar aðild að morði á Íslendingi

Tvennt er í haldi lögreglu vegna morðsins á Gísla Porkelssyni í Suður-Afríku, 28 ára gamall maður og 43 ára gömul kona. Réttáð verður í máli þeirra í lok ágúst. Dánarorsök Gísla eru enn ókunn en hann verður krufinn í dag.

MORÐMÁL Desireé Oberholzer, 43 ára gömul kona, sem handtekin var í tengslum við morðið á Gísla Porkelssyni, 54 ára gömlum Íslendingi búsettum í Suður-Afríku, játaði í gær aðild að málinu. Einnig situr í haldi vegna málsins 28 ára gamall maður að nafni Willie Theron. Þau voru leidd fyrir dómara í Boksburg í Suður-Afríku í gær, en réttáð verður í máli þeirra 22. ágúst. Fólkið er sakað um morð, þjófnað, fjársvik og um að hindra framgang réttvísinnar.

Nafn Gísla var gert opinbert í gær eftir að haft var samband við hans nánustu ættingja, en hann á fjögur eldri systkini og uppkominn son, búsettan á Íslandi. Vinkona Gísla í Jóhannesarborg bar í gærmorgun kennsl á lík hans í líkhúsinu í Germiston, en lögregla hafði óttast að það tæki langan tíma vegna þess hve rotnun líksins var langt á veg komin. Það var falið í ruslunni sem fyllt hafði verið með steypu þannig að aðeins sást í fæturna og hafði verið þar í um fimm vikur. Tunnan var geymd í bakgarði leigusala Willies Theron í norðurhluta Boksburg, úthverfi Jóhannesarborgar. Sá fann líkið fyrir tilviljun þegar hann færði til tunnuna.

Ekki hefur enn verið skorið úr um hvernig parið myrti Gísla en Andy Pieke, talsmaður lögreglu, segir standa til að krufning fari fram í dag.

Gísl er sagður hafa kynnst konunni fyrir nokkru síðan en þegar parið sem grunað er um að hafa myrt hann var handtekið höfðu þau meðal annars selt bíl hans. Þá höfðu þau reynt að



BETLAD Á GÖTU Í JÓHANNESARBORG Fátækt er mikil og glæpir tíðir í Jóhannesarborg í Suður-Afríku. Myndin er tekin fyrir á árinu á götu í borginni. Sjá má hvernig götubetlarar fara á milli bíla í von um að einhver gauki að þeim peningum.

komast yfir peninga á banka-reikningi Gísla en ekki tekist.

Smári Sigurðsson, aðstoðaryfirlöggregluþjónn á alþjóðadeild Ríkislögrelustjóra, sagði málið alfarið vera á könnu lögregluþjónnanna í Suður-Afríku. Embættið hafi engu síður haft fregnir af rannsókn málsins frá

lögrelju þar. „Ekkert formlegt, heldur bara í síma,“ segir hann og taldi lögreglu ytra furða sig nokkuð á athyglinni sem málið vekti hér heima.

„Þeir fá sennilega jafnmörg mál á dag og við á nokkrum árum.“

oligr@frettabladid.is

69%
FRÉTTABLAÐIÐ



37%
MORGUNBLAÐIÐ



25%
BLAÐIÐ



Við rúllum þeim upp!

Á HVERJUM VIRKUM DEGI LESA NÆSTUM TVÖFALT FLEIRI 20–40 ÁRA ÍSLENDINGAR FRÉTTABLAÐIÐ EN NÆSTSTÆRSTA DAGBLAÐIÐ.

Sama hvernig á það er lítið er meðallestur Fréttablaðsins afgerandi mestur af íslenskum dagblöðum. Við þökkum lesendum jákvæðar viðtökur og bendum auglýsendum á að nota það blað sem flestir Íslendingar lesa.

Meðallestur, 20-40 ára, landið allt.

FRÉTTABLAÐIÐ

– stærsti fjölmiðillinn

Fyrrum íbúi Höfðaborgar lýsir ástandinu:

Höfðaborg er morðhöfuðborg

ÖFBELDI „Höfðaborg er morðhöfuðborg heimsins,“ sagði Stefán Helgi Valsson, í Hádegisútvarpi Talstöðvarinnar í umsjón Fréttablaðsins í gær. Stefán bjó í þrettán ár í Höfðaborg.

„Morð eru daglegt brauð þarna þó ekki sé mikið talað um það núna þegar menn reyna frekar að leggja áherslu á uppbyggingu í landinu. Svo hefur Mandela gert margt mjög gott fyrir landið og menn beina frekar sjónum að því. Því verður þó ekki breytt að tölfræðin segir að fyrir hverja hundrad þúsund íbúa eru 150 dreppir. Þannig var ástandið í það minnsta þegar ég bjó þar en ég flutti fyrir fimm árum.“

Stefán fór ekki varhluta af of-



beldinu meðan hann bjó í Höfðaborg en þrisvar sinnum var brotist inn í bíl hjá honum og tvívegis varð nágranni hans fyrir barðinu á innbrotshjófum. Í annað skiptið var konu nauðgað. „Þetta er bara daglegt brauð í Höfðaborg, því miður,“ segir Stefán sem bar Suður-Afríkubúum vel söguna og sagði þá yndislegt fólk upp til hópa þó ástandið í landinu hefði þessar hræðilegu afleiðingar. ■

ÖRYGGISGÆSLA Í HÖFÐABORG Stefán segir að þeir efnuðu í Höfðaborg verði að verja sig því morð og glæpir séu daglegt brauð í borginni. Ástæðuna segir Stefán helst vera hið gríðarlega bíl milli efnaðra og fátækra í landinu.

Nýtt kredit- kortatímabil

útsalan í fullum gangi

30-90%

afsláttur

af upprunalegu verði.

vorum að bæta við

NÝJUM vörum á

500 OG 1000 KR.

MARKAÐINN

allt á 500
eða 1000 kr.

barnafatnaður, dömufatnaður,
herrafatnaður og skór.

Fyrstur kemur fyrstur fær

HAGKAUP

www.hagkaup.is

Skemmtilegast að versla



VEISTU SVARID?

- 1 Hversu margir Írakar hafa farist í bardögum eða árásum frá innrásinni í Írak samkvæmt nýrri svissneskri rannsókn?
- 2 Hvaða listmálari ætlar að sýna málverk í tveimur stórum tjöldum í hljómskálagarðinum í Reykjavík?
- 3 Hvað heitir rauðhærðasti maður Íslands?

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

Forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur:

Málverkasýningar ekki of fáar

LISTIR „Ég er ósammála því að of fáar málverkasýningar séu haldnar hér í listasafninu,“ segir Eiríkur Þorláksson, forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur. Einar Hákonarson listmálari gagnrýndi Listasafnið í Fréttablaðinu í gær og sagði að þar væri ekki nægileg áhersla lögð á málverkasýningar.

Eiríkur segir hlutfall hreinna málverkasýninga í safninu um þrjátíu prósent. „Ég tel það eðlilegt hlutfall en hér eru haldnar fleiri málverkasýningar en höggmyndasýningar, sýningar á byggingarlist og ljósmyndasýningar,“ segir Eiríkur.

„Langstærstur hluti sýninga safnsins er hins vegar blandaðar sýningar en í mörgum þeirra er málverkið einnig í lykilhlutverki.“

Einar Hákonarson hyggst halda málverkasýningu í tveimur tjöldum á menningarnótt og segir það koma til vegna þess að honum hafi verið synjað um að halda sýningar í sölum Listasafns Reykjavíkur. Eiríkur segir beðni Einars um sýningarhald hafa komið of seint fram. „Drög að sýningaráætlun vetrarins höfðu verið lögð fram og frekar hefur þurft að draga úr umfangi hennar síðan.“

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



EIRÍKUR ÞORLÁKSSON Forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur segir um þrjátíu prósent sýninga í safninu vera hreinar málverkasýningar og telur það mjög eðlilegt hlutfall.

LÖGREGLUFRÉTTIR

REYK LAGÐI FRÁ POTTI Kalla þurfti út slökkvilið á Akureyri í fyrrkvöld eftir að tilkynnt var um að reyk legði frá potti í eldhúsi parhúss í Glerárhverfi. Enginn var heima en lögregla fór inn um glugga og fjarlægði pottinn af hellu, sem gleymst hafði að slökkva undir. Engar skemmdir voru sjáanlegar á íbúðinni en þar var mikill reykur.

MISSTI FINGUR VIÐ BRÚARSMÍÐI Ungur maður missti þumalfingur eftir vinnuslys við brúarsmíði í Króksfirði í fyrradag. Maðurinn var fyrst í stað fluttur á heilugæslustöðina í Búðardal þar sem gert var að sárum hans en hann var síðan fluttur með sjúkrahúsi til Reykjavíkur þar sem meisl hans voru meðhöndluð frekar.

World Class ICELAND

LAUGAR

PEAK PILATES KENNARANÁMSKEIÐ

- verður haldið í Laugum í ágúst.

Byrjendanámskeiðin (Basic Mat) verða kennd 16. og 17. ágúst,

fyrir lengra komna (Intermediate Mat) 15. ágúst

og framhaldsnámskeið (Advanced Mat) 19. 20. og 21. ágúst.

Athugið að aðeins 18 komast að á hvert námskeið.

Frekari upplýsingar og skráning

Sími 553-0000 - worldclass@worldclass.is - Sundlaugavegi 30a



FRÁ SLYSSTAÐ Lesturvagnarnir hrúguðust upp við áreksturinn og köstuðust yfir á teinana við hliðina. Að minnsta kosti 128 manns fórust.

Þriggja lesta árekstur í suðurhluta Pakistan:

Mannskæðasta slys í meira en áratug

PAKISTAN, AP Þrjár járnbrautarlestar rákust saman í suðurhluta Pakistan í gærmorgun, með þeim afleiðingum að minnst 128 manns fórust og hundruð slösuðust. Svo virðist sem einn lestarstjórinn hafi mislesið umferðarljós og ekið aftan á kyrrstæða lest með fyrrgreindum afleiðingum. Nokkrir lestarvagnar köstuðust yfir á teinana við hliðina sem lest úr gagnstæðri átt lenti á. Slysio er það mannskæðasta sem orðið hefur í landinu í meira en áratug. „Aðkoman var hryllileg,“ sagði

Agha Mohammed Tahir, lögreglustjóri héraðsins þar sem slysio varð. Hann sagði 128 manns hafa farist, þar á meðal þrjá sem létust af sárum sínum á sjúkrahúsi í borginni Ghotki.

Slysio varð snemma morguns í grennd við Ghotki, sem er um 600 km norðaustur af hafnarborginni Karachi.

Járnbrautakerfi Pakistans er úr sér gengið og slys eru tíð. Í júní 1991 fórust yfir 100 manns við Ghotki, er yfirfull farþegalest ók á kyrrstæða flutningalest. -aa

Nýjar íslenskar kartöflur komnar í verslanir:

Seldust upp á nokkrum klukkustundum

NEYTENDUR Fyrsta uppskera ársins af nýjum íslenskum kartöflum úr Þykkvabænum sem komu í verslanir á höfuðborgarsvæðinu í gærmorgun klárðuðust úr hillum verslana á nokkrum klukkustundum.

Um lítið magn var að ræða enda þurfa bændur að tjalda ýmsu til að koma vöru sinni þetta snemma á markaðinn. Margir biðu greinilega óþreyjufullir og voru nýju kartöflurnar horfnar aftur fljótlega eftir hádegi í þeim verslunum sem þær buðu.

Neytendur þurfa þó ekki að örvænta. Meira magn mun berast í verslanir í dag og næstu daga og ættu því allir sem vilja að fá nóg og óþarfi að óttast frekari skort.

Sigurbjartur Pálsson, kartöflubóndi að Skarði, segir að uppskeran sé góð miðað við árfærði fyrr í vor og segir þess ekki langt að bíða að hægt verði að taka upp mun meira magn en nú er. „Ekki vantar eftirspurnina og ekki skemmir fyrir að við bændur fáum mun betra verð fyrir nýja uppskeru og ekki veitir af.“



NÝ UPSKERA TIL NEYTENDA Fjölmargir bíða árlega eftir nýjum íslenskum kartöflum en fyrsta uppskera kartöflubænda kom samdægurs í búðir á höfuðborgarsvæðinu.

-aæ

TILBÚNIR TIL AFHENDINGAR

Nú er ekki eftir neinu að bíða!



Höfum einnig nokkrar gerðir af TEC hjólhýsum tilbúna til afhendingar strax.

JOINT

Eigum örfáa Joint - j 148
lágþekjubíla tilbúna á götuna
Verð 3.990.000.-

Tjaldvagnaland

SEGLAGERÐIN ÆGIR

Ópíð: Föstudag 10 - 18 Laugardag 12 - 16

EYJARSLÓÐ 5-7 • SÍMI 511 2203 • www.seglagerdin.is



Veislan er að hefjast!



Úlfar á 3 FRÖKKUM mælir með hrefnulundum:

- Skerðu ferskar lundirnar í sneiðar, alls ekki meira en 0,5 til 1 cm á þykkt.
- Aldrei meiri steiking en „Medium Rare“ eða „Rare“, 36 sek. á annarri hliðinni og 32 á hinn!
- Ekki krydda of mikið.
- Pönnusteiking á sjóðheiti pönnu eða á grillið: dýfa lundinni í grill- eða steikarolíu og strjúka svo af mest af olíunni.
- Hrefnulundirnar eru líka frábærar hráar sem forréttur, með japanskri Kikkoman sojaolíu.

Njótið vel. Úlfar Eysteinnsson á 3 FRÖKKUM.

Farðu nýjar leiðir og prófaðu ferskar sérvaldar hrefnulundir á grillið eða á pönnuna.

Nýtt og sérvalið, safaríkt og lungamjúkt á tungu; þú finnur vart betra hráefni og máltíðin verður upplifun. Meistarakokkarnir mæla með hrefnulundum í veisluna – og svo eru þær þægilegar í matreiðslu.

Ekki bíða með veisluna, veiðunum lýkur 15. ágúst.

Kodak EasyShare C300

- 3,2 milljón pixla
- 5 x stafrænn aðdráttur
- Kodak linsa
- 1,5" skjár
- Tekur video
- Auðveld í notkun

• Verð: **9.900 kr**



1.980 kr.
á mánuði*

SUMARTILBOÐ

Kodak EasyShare LS755

- 5 milljón pixla
- 3 x optískur og 5 x stafrænn aðdráttur
- Schneider linsa
- Frábær 2,5" skjár
- Lithium Ion rafhláða
- Tengistöð fylgir
- 22 tökustillingar

• Verð: **34.900 kr**

• Verð áður ~~39.900 kr~~



6.980 kr.
á mánuði*

Kodak EasyShare LS743

- 4 milljón pixla
- 2,8x optískur og 3,6x stafrænn aðdráttur
- Schneider linsa
- 1,8" skjár
- Video með hljóði
- Lithium Ion rafhláða og hleðslutæki
- Lítil og nett

• Verð: **24.900 kr**



4.980 kr.
á mánuði*

www.hanspetersen.is

HANS PETERSEN



* Verð miðast við léttgreiðslur Visa eða Euro til fimm mánaða

Vinsældir útvarpsstöðva í júní:

Bylgjan vinsælust í borginni

FJÖLMIÐLAR Rás tvö og Bylgjan njóta jafnmikillar hylli meðal landsmanna samkvæmt fjölmiðlakönnun IMG Gallup sem gerð var dagana 9. til 15. júní síðastliðinn.

Könnunin leiðir þó í ljós að munur er á kynjunum hvað hlustun varðar. Konur hlusta meira á Bylgjuna og karlar meira á Rás tvö. Um 64% kvenna hlustuðu á Bylgjuna í könnunarvikunni og 57% karla, meðan 55% kvenna hlustuðu á Rás tvö og 66% karla.

Þá er nokkur munur á vinsældum útvarpsstöðva eftir því hvort horft er til hlustunar á landinu öllu, eða bara á höfuðborgarsvæðinu, því margar stöðvar nást ekki nema þar.

UPPSÖFNUM HLUSTUN Á ÚT- VARPSSTÖÐVAR 9. TIL 15. JÚNÍ 2005:*

Útvarps- stöð	Höfuðborgar- svæðið	Landið allt
Bylgjan	59,0%	60,4%
Rás 2	54,3%	60,5%
Rás 1	40,8%	44,0%
FM 957	31,2%	29,8%
Létt	27,5%	23,6%
Talstöðin	18,9%	14,7%
X-ið	18,6%	13,2%
Kiss FM	17,7%	12,9%
Saga	16,1%	13,0%
XFM	12,9%	9,4%

*Heimild: IMG Gallup

Bylgjan nýtur mestar hylli á höfuðborgarsvæðinu, en á eftir henni

koma svo stöðvar Ríkisútvarpsins. Talstöðin er með 19% hlustun á höfuðborgarsvæðinu og er þar komin upp fyrir útvarpsstöðina Sögu sem á sama svæði er með 16% uppsafnaða hlustun í könnunarvikunni. Báðar stöðvar leggja megináherslu á talað mál.



PORGEIR ÁSTVALDSSON Porgeir tengist báðum vinsælustu stöðunum, hann stýrði Rás 2 í upphafi og er nú á Bylgjunni.

-óka



SUMARBÚSTAÐUR Í GRÍMSNESI Útlit er fyrir að Grímsnes- og Grafningshreppur láti á það reyna hvort skipulags- og byggingarlög verði nýjum lögheimilislögum yfirsterkari. Sveitarstjórnin þar vill setja skilyrði fyrir því að menn fái lögheimili þar í frístundabyggð.

Æ fleiri vilja skrá sig í sumarhús

Mikil eftirspurn er eftir því að fá lögheimili skráð í frístundabyggðum í uppsveitum Árnassýslu. Eitt sveitarfélaganna vill setja skilyrði fyrir lögheimilisveitingu. Lögfræðingur Sambands íslenskra sveitarfélaga segir ekki heimild fyrir slíku.

SVEITARSTJÓRNARMÁL Skipulagsnefnd sveitarfélaga í uppsveitum Árnassýslu hefur lagt til að ekki verði veitt leyfi til lögheimilis í frístundabyggð nema að umsækjandi færi fram sannanir fyrir fastri búsetu sinni. Skal það gert með lögregluskýrslu þar sem umsækjandi færir einnig rök fyrir því að hann vilji búa í frístundabyggð. Standi húsið inni á frístundasvæði verði umsækjandi að sækja um að aðalskipulagi fyrir löðina sem heimilið er á verði breytt.

Sveitarstjórn í Grímsnes- og Grafningshreppi hefur skrifað undir þessi tilmæli enda hafa sveitarfélaginu þegar borist umsóknir um lögheimili í frístundabyggð síðan dómur féll í Hæstarétti í maí síðastliðnum sem heimilar að menn hafi lögheimili

sitt í sumarbústað sé hann íbúðarhæfur allan ársins hring.

„Við eru alls ekki á móti því að fá fólk í sveitarfélagið en við vinnum eftir skipulags- og byggingarlögum og það eru fjölmargir sumarhúsaeygendur ósáttir við íbúabyggð í frístundabyggð,“ segir Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri.

Ísólfur Gylfi Pálmason sveitarstjóri í Hrunamannahreppi segir að þar hafi menn ekki farið varhluta af áhuga fólks á að flytja lögheimili sitt þangað. Hann segir að sveitarfélagið sé ekki í stakk búið til að veita íbúum þá þjónustu sem því ber skylda til ef íbúum með lögheimili þar fjölgi. Hann segir að sveitarstjórnin sé að ræða það hvernig bregðast megi við þessari eftirspurn.

Trausti Fannar Valsson, lög-

fræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem einnig á sæti í starfshópi á vegum félagsmálaráðuneytisins sem ræðir áhrif dómsins á þjónustuhlutverk sveitarfélaga, segir að eins og sakir standa hafi sveitarfélögin ekki heimild til þess að setja skilyrði fyrir lögheimilisveitingu.

Hann bendir hins vegar á að dómurinn gangi gegn ákveðnu forræði sem sveitarfélögin hafa samkvæmt skipulags- og byggingarlögum til að skipuleggja byggð. Samkvæmt þeim lögum getur sveitarfélag ákveðið að á einum stað eigi að vera sumarhúsaeyggð sem ekki verði nýtt til fastrar búsetu.

jse@frettabladid.is

Lyfjagagnagrunnur Landlæknisembættisins:

Hert eftirlit hefur kannski ýtt undir fleiri ránstilraunir

LYFJAMÁL Eftir að lyfjagagnagrunnur Landlæknisembættisins var tekinn í gagnið hefur tekist að sjá út að einhverju leyti hverjir eru stórneytendur á ávanabindandi, ávísunarskyld lyf og gera læknum viðvart.

Matthías Halldórsson aðstoðarlandlæknir segir reynsluna af notkun gagnagrunnsins góða hingað til og að hann verði til þess að einfaldara verður að fylgjast með því að ávísunarskyld lyf verði ekki misnotuð. Með tilkomu grunnsins er einnig auðveldara að koma í veg fyrir-

ir að hægt sé að nálgast lyf með fölsuðum lyfseðlum. Matthías tekur þó fram að grunnurinn sé ekki til þess ætlaður að embætti Landlæknis sé með nafið ofan í hvers manns koppi og því sé ekki gripið til sérstaks eftirlits eða

áðgerða nema fyrir því sé góð ástæða, til dæmis sé eðlilegt að krabbameinlæknar skrifi upp á mikið af morfinskyldum lyfjum.


Matthías segir sig gruna að ef til vill megi rekja fjölgun rána og ránstilrauna í apótekum að undanförunu, þar sem lyfja er krafist, til þess að nú sé erfiðara að fá lækna til að skrifa upp á lyf til þeirra sem vitað er að misnota þau.

- óa



MATTHÍAS HALLDÓRSSON Aðstoðarlandlæknir segir að ef til vill sé hert eftirlit ástæða fyrir fjölgun rána í apótekum.

Skemmtileg útilega þarf ekki að kosta mikið



Gelert Candiz rúmgott
6 manna tjald með tveim
svefnholum.

Ytra tjald: 190T polyester
með PU vörn

Botn: Úr vatnsheldu polyethylene

Innra tjald: 460x240x180 cm

Þyngd: 11 kg



Vandaðar útilegu vörur
á ótrúlegu verði

1.999 kr



14.999 kr

Verð áður 19.999



Útilegustóll
m/glasahaldara

999 kr

Ferðagasgrill

3.999 kr

Verð áður 5.999



Útileguhægindastóll

Einfaldur og sterkur bekkur sem er settur
saman með einu handtaki. Niðsterkt og
vatnsvarið teflonhúðað nylon, stálgrind.

2.999 kr



499 kr

Útilegulampi



499 kr

Brauðrist
fyrir 4 brauðsneiðar



499 kr

Ferðakoddi
þægilegur, fyrirferðalítil og mjúkur



1.999 kr

Vindsæng tvöföld
195 x 140 x 20 cm



1.999 kr

Bakpoki 20 ltr.
polyester m/brúsa



1.499 kr

Bakpoki 18 ltr.
polyester

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Nýtt
kortatímabil

„ORÐRÉTT“

„Mig langar til þess að færa landsmönnum málverkið á nýjan leik og vil frekar mynda tengsl við almenning en listaeltuna.“

EINAR HÁKONARSON LISTMÁLARI Í FRÉTTABLAÐINU.

„Það hefur aldrei verið ætluð borgaryfirvalda að fara illa með starfskonur sem hafa unnið hjá okkur í tugum ára. Þannig að þetta er mis-skilningur sem verður leiðréttur.“

STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR BORGARSTJÓRI Í MORGUNBLAÐINU.

tilveran

nær og fjær

HALTUR LEIÐIR BLINDAN: PÓSTKORT FRÁ BJARKA OG GUÐBRANDI

Farnir að telja niður

Ganga okkar hringinn í kringum landið er nú hálfuð og rétt rúmlega það. 24 dagar að baki og 22 dagar eftir. Við erum því farnir að telja niður sem er góð tilbreyting frá því sem áður var. Í gær gengum við upp á Möðrudalsöræfin og komum að Ármótaseli upp úr hádegi. Veðrið leikur við okkur, sól og blíða á öræfunum og gott að vera hér. Talsverð umferð er hér um slóðir, og þarf ekki að undra að ferðamenn komi hingað í stað þess að kúlðrast undir skjúnunum á suðvesturhorninu. Í Sæmundarseli fengum við okkur kaffi og með því í gær og er óhætt að mæla með lumm-



unum þar. Við gistum hins vegar á Skjöldólfsstöðum því þar er sundlaug. Við reynum alltaf að gista þar sem laugarnar eru svo við getum látið þreytuna líða úr okkur fyrir svefninn.

Á þriðjudag fórum við upp að Kárahnjúkum og það var einstaklega gaman að berja þessar miklu framkvæmdir augum þrátt fyrir hvassviðri og moldrok.

Í dag göngum við frá Ármótaseli að Möðrudal og fikrum okkur svo niður í Mývatns-sveitina skref fyrir skref á næstu dögum.

Kveðja, Guðbrandur og Bjarki.

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



Ný tromla*
Miele fer betur
með þvottinn
*einkaleyfi Miele

Miele W405 þvottavél
Verð áður kr. 128.428

Tilboð:
kr. 89.900

Miele T233C þurrkari
barkalaus

Verð áður kr. 115.400

Tilboð:
kr. 80.781

Miele T223 þurrkari
fyrir útblástur

Verð áður kr. 98.800

Tilboð
kr. 69.160

Miele



Miele
þvottavélar,
þurrkarar
og ryksugur
á einstöku
tilboðsverði

30%
afsláttur

Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur Miele heimilistækin í einni glæsilegustu heimilistækjaverslun landsins.

EIRVÍK

– hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík
Sími 588 0200 - www.eirvik.is

Miele S381 Tango Plus ryksuga
með 1800W mótór
Verð áður kr. 21.300

Tilboð:
kr. 14.910

Miele Tango ryksugur, Miele W405 þvottavél
ásamt Miele T233C og Miele T223 þurrkurum fást
nú hjá eftirtöldum aðilum á tilboðsverði.

GEISLI

Flötum 29, Vestmannaeyjum

Tilboðið gildir á meðan birgðir endast.

LJÓSGJAFINN

Glerárgötu 34, Akureyri



ÞÓRÓLFUR ÁRNASON Forstjóri Iceland Group. Bindislaus og með hálsinn beran.

Bindin á útleið

Þeim fjölga sífellt körlunum í viðskiptalífnum sem ekki nota bindi við dagleg störf sín. Ásgeir í herra-fataversluninni Hjá Andrésí segir tiskuna ganga í hringi og veit fyrir víst að bindin koma aftur seinna.

Sú var tíðin að hver einasti karlmaður sem kom nálægt viðskiptum af einhverjum toga bar bindi um hálsinn. Sú tíð er liðin. Æ algengara er að karlmenn gangi bindislausir og þá jafnan með efstu og jafnvel tvær efstu skyrtutölurnar hnepptar frá.

Ásgeir Höskuldsson, kaupmaður í herra-fataversluninni Hjá Andrésí, segir áberandi hversu karlar eru miklu frjálsglegri í klæðaburði en var og telur ekki nokkra ástæðu til amast yfir þróuninni. „Það sem skiptir máli er að maðurinn sé í heild sinni smekklega klæddur,“ segir Ásgeir. Hann þekkir það líka af reynslunni að tiskan gengur í hringi; allt kemur aftur. „Bindin koma aftur,“ segir Ásgeir sem sjálfur er vanalega bindislaus í vinnunni en hnýtir þau um hálsinn við finni tækifæri.

Guðbjörg Sigurðardóttir fylgist vel með klæðaburði fólks og hefur gagnrýnt buxna- og flíspeysuklæðnað kvenna í Frétt-



SKIL ÞÁ VEL Guðbjörg Sigurðardóttir áhugakona um klæðnað.



BINDIN KOMA AFTUR Ásgeir Höskuldsson kaupmaður.

blaðinu. Hún skilur karlana í viðskiptunum vel. „Ég held að það sé ósköp þægilegt fyrir þá að vera án bindis,“ segir hún en leggur áherslu á að henni þyki karlmenn almennt finni og virðulegri með fallegt bindi um hálsinn.

„Mér þykja bæði Kári Stefánsson og Jón Ásgeir afskaplega smart. Kári á bolnum undir jakkanum og Jón svona frjálsglegur með fráhneppta skyrtuna og síða hárið,“ segir Guðbjörg.

bjorn@frettabladid.is



ÚTGEFANDINN Sigurður C. Guðjónsson, lögmaður og einn eigenda Blaðsins, er jafnan bindislaus.



RAGNAR ÖUNNDARSON Framkvæmdastjóri Kreditkorts.



GAMLI OG NÝI TÍMINN Feðgarnir Þórður Magnússon og Árni Oddur Þórðarson.



BAUGUR ÁN BINDIS Jón Ásgeir Jóhannesson forstjóri og Hreinn Loftsson stjórnarformaður.



SEX KARLAR – EITT BINDI Frétt Morgunblaðsins um nýja stjórn FL Group.



NORÐANMENN Baldur Guðnason, forstjóri Eimskips, og Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja.




Select

Náðu þér í meistaragrill á safaríku tilboði

Sterkt fyrir íslenska veðráttu

Háþróað fyrir betri eldamennsku

Ódýrt fyrir heimilisbudduna



Sterling gasgrill

22.599 kr.

fullt verð **26.999 kr.**



Með hverju grilli fylgir
Propane Genius
gasmælir sem lætur þig
vita í tæka tíð áður en
gasið er búið

Það borgar sig að vera fljótastur á staðinn því þessi grill seljast upp. Grillin eru til sölu í öllum Selectverslunum og á Shellstöðinni Akranesi.

Ef keypt er grill fæst **25% afsláttur** á öðrum grillvörum í versluninni s.s. yfirbreiðum, grilltöngum, grillburstum o.fl.


*Tilboðið gildir til og með 24. júlí eða á meðan grillbirgðir endast.

Shell - með þér alla leið



ÓSKALISTINN Í VEGAMÁLUM

DÝRUSTU VERKEFNI SEM KALLAÐ ER EFTIR



baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: VEGGJALD OG EINKAFRAMKVÆMD Í VEGAMÁLUM

Veggjald fyrst innheimt á Keflavíkurvegi

Sjaldan hefur verið jafn mikið rætt um að setja vegaf framkvæmdir í einkaframkvæmd og nú um stundir. Þó að lítið hafi verið um slíkar framkvæmdir hér eru um fjórir áratugir síðan veggjald var fyrst innheimt á Íslandi. Hvenær var veggjald fyrst innheimt? Íslendingar þurftu fyrst að greiða veggjald fyrst eftir að Keflavíkurvegurinn var innheimt-ur. Þá var sett upp skýli nærri Straumsvík þar sem veggjalddið var innheimt. Hvar er veggjald innheimt nú? Veggjald er aðeins innheimt á einum stað á Íslandi í dag, í Hvalfjarðargöngum þar sem stakar ferðir fólksbíla kosta þúsund krónur en verðið fer niður í 270 krónur á ferð séu hundrad ferðir keyptar í einu. Hvaða hugmyndir eru um einkaframkvæmd? Þeir sem talað hafa fyrir Vaðlaheiðargöngum segja þau einu göngin á Íslandi, utan Hval-



fjarðarganganna, sem væri hægt að fjármagna með veggjaldi. Þó gera þeir ráð fyrir aðkomu ríkisins með niðurfellingu virðisauka-skatts og 500 milljóna framlagi. Hugmyndir voru reifaðar um veg um Arnkötludal og Gautsdal milli Hólmavíkur og Gilsfjarðar.

Einnig hefur verið talað um Norðurveg sem styttri leiðina milli Akureyrar og Reykjavíkur um allt að 80 kílómetra. Einnig hefur verið orðað að byggja Sundabraut í einkaframkvæmd en enn hafa fáir ljáð máls á því að innheimta veggjald þar.

SPURT & SVARAÐ
HEILSÁRSVEGUR UM KJÖLANDRI TEITSSON
stjórnarformaður Norðurvegur

Góð málamiðlun

Nýr vegur um Arnarvatnsheiði og Stórasand, eins og hugur Norðurvegsmanna stefndi til í upphafi, hefði stýtt leiðina á milli Akureyrar og Reykjavíkur um 81 kílómetra. Heilsársvegur um Kjöl stýttir leiðina um 35 km.

Er það ásættanleg stytting?

Með tilliti til þess mótbyrs sem verkefnið fékk þá teljum við svo vera auk þess sem þessi útfærsla stýttir leiðina á milli Norður- og Suðurlands um fjórðung. Þar að auki benda gögnin sem við höfum í höndum til þess að þetta sé heldur ódýrari leið og því góð sáttlausn.

Verður Kjalvegur þynnr í augum Blönduós-búa og Skagfirðinga?

Í Árnassýslu er um 20 þúsund manna frístundabyggð og með góðum vegi um Kjöl tekur ekki nema eina og hálf til tvær klukkustundir fyrir þetta fólk að skella sér norður í Skagafjörð og Austur-Húnavatnsýslu. Heilsársvegur um Kjöl skapar því ótal ný sóknarfæri fyrir ferðaþjónustu í Skagafirði og á Blönduósi og því á ég ekki von á öðru en Skagafirðingum og Húnavatningum fagni þessum áformum.

Hversu há verða veggjöldin?

Það liggur ekki fyrir en þó má gera ráð fyrir að þau verði svipuð og í Hvalfjarðargöngum eða um 1000 krónur fyrir staka ferð. Þeir sem kaupa 10 eða 20 ferðir fá verulegan afslátt og stórnotendur enn meiri afslátt. Sparnaður okumanna verður því umtalsverður kjósi þeir að nota veginn. Framkvæmdin verður fjármögnuð með lánsfé að stærstum hluta og því ráðast veggjöldin að hluta til af þeim kjörum sem banka-stofnanir bjóða okkur.

Víðtæk samstaða um heilsársveg yfir Kjöl

Norðlendingar hafa horfið frá umdeildum áformum um hálendisveg yfir Stórasand en ætla þess í stað að taka höndum saman við Sunnlendinga um gerð heilsársvegur yfir Kjöl. Veggjöld eiga að standa undir kostnaði við framkvæmdina og líst samgönguráðherra vel á hugmyndina.

Hlutfélagið Norðurvegur ehf. var stofnað í febrúar síðastliðnum með að markmiði að undirbúa gerð heilsársvegur yfir Arnarvatnsheiði og Stórasand. Vegurinn hefði stýtt ak-

KRISTJÁN J. KRISTJÁNSSON
BLAÐAMAÐUR

leiðina á milli Akureyrar og Reykjavíkur um 81 km og grófleg kostnaðaráætlun hljóðaði upp á 5,5 milljarða króna. Framkvæmdin átti að vera í höndum einkaaðila, fjármögnuð að mestu leyti með lánsfé sem greitt yrði til baka með innheimtu veggjalda.

Gerð nýs hálendisvegur um Arnarvatnsheiði og Stórasand var ekki að skapi samgönguyfirvalda en í samgönguáætlun er gert ráð fyrir uppbyggingu fjögurra hálendisvega: Um Kaldadal, Sprengisand, Fjallabaksleið nyrðri og Kjöl. Hugmyndin mætti einnig andstöðu Skagfirðinga og Blönduós-búa sem töldu að ferðaþjónusta á svæðinu missa spón úr aski sínum vegna minni umferðar og eins þótti ýms-um orka tvímælis að vegurinn átti að liggja um Þjóðgarðinn á Þingvöllum. Í því sambandi benti sveitarstjórn Bláskógabyggðar á að í aðalskipulagi Þingvallasveitar komi fram að hvers konar flutningar á olíu, bensíni og öðrum mengandi efnum séu ekki heimilaðir um Þjóðgarðinn. Sveitarstjórn Bláskóga-

byggðar skoraði því á norðanmenn að endurskoða tilgang Norðurvegur og skoða heldur þá kosti sem fælust í heilsársvegi um Kjöl.

Taka höndum saman

Stjórn Norðurvegur mat svo að andstaðan við Stórasandsveg væri of mikil til að framkvæmdin yrði að veruleika í náinni framtíð. Því hafa norðanmenn og Sunnlendingar nú tekið höndum saman; tilgangi Norðurvegur ehf. verður breytt í september og félagið gert að undirbúningsfélagi um gerð heilsársvegur yfir Kjöl, sem fjármagnaður verði með lánsfé og rekinn með veggjöldum. Sunnlendingar, með Kjartan Ólafsson þingmann í fylkingarbrjósti, eru að safna hlutfé á Suðurlandi sam lagt verður í Norðurveg ehf. og líklega verður nafni félagsins breytt í Kjalveg ehf.

Stofnahlutfé Norðurvegur var 11 milljónir króna og er Kaupfélag Eyfirðinga stærsti hluthafinn með fimm milljónir króna. Þar á eftir kemur Akureyrarbær með þrjár milljónir króna og Hagar með tvær milljónir króna en gert er ráð fyrir að hlutfjárframlag Sunnlendinga verði um 10 milljónir króna.

Frá Reykjavík verður ekið um núverandi veg um Hellisheiði og Hveragerði, upp í Grímsnes, fram hjá Gullfossi og inn á Kjöl en þar er nú þegar vegur sem opinn er yfir sumartímann. Sumarvegurinn verður byggður upp og gerður að 7,5 metra breiðum heilsársvegi með bundnu slitlagi og hann tengdur hringveginum með nýjum vegi frá Blöndulóni að Þjóðvegi 1 í botni Skagafjarðar, nærri Silfrastöðum.

Kjartan Ólafsson segir Selfyssinga og uppsveitamenn mjög áhugasama um gerð heilsársvegur yfir Kjöl. „Vegurinn tengir saman Suður- og Norðurland og stýttir leiðina á milli Selfoss og Akureyrar um 110 kílómetra; úr 420 kílómetrum í 310 kílómetra. Kjalvegur hefur nú þegar verið byggður upp að sunnan og norðanverðu en eftir á að endurbæta innan við 100 km kafla. Við höfum látið verktaka gera kostnaðaráætlun og samkvæmt henni kostar uppbygging þess vegarkafala 1,2 milljarða króna og vegurinn í heild ekki nema ríflega þrjár milljarða króna. Hæst fer vegurinn hátt í 700 metra yfir sjávarmál og því nauðsynlegt að skoða vel veðurfarsgögn með tilliti til snjóalaga en staðkunnugir



KJALVEGUR Heilsársvegur verður byggður þar sem nú er sumarvegur um Kjöl en nýr vegur byggður frá Blöndulóni að Þjóðvegi 1 í botni Skagafjarðar.

telja að snjóþyngsl verði ekki alvarlegt vandamál,“ segir Kjartan.

Afstæða samgönguyfirvalda

Einkaaðilar ráðast ekki í gerð heilsársvegur um Kjöl nema með vilyrði ríkisins. Sturla Bóðvarsson samgönguráðherra var ekki hrifinn af áformum Norðurvegur um veg yfir Stórasand og Arnarvatnsheiði en honum líst betur á heilsársveg yfir Kjöl. „Hugmyndin hefur lauslega verið kynnt fyrir mér og þó svo ég eigi eftir að sjá frekari gögn þá líst mér mjög vel á það sem ég hef séð og er tilbúinn að ræða við þá aðila sem að þessu máli koma. Hugmyndin er í samræmi við samgönguáætlun og ég tel ekki ólíklegt að af framkvæmdinni geti orðið. Stjórnvöld hafa hins vegar ekki tekið neina afstöðu til þess hvort þau komi að

fjármögnun framkvæmdarinnar og ekki er gert ráð fyrir að settir verði fjármunir í þetta verkefni á næstu fjórum árum,“ segir Sturla.

Að mati Kjartans Ólafssonar styrkist ferðaþjónusta og verslun á Suðurlandi með tilkomu heilsársvegur yfir Kjöl en Helga Halldórsdóttir, forseti bæjarstjórnar Borgarfjarðar, segist ekki hafa miklar áhyggjur þó umferð minnki um Borgarfjörð. „Í aðalskipulagi fyrir Borgarnes er gert ráð fyrir því að núverandi vegur verði fluttur út fyrir byggðina og þó sú framkvæmd sé ekki tímasett þá er hún fyrirsjáanleg. Verslun og ferðaþjónusta í Borgarfjarðar byggir að stærstum hluta á frístundabyggð í Borgarfirði og umferð vestur á Snæfellsnes og um Vestfirði,“ segir Helga. ■

Talstöðin
FM 90,9

STURLA BÓÐVARSSON Var ekki hlynntur gerð nýs hálendisvegur yfir Stórasand en líst vel á hugmyndir um heilsársveg yfir Kjöl.



KJARTAN ÓLAFSSON Sunnlendingar eru mjög áhugasamir um gerð heilsársvegur yfir Kjöl.

ÚTSALA ÚTSALA

Komdu og prúttaðu og gerðu góð kaup!*

40.000,-
VERDLÆKKUN!

Aðeins
26
stk.

50.000,-
VERDLÆKKUN!

40.000,-
VERDLÆKKUN!

Aðeins
13
stk.

Aðeins
6
stk.

Fartölva
• Intel örgjörvi 1,4 Ghz
• 60 GB harður diskur
• DVD skrifari
• Windows XP Pro **Verð 79.900,-**

Skjávarpí EPSON®
• SVGA upplausn (800 x 600)
• Styður XGA í þjöppun (1024 x 768)
• 1200 ANSI Lumens **Verð 49.900,-**

Fartölva
• Amd Mobile A2800+ örgjörvi
• 40 gb diskur
• DVD combo drif
• Windows XP pro **Verð 79.900,-**

50%
AFSLÁTTUR!

Aðeins
Örfá
eintök

Aðeins
Örfá
eintök

Aðeins
Örfá
eintök

EPSON®
Laserprentari
EPL-6200
Verð 9.900,-

hp FUJITSU COMPUTERS SIEMENS
Flatskjáir
Verð frá 19.900,-

hp FUJITSU COMPUTERS SIEMENS
Túpuskjáir 19"
Verð frá 4.900,-

20.000,-
VERDLÆKKUN!

Aðeins
Örfá
eintök

FRÁBÆRT
VERÐ!

EPSON®
Prentari
Stylus color R800
Verð 24.900,-

hp
Laserprentari 1020
Verð 14.900,-

DYMO
Límniðaprentari
Verð 4.900,-
Verð áður 16.900,-

30.000,-
VERDLÆKKUN!

20%
AFSLÁTTUR!

ÓTRÚLEGT
VERÐ!

SMIT
Flettitafla
Verð 29.900,-

hp
Lófátölvur
Verð frá 23.920,-

SMIT
Tússtafla 120x300
Verð 19.900,-

Alltaf
ódyrastur!


Tilboðin gilda aðeins í Office 1 Skeifunni 17
Afgreiðslutímar
Office 1 Skeifunni 17
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-16

Office 1 Superstore

*af prúttborði

Tilboðin gilda í júlí 2005 eða á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um myndbrengril og prentvillur.

ÞJÓÐHAGSLEGUR SPARNADUR PRÓSENT AF VERGRI LANDSFRAMLEIÐSLU 1960-2006



Heimild: HAGSTOFA ÍSLANDS OG SEÐLABANKI ÍSLANDS

neytendur

og hagur heimilanna



Fáir fylgja reglum um vöruskil

Aðeins 24 fyrirtæki í landinu nota leiðbeinandi skilaréttarreglur þær sem lðnaðar- og viðskiptaráðuneytið setti á fyrir tæpum sex árum. Voru reglurnar settar til að samræma verklagsreglur um skilarétt viðskiptavina verslana og þjónustu og gerðar í samvinnu við marga aðila. Taka þær til skilaréttar, skilafrests, gjafamerkjja- og bréfa, útsöluvöruskila og inneignararmótta og eiga að tryggja að heildarleiki og ábyrgð séu í fyrirrúmi. Skuldbinda til að mynda þær verslanir sem þátt taka sig til að taka mót ógölluðum vörum sé þeim skilað innan fjórtán daga frá kaupum.

Ekkí hefur átakið borið ávöxt að ráði samkvæmt lista sem Neytendasamtökin halda saman um þau fyrirtæki sem þátt í því taka en um 24 fyrirtæki er að ræða.

* Adams Smáralind
* BT
* Blanco y negro
* Bókabúð Máls og menningar
* Penninn-Eymundsson
* Daman
* Debenhams
* Dressmann
* Exit
* Griffill
* Hagkaup
* Iljaskinn

* Jack & Jones
* Kokka
* Office1
* Rammagerðin
* Selected
* SonyCenter
* Shoe Studio
* Topshop
* Útilíf
* Vero Moda
* Vila
* Zara

GRÍÐARLEG NOTKUN DEBETKORTA HJÁ LANDANUM:

Keypt fyrir 165 milljarða

Íslendingar keyptu sér vörur og þjónustu með debetkortum á síðasta ári fyrir tæpa 165 milljarða króna samkvæmt tölum Reiknistofu bankanna. Kemur margt forvitnilegt í ljós þegar rennt er yfir umræddar tölur. Algengast er að fólk noti debetkort sín til að greiða fyrir upphæðir frá þúsund krónum og upp í 2.500 krónur. Aðeins rúm tólf prósent allra færsla eiga við um hærri upphæðir en fimm þúsund og ljóst að við dýrari kaup en það nýta flestir sér kreditkort og dreifa þannig greiðslum eða staðgreiða vörur með peningum. Athyglisvert er einnig að töluverður fjöldi notar debetkort til að greiða fyrir vörur sem kosta minna en hundrað krónur. Reyndust tæp 265 þúsund

slíkar færslur færðar til bókar hjá RB á síðasta ári eða samtals rúmar 20 milljónir króna. Að sama skapi voru 107 þúsund færslur vegna hærri kaupa en hundrað þúsund og nam heildarupphæð þeirra viðskipta alls rúmum 41 milljarði árið 2004. -aöe

GÜMMÍKENND DEBETKORT

Oft er talað um að vegna gríðarlegrar neyslu margra Íslendinga séu kort þeirra orðin mjúk og gúmmíkennd af notkun. Á síðasta ári notuðu Íslendingar debetkort alls 45 milljón sinn- um eða sem nemur rúmlega 160 færslum á hvert mannsbarn í landinu.



Útihátíðir að renna sitt skeið?

Nú styttest í mestu ferðahegri ársins um Verslunarmannahelgina sem er í fyrra laginu þetta árið. Minna hefur farið fyrir auglýsingum vegna viðburða og útihátíða sem fram fara en oft áður enda er það mat margra að þeim fari fækkandi sem sækja slíkar samkomur sérstaklega.

Þetta árið er hefðbundið að flestu leyti. Stóru samkomurnar fjórar verða allar haldnar aftur. Ein með öllu á Akureyri, Neistaflug á Neskaupsstað, bindindismótið í Galtalæk og Þjóðhátíð í Eyjum auk fjölmargra minni víða um land. Sérstakur aðgangseyrir er innheimtur í

Galtalæk og í Eyjum en annars staðar greiða gestir aðeins fyrir að sækja tónleika eða aðra stærri viðburði. Sé litið til þess hve eldsneytisverð hefur hækkað undanfarið er líklegt að fleiri líti til þess en áður.

Hér er lausleg úttekt á nokkrum af hátíðum helgarinnar.

Innipúkinn 2005

- + Einstaklega heppileg hátíð fyrir þá höfuðborgarbúa sem vilja skemmtun um Verslunarmannahelgina án þess að eiga á hættu að vakna í roki og rigningu og einhvern í svefnpokanum sem þú kannast ekki við.
- Dagskráin er inni sem er galli ef veðurguðir sýna sitt rétta ljós. Þess utan eru þær hljóm-sveitir sem stíga á stökk afar misjafnar og ólíklegt að þær hitti allar í mark hjá öllum.

Aðalnúmer: Mugison, Singapore Sling, Trabant, Hjálmar. **Verð báða dagana:** 3.900 **Sjá nánar:** innipukinn.com

Þjóðhátíð í Eyjum 2005

- + Það vita þeir sem reynt hafa að stemmningin í Eyjum er mögnuð þegar best lætur. Fjölbreytt dagskrá að vanda fyrir alla fjölskylduna.
- Það vita einnig margir sem reynt hafa að ekki er hlaupið að því að pakka saman og koma sér á braut ef veður setur slæmt strík í reikninginn. Einnig má gera ráð fyrir að reikningur fyrir því að komast til og frá Eyjum auk miðaverðs sé vart undir 20 þúsundum króna.

Aðalnúmer: Bubbi Morthens, Skítamóral, Í svörtum fötum **Miðaverð:** 8.500 í forsölu, 9.900 annars **Sjá nánar:** dalurinn.is

Álfaborgarsjéns 2005

- + Fámennt en góðmennt. Þetta agnarlitla bæjarfélag tekur stökkbreytingum yfir Verslunarmannahelgina enda þarf ekki mikið til að allt iði af lífi og fjöri.
- Langt að fara. Borgarfjörður eystri er ekki beinlínis í leiðinni fyrir marga enda hefur raunin oftan en ekki verið sú að brottfluttur heimamenn nota þetta tækifæri til að koma aftur og lyfta sér ærlega upp.

Aðalnúmer: Gestirnir sjálfir **Miðaverð:** Greitt fyrir gistingu og á dansleiki **Sjá nánar:** engin heimasíða

Ein með öllu 2005

- + Akureyri er jafnan góð heim að sækja og ekki versnar það þegar margs konar viðburðir eru í boði fyrir gesti og gangandi fyrir utan það sem bærinn hefur venjulega upp á að bjóða.
- Ölvun og sóðaskapur. Ölvun hefur verið mikil síðari ár í miðbænum og sóðaskapur áberandi í kjölfarið. Verið gæti að þetta breyttist enda hafa bæjaryfirvöld hert á reglum um þá sem gista á tjaldstæðum bæjarins.

Aðalnúmer: Fékkst ekki uppgefið **Miðaverð:** Greitt fyrir gistingu og á sérstaka viðburði **Sjá nánar:** engin heimasíða

Bindindismótið í Galtalæk 2005

- + Áningarstaður þeirra sem vilja skemmta sér í vímuefnalausum umhverfi. Öll dagskrá fyrir yngri kynslóðina jafnan góð og margvísleg tækifæri.
- Sé einhverjum enn létt í skapi þegar aðrir ganga til náða verður sá hinn sami að hafa sig hægan ellegar er viðkomandi vísað frá svæðinu. Fremur kostnaðarsamt miðað við lítið úrval hljómsveita.

Aðalnúmer: Love Guru Allstars, Hæsta hendin **Miðaverð:** 5.800 í forsölu **Sjá nánar:** galtalækur.is

Neistaflug 2005

- + Afar metnaðarfull dagskrá og mikið um að vera miðað við stærð bæjarfélagsins. Golfmót og hjólareiðakeppni fyrir þá sem eru fyrir heilbrigða lífshætti. Stórdansleikir og tónleikar á vægu verði með landsþekktum hljómsveitum.
- Töluverður spotti að fara nema um Austfirðinga sé að ræða.

Aðalnúmer: Sálín hans Jóns míns, Papar **Miðaverð:** Allt frítt nema 2.300 krónur á hverja tónleika **Sjá nánar:** neistaflug.is

Síldarævintýrið á Siglufirði

- + Hægt er að svala fortíðarþránni rausnarlega með heimsókn á Siglufjörð. Góð söfn á staðnum, margt og mikið í boði sem tengist sjávarútvegi og mörgu öðru sem Íslendingar hafa fengist við gegnum tíðina.
- Hátíðin hefur verið með svipuðu sniði í nokkur ár og lítið nýtt þar að sjá nema fyrir þá sem ekki hafa upplifað síldarstemningu áður.

Aðalnúmer: Gestirnir sjálfir **Miðaverð:** Frítt að mestu **Sjá nánar:** siglo.is

Margar aðrar hátíðir eru haldnar víða um land þótt með öðru umstangi sé. Hæst ber þar unglíngalandsmót í Vík í Mýrdal. Tvær kristilegar hátíðir verða haldnar á landinu en þær hafa verið vel sóttar. Einnig má búast við gestafjölda á Skagaströnd, Sólheimum, Flúðum, Hellu, við Úlfliótsvatn og í Úthlíð.

The JetRest®
www.thejetrest.com



Ferðalag út
af fyrir sig!

JetRest lúxus ferðapúði,
margverðlaunaður ferðafélagi

Útsölustaðir m.a.:
• Fríhöfn Flugstöð Leifs Eiríkssonar
• Ellingsen Grandagarði • Nýja Skátubúðin Faxafeni 8
• 66°Norður Sjúkælagerðin Faxafeni 12 og Miðhrauni 11
• Remedia Verslun Suðurl.br. 52 • SmáraSkóari Smáralind

• Fiskislóð 26
• Sími: 551 4680
• www.sturlaugur.is

Sturlaugur Jónsson & Co

STURLAUGUR JÓNSSON & CO
80
ára
1925 - 2005

BIOThERM

Sunny Bubbles



SUMARGLAÐNINGUR BIOThERM

Á næsta útsöluastað Biotherm finnur þú fullt af spennandi Biotherm tilboðum.

Töskur með LINE PEEL 50 ml kremi, sem dregur verulega úr hrukkum og gerir litarhátt húðarinnar bjartan og jafnan, ásamt nýja Biosenses Body scrub 40 ml, Body cream 40 ml, sturtusápu 20 ml og 40 ml Happy legs.

Verð: 4.560 - verðmæti 6.960

Taska með HYDRA DETO₂X Fluide 50 ml, augnkremi 5 ml, Happy legs 40 ml og 3 Biosenses vörum (sjá að ofan)

Verð: 3.800 - verðmæti 6.260

Taska með Aquasource krem/geli 40 ml túpu, Eau Vitamine sturtusápu 20 ml, Happy legs 40 ml, Body milk 30 ml og varaglossi 5 ml.

Verð: 2.500 - verðmæti 4.750

Og ekki gleyma að ef þú kaupir 2 vörur, þar af eitt andlitskrem frá Biotherm, þá fylgir þessi flotta stóra sundtaska* með sem kaupauki.

* Meðan birgðir endast, fylgir ekki með öðrum tilboðum.

Gildir til 20. júlí eða á meðan birgðir endast.

Fæst í snyrtivöruverslun Hagkaupa Kringlunni

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

skoðun

SJÓNARMÍÐ
JÓN KALDAL

Tillögur Skipulagsráðs um fleiri háhýsi við Skúlagötuna ganga á lífsgæði íbúa Skólavörðuholts.

Benidorm norðursins

Síðastliðinn föstudag birtist frétt í Fréttablaðinu af því að Skipulagsráð Reykjavíkur hefur samþykkt að augsýna breytingu annars vegar á skipulagi Barónsreits og hins vegar Skuggareits neðar við Skúlagötuna. Þessi litla frétt hvarf óneitanlega í skuggann af stærri atburðum – daginn eftir sprenguárásirnar í Lundúnum.

Þótt fréttir af breyttu skipulagi í höfuðborginni skori ekki hátt á heimsatburðaskalanum voru þarna á ferðinni býsna mikil tíðindi fyrir borgarbúa. Og þá kannski sérstaklega íbúa við göturnar frá Hverfisgötu og upp Skólavörðuholtið því Skipulagsráð hefur sem sagt ákveðið að rétt sé að bæta fleiri háhýsum við þau sem þegar eru risin við Skúlagötuna.

Hugmyndin er að bæta þeimur turnum, tólf og fjórtán hæða, við húsinn sem verið er að leggja lokahönd á í svokölluðu Skuggahverfi, milli Klapparstígs og Frakkastígs. Í öðru lagi vill Skipulagsráð að reist verði þrjú háhýsi milli Barónstígs og Vitastígs.

Nú er ekkert að því byggja hátt, þvert á móti mætti gera meira af því að reisa há hús í Reykjavík í stað þess að teygja byggðina lárétt upp til heilda og fjalla. En að gera það á þessum stað, við sjávarsíðuna, og svipta þar með allt fólkið sem býr upp með Skólavörðuholtinu fjallasýn og útsýni út sundin blá, nær náttúrlega ekki nokkurri átt. Í öðrum löndum er leitast við að byggja hátt uppi á hæðum og hafa byggðina lækandi niður að sjó. Nema auðvitað þar sem hraflað hefur verið upp húsum með hraði eins og víða hefur verið gert til dæmis við strendur Miðjarðarhafsins, unnum arkitektúr og öðru smekkfólki til lítillar ánægju. Hótelturnarnir í strandbænum Benidorm eru eitt hryggilegt dæmi sem margir Íslendingar þekkja vel til.

Nú skal tekið fram að núverandi merihluti borgarstjórnar og Skipulagsráðs hlaut skipulag Skúlagötu í arf frá fyrri valdhöfum í borginni. Sjálfstæðismenn hljóta á sínum tíma að hafa haft sjónarhorn sæfrenda í huga þegar þeir lögðu grunn að háhýsabyggðinni við þennan hluta strandlengjunnar; borgarmyndin hefur væntanlega átt að vera stásslæg frá sjó að sjá.

En af hverju R-listinn hefur kosið að taka þetta skipulag upp á sína arma er erfitt að skilja.

Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi R-listans og formaður Skipulagsráðs, segir að með þessum tillögum fái heildarmynd á strandlengjuna, sem er vissulega rétt. En er það virkilega eftirsóknarvert þegar sú mynd er slæm og gengur á lífsgæði þeirra sem missa útsýni yfir þann fjólubláa draum sem Skarðsheiðin er á fallegum vorkvöldum í Reykjavík?

Það er synd að þessar hugmyndir skuli vera hluti af annars mjög tímabærum og metnaðarfullum áformum Dags og féлага um uppbyggingu á svæðinu í miðborginni og kringum Hlemm. ■

FRÁ DEGI TIL DAGS	
<p>Skammgóður vermir</p> <p>Sverrir Jakobsson, einn af innanbúðarmönnum og hugmyndafræðingum Vinstri grænna, fjallar um R-lista viðræðurnar í pistli á vefritinu Múrum í gær. Hann segir að ekki sé ljóst hvað það merki á mannamáli þegar viðræðunefndin talar um að fara í „nánari útfærslu og vinnuferli“. Hann sér engin merki um að þessi frestun „sé annað en skammgóður vermir“. Það blasi við að „geti Samfylkingin ekki fallist á sanngjarnar tillögur um skipun á listann núna er ekki miklar líkur á því að hún muni gera það neitt frekar eftir tvo mánuði“.</p> 	<p>Fengu í magann</p> <p>Ástæðuna fyrir frestuninni telur Sverrir þá „að í vikunni birtust skoðanakannanir sem bentu til mikils fylgis Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. Samfylkingin stjórnast af skoðanakönnunum og þær bentu til þess að þetta væri augljóslega ekki rétti tíminn til að slíta viðræðum. Markaðsmenn flokksins fengu í magann við tilhugsunina og ráðlögðu flokksforystunni að bíða með slitin fram í ágúst“. Hann telur að Samfylkingin ofmeti fylgi sitt: „Að flytja ímyndað fylgi á milli kosninga hljómar kannski vel þegar menn ætla að tala digurbarkalega á fundum, en rifjum nú upp fortíð sem ekki er beinlínis löngu liðin. Þegar Samfylkingin var stofnuð var hún með 38% kjölfylgi sem átti að mynda grundvöllinn að yfirtöku krataklíkkunnar á íslensku samfélagi. En</p>
<p>það reyndist þrautin þyngrri að flytja þetta fólk úr gömlum flokkum í nýjan, eins og hverja aðra hreppsómaga.“</p> <p>Ekki bjartsýnn</p> <p>„Þannig að frestunin núna getur varla haft mikið að segja nema að tilgangurinn sé annað hvort að fresta sambúðarslitunum þangað til skoðanakannanir séu hagsstæðari eða þá að Samfylkingin þurfi einfaldlega nokkrar vikur í viðbót til að öðlast jarðsamband. Það er samt engin ástæða til bjartsýni. Núna er Samfylkingin aftur komin á þá skoðun að trúin á eigið ágæti geti flutt fjöll. Við ættum að vera búin að læra við hverju er að búast af flokknum í þeim ham,“ segir Sverrir Jakobsson.</p> <p>gm@frettabladid.is</p>	

Endurminningar

Sú var tíð, og það er ekki ýkja langt síðan, að saga þjóðanna var í fyrsta og síðasta lagi stjórnmalasaga. Slíkt var ofríki stjórnmalanna í uppveiti þjóðríkjanna á rústum lénsveldis á 19. öld. Bergmál þessa ofríkis barst langt fram á 20. öld og fram á þessa og birtist með ýmsu móti. Barnaleikritin í Melaskólanum um og eftir miðja síðustu öld fjölluðu iðulega um kóng og drottningar og prins í álögum eins og ekkert væri sjálfsgóðara. Fréttatímar útvarps og sjónvarps á okkar dögum eru sama marki brenndir, þótt þeir hafi skánað talsvert frá fyrri tíð: hlutfall stjórnmalafretta er ennþá langt umfram mikilvægi stjórnála í lífi fólksins, eða svo sýnist mér. Ekkert rífrildi milli stjórnmalanna er svo fangilegt, að frá því sé ekki sagt í smáatriðum eins og um stórtíðindi sé að tefla. Með líku lagi eru ævisögur stjórnmalanna víða miklar fyrirferðar. Hér heima hafa þó til-tölulega fáir stjórnmalamenn hirt um að skrifa sjálfævisögur, þótt undarlegt megi virðast, og aðeins þrjár forsætisráðherrar fylla þann flokk: Stefán Jóhann Stefánsson, Emil Jónsson og Steingrímur Hermannsson, hin síðasta skráð af Degi Eggertssyni lækni. Um nokkra aðra eru til ævisögur í fullri lengd, t.d. Hannes Hafstein og Ólaf Thors. Íslendssagan er fátækari fyrir vikið, því að góðar sjálfævisögur þetta og fylla þjóðarsöguna.

Sjálfævisögur forsætisráðherranna þriggja hafa ýmsa kosti hver á sinn hátt. En þær eru öðrum þræði samdar í sjálfsvörn eins og flestar aðrar slíkar sögur, og það kann að rýra gildi þeirra. Öðru máli gegnir um fyrri hluta sjálfævisögu Jóns Baldvins Hannibalssonar, fyrrv. utanríkisráðherra (*Tilhugalíf*, 2002). Hún hefur þá sérstöðu

Í DAG
SJÁLFSÆVISÖGUR
STJÓRNMALAMANNA OG
SKÁLDA

**PORVALDUR
GYLFASON**



Hitt er enn furðulegra, hversu fá íslensk skáld hafa birt minningar sínar.

meðal slíkra bóka, að hún er ekki skrifuð í sjálfsvörn, heldur ræðst höfundurinn þvert á móti harkalega gegn sjálfum sér fyrir að hafa vaðið í villu og svíma í stjórnmalum langt fram á miðjan aldur með því m.a. að binda trúss sitt við rangan foringja, föður sinn. Þessi játning Jóns Baldvins vitnar um sjaldgæfan kjark og stórhug og lofar góðu um síðara bindið.

Sem leiðir hugann að Hannesi Sigfússyni skáldi.

En fyrst þetta. Látum það vera, hversu fáir stjórnmalamenn hafa hirt um að auðga Íslandssöguna með endurminningum sínum á prenti. Hitt er enn furðulegra, hversu fá íslensk skáld hafa birt minningar sínar. Það hafa þó sum þeirra gert með miklum brag. Minningabækur Halldórs Laxness hafa m.a. þá sérstöðu í þessum flokki bóka, að þær eru alþekktar og mikið lesnar, og sumir telja þær meðal beztu bóka hans. Minningabækur Hannesar Sigfússonar (*Flökkulíf*, 1981, og *Framhaldslíf förumanns*, 1985) fóru á hinn bóginn fyrir ofan garð og neðan í bókaheiminum, hefur mér virzt, fáir virðast nú kannast við þær. Hannes Sigfússon (1922-

1997) var atómskáld og skjólstæðingur, aðdáandi og vinur Steins Steinarr, nema Steinn gat engum veitt nokkurt skjól, ekki heldur sjálfum sér. Hannes kvaddi sér hljóðs sem atómskáld með kvæðabókinni *Dymbilvaka* (1949) og birti fáeinar aðrar bækur næstu 30 árin og þýddi einar tuttugu og lét annars lítið fyrir sér fara, ól manninn í Norgei nokkurn hluta ævinnar og birti að leikslökum þessar líka skínandi endurminningar í tveim bindum, þar sem hann sallar sjálfan sig niður og dregur ekkert undan. Bækurnar lýsa svikum draumum, umkomuleysi og ævilangri fátækt á fögru máli.

Æviminningar Agnars Þórðarsonar (*Í vagni tímans*, 1996, og *Í leiftri daganna*, 2000) eru af öðrum toga. Agnar hefur enga ástæðu til að taka sjálfan sig í gegn: hann er eitt helzta leikskáld Íslendinga, enda þótt verk hans hafi ekki sézt á sviði í höfuðborginni um nokkurt skeið. Það er skaði, því að t.d. *Kjarnorka* og *kvenhylli* (Íðnó, 1955) er gott leikrit og á fullt erindi við nútímann, einnig *Gauksklukkan* (Þjóðleikhúsið, 1958); bæði eru til á prenti. Útvarpsleikrit hans, *Víxlar með afföllum* (1958), í nýu þáttum, vakti svo mikla athygli á sinni tíð, að göturnar tæmdust, eða svo var sagt; útvarpið eyddi böndunum. Minningar Agnars Þórðarsonar vitna um höfund í stóru broti, skáld, sem lífir og hrærist í bókmenntum heimsins alls og hefur sitt á þurru, og þær búa yfir miklum og hóglatum þokka. Þetta eru minningabækur af því tagi, sem stórskáld annarra þjóða skilja eftir sig: þær fjalla minnst um höfundinn sjálfan, mest um samferðamann hans innan lands og utan og andrúmið í kringum þá. Nafnaskráin að leiðarlökum telur um þúsund manns. ■

Hringurinn

1400 km á 15 dögum!

Söfnunarsímar:

907-2001 og skuldfærast þá 1000 kr. af símareikningi

907-2003 og skuldfærast þá 3000 kr. af símareikningi

Bankareikningur söfnunarinnar er 513-14-606030 kt. 511083-0369.

Það skiptir okkur öll máli
www.hjartaheill.is

Ferðalögin í sumar

Hvert er fólk alltaf að ana?

Kynnumst landinu okkar

LESTU GREININA Á VISIR.IS
OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA

visir

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRN: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Emir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórnundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafthlíð 24, 105 Reykjavík AÐAL-SÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTABLAÐI: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNLAUS: Isafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

TILBOÐ

ACER Ferrari



ACER FERRARI 4005WLMi AMD 64 BITA FERÐATÖLVA

AMD TURION 64
AMD Turion 64 er ný kynslóð mobile 64-bitu örgjöfva með HyperTransport tækni og hraðari gagnabráutir

CARBONFIBER
Ferrari vélin er varin með carbonfiber sem er eitt léttasta og sterkasta efni í heimi.

8xDVD± SKRIFARI
Vandaður 8xDVD Dual Layer Slot Load geislaskrifari sem les og skrifar DVD og venjulega CD

RADEON X700XT
Eitt nýjasta skjákerfi frá ATI sem gengur á PCI-Express sem skilar sér í meiri afkastagetu og flóttari grafík

TENGINGAR
Hlaðin öllum helstu tengjum FireWire, 4xUSB2, Bluetooth, S/PDIF, DVI-D, kortalesara öfl

BLUETOOTH MÚS
Acer Ferrari fartölvan er með innbyggð Bluetooth og kemur m/ þráðlausri Bluetooth mús

Örgjörvi 2.0Ghz AMD Turion 64 ML-37
Vinnsluminni 1MB flýtminni, 1600MHz FSB+HT
1GB 333MHz DDR
Einfalt að stækka minnið
Harðdiskur 100GB 5400RPM diskur
5400RPM hraður og hljóðlátur
DVD Skrifari 8xDVD±RW Dual Layer skrifari
Með Slot-Load rauf
Skjár 15.4" WXGA WideScreen skjár
Háupplausnar skjár 1680x1050dpi
Skjákort 128MB ATI Radeon X700
Sjálft.minni, PCI-Express 16x, TV-út
Hátalarar Hljóðkerfi með 2 hátölurum
Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi
Netkort Gigabit 10/100/1000
Práðlaust Einnig innbyggð 56k mótalda
54Mbps þráðlaust netkort
Innbyggð 802.11g með loftneti í skjá
Stýrikerfi Windows XP PRO - SP2
Á íslensku eða ensku
Kortalesari 5 in 1 minnis-kortalesari
Innbyggður kortalesari fyrir flest kort

VERÐ 219.900

ASPIRE 3022WLMi!



VL12
Samváls kr. 171.693
8.992

2800+ Mobile AMD Sempron örgjörvi með Hyper Transport 512MB DDR333 minni • 60GB harðdiskur • DVD±RW skrifari 15.4" WideScreen WXGA CrystalBrite skjár • 64MB ATI Radeon X600 PCI Express skjá kort • Gigabit netkort og þráðlaust netkort Kortalesari • Windows XP Home á íslensku eða ensku

VERÐ 107.900

ASPIRE 3023WLMi!



VL12
Samváls kr. 124.114
9.992

3000+ Mobile AMD Sempron örgjörvi með Hyper Transport 512MB DDR333 minni • 80GB harðdiskur • DVD±RW skrifari 15.4" WideScreen WXGA CrystalBrite skjár • 128MB ATI Radeon X700 PCI Express skjá kort • Gigabit netkort og þráðlaust netkort Kortalesari • Windows XP Home á íslensku eða ensku

VERÐ 119.900

TRAVELMATE 2313LCi!



VL12
Samváls kr. 93.060
7.492

1.5Ghz Celeron M 370 Centrino 1MB 512MB minni • 40GB harðdiskur Combodrif • 15" XGA skjár • 64MB Mirage 2 skjá kort • Aðeins 2.6Kg Windows XP Pro á íslensku eða ensku

VERÐ 89.900

ASPIRE 4101WLMi!



VL15
Samváls kr. 139.642
8.993

1.6 GHz Pentium M Dothan730 - 2MB 512MB minni • 80GB harðdiskur DVD±RW skrifari • 15.4" WXGA skjár 64MB ATI Mobility Radeon X700 skjá kort Windows XP Home á íslensku eða ensku

VERÐ 134.900

ASPIRE 1801WSM!



VL15
Samváls kr. 155.169
9.993

2.93 GHz Intel P4 515 með 1MB cache 512MB minni • 80GB harðdiskur DVD±RW skrifari • 17" WXGA skjár 64MB Radeon X700 PCI-Express skjá kort Windows XP Home á íslensku eða ensku

VERÐ 149.900

ASPIRE 9104WLMi!



VL18
Samváls kr. 186.223
9.994

2.0 GHz Intel Pentium M Dothan760 2MB 512MB minni • 80GB harðdiskur DVD±RW skrifari • 15.4" WXGA skjár 128MB Radeon X600 • Sjónvarpskort Windows XP Home á íslensku eða ensku

VERÐ 179.900

VL12
Samváls kr. 82.705
6.658

TAKMARKAD MAGN

1.4 GHz Centrino, 256MB minni, 40GB harðdiskur, skrifari og DVD drif, 15" TFT XGA skjár, Intel Extreme Graphics II skjá kort, netkort, þráðlaust net og Windows XP Home á íslensku eða ensku

79.900

Acer Travelmate 2302LC

VL12
Samváls kr. 124.114
9.992

TAKMARKAD MAGN

1.5Ghz Pentium M Centrino, 512MB minni, 40GB harðdiskur, skrifari og DVD drif, 15" SXGA skjár, Intel Extreme II skjá kort, þráðlaust net og Windows XP Pro á íslensku eða ensku

119.900

Acer TravelMate 662LCi

VL12
Samváls kr. 134.465
10.825

TAKMARKAD MAGN

1.7 GHz Intel Pentium M Dothan 512 MB minni, 60 GB Harðdiskur, DVD±RW, 15" TFT XGA skjár Intel Extreme II skjá kort, módem, netkort, þráðlaust net og Windows XP Home á íslensku eða ensku

129.900

Acer TravelMate 6004LMI

VL12
Samváls kr. 155.169
12.492

TAKMARKAD MAGN

1.7 GHz Intel Pentium M, 512 MB minni, 60GB harðdiskur, DVD±RW, 14.1" TFT SXGA skjár, Intel Extreme Graphics II skjá kort, netkort, þráðlaust net og Windows XP Pro á íslensku eða ensku

149.900

Sony Vaio B1XP



*Vaxtalaus tilboð eru miðuð við 12, 15 eða 18 mánaða jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 3,5% stimpill og lántökugjald bætist við heildarupphæðina sem dreifist jafnt yfir samningstímann.

TÖLVULISTINN

SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 11 ÁR

REYKJAVÍK
Nóatúni 17
Sími 562 6730

AKUREYRI
Glerárgötu 36
Sími 464 7400

KEFLAVÍK
Hafnargötu 90
Sími 534 7400

VISA OG EURO KORTGÆSLUR TIL ALLT AÐ 36 MÁNAÐA • ÖLL VERÐ OG UPPFYLINGAR BERT MEÐ FERRARI LÍN BRETUNGAUM OG PRENTVILUR

Atvinna eykst með brottför hersins

UMRÆÐAN
VARNARLIÐIÐ



LÚÐVÍK GIZURARSON
HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR

Okkur er sagt af ráðamönnum að floti Bandaríkjanna vilji fara núna frá Keflavíkflugvelli. Þar séu ekki lengur nein verkefni fyrir hann í dag. Auðvitað eiga þeir þá að fara og gera það. Ekki á að

halda þeim nauðugum eða er það? Flugherinn segist engin verkefni hafa hér lengur og vill líka fara. Ráðamenn okkar þrasa um það við Bandaríkjamenn að bandaríski flugherinn verði hér verkefnalaus áfram á vopnlausum vélum og geri hér áfram við bilaðar vélar sínar. Vonandi fer flugherinn og neitar að vera áfram.

Um leið og herinn er farinn og varnarsamningurinn við þá úr gildi fallinn með öllum hætti með sameiginlegri bókun þá getum við tekið sjálfir þarna til hendinni. Fáum öll mannvirkin afhent á Vellinum.

Á Vellinum yrðu þá lausar um 5000 íbúðir sem Íslendingar

gætu flutt í með lágrí leigu eða ódýrum kaupum. Stutt og þægilegt er að aka í vinnu til Reykjavíkur á nýjum vegi tvíbreiðum. Stutt og þægilegt er að aka í vinnu til Reykjavíkur á nýjum vegi tvíbreiðum. Mikíð auðveldara og hættuminna en í dag er yfir Hellisheiði. Þar eru vikulega bílslys og oft dauðaslys. Vegurinn þar ber ekki umferðina lengur.

gætu flutt í með lágrí leigu eða ódýrum kaupum. Stutt og þægilegt er að aka í vinnu til Reykjavíkur á nýjum vegi tvíbreiðum. Mikíð auðveldara og hættuminna en í dag er yfir Hellisheiði. Þar eru vikulega bílslys og oft dauðaslys. Vegurinn þar ber ekki umferðina lengur.

Á Vellinum eru hótél sem Íslendingar tækju við og rækju. Þetta er mjög þægilegt fyrir flugfarþega sem stoppa 1-2 daga og færu í skoðunarferðir frá Keflavíkflugvelli. Mikil vinna yrði við þessa ferðamenn fyrir Íslendinga. Það skapar okkur nýja vinnu.

Flugskýli á Vellinum yrðu afhent okkur og þar mætti skapa

mikla vinnu við flugvélaþjónuðirir fyrir okkur og útlandinga. Þetta gæti verið mikil atvinna handa okkur. Hér er stórt opið tækifæri.

Á Vellinum er mikíð af skrifstofuhúsnæði sem mörg íslensk fyrirtæki vantar og gætu tekið á leigu eða keypt, enda þægilegt að vera á vellinum í inn- og útflutningi til dæmis á fiski.

Bandaríkjamenn vinna í dag mjög mörg störf á Vellinum. Um leið og þeir fara vonandi brott á næstu mánuðum yrði að ráða Íslendinga, t.d. úr Keflavík, í þau sömu störf. Full og góð atvinna og mikíð meiri en í dag yrði aftur þarna fyrir alla Íslendinga. Fáum í okkar hendur völinn. ■

Strætó verður raunhæfur valkostur

UMRÆÐAN
ALMENNINGS-
GÖNGUR



ÁSGEIR EIRÍKSSON
FRAMKVÆMDASTJÓRI STRÆTÓ BS.

Laugardaginn 23. júlí verða tímamót á vettvangi almennings- samgangna á höfuðborgarsvæðinu. Þá tekur gildi nýtt leiðakerfi sem leysir af hólmi eldra kerfi sem svarar ekki lengur kalli tímans.

Um mitt ár 2001 var byggðasamlagið Strætó stofnað en það er í eigu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Þetta var í fyrsta skipti sem almennings- samgöngur í öllum sjö sveitarfélögum komu undir einn hatt, en áður höfðu almennings- samgöngur verið skipulagðar af sveitarfélögum sjálfum, einum eða nokkrum í samstarfi. Markmiðið með stofnun Strætó bs. var skýrt af hálfu eigendanna: Að efla almennings- samgöngur. Var talið að það markmið næðist best með heildarendurs- skoðun leiðakerfisins.

Undanfarin misseri hefur verið unnið hörðum höndum að

heildarendurskoðun og útfærslu á nýju, heildstæðu leiðakerfi fyrir allt höfuðborgarsvæðið. Í þeirri vinnu hefur reynsla og þekking fagaðila og sérfræðinga verið nýtt og jafnframt leitast við að hafa víðtækt samráð við almenning. Í því skyni var efnt til fjölmargra kynningarfundna, auk þess sem tillagan að nýja leiðakerfinu hefur verið til kynningar á vef strætó (www.bus.is) um nokkurt skeið. Fjölmargar ábendingar og athugasemdir hafa borist sem reynst hafa gagnlegar við hönnun nýja leiðakerfisins.

Með tilkomu nýs leiðakerfis batnar þjónustustigið og er óhætt að fullyrða að almennings- samgöngur verði nú raunhæfur valkostur fyrir fleiri en áður.

Aldrei verður unnt að útbúa leiðakerfi strætisvagna svo öllum líki. Hins vegar hefur verið lögð áhersla á að standa fagmannlega að verkinu þannig að til verði leiðakerfi sem henti meginþorra íbúa á höfuðborgarsvæðinu. Ráðist var í gerð um-

fangsmikillar ferðavenjukönnunar þar sem íbúar á svæðinu voru fengnir til að lýsa ferðum sínum tiltekna daga. Niðurstöður könnunarinnar voru settar í hermílikan og það síðan nýtt til að bera saman hina ýmsu kosti og tillögur um hönnun leiðakerfisins. Þegar endanlegt leiðakerfi er borið saman við eldra leiðakerfi er niðurstaðan ótvíræð. Ferðatími styttest og skiptingum fækkar. Í einhverjum tilvikum breytast gönguvegalengdir, þær ýmist styttest eða lengjast.

Með tilkomu nýs leiðakerfis batnar þjónustustigið og er óhætt að fullyrða að almennings- samgöngur verði nú raunhæfur valkostur fyrir fleiri en áður. Mesta ferðatíðni strætisvagna verður á þeim tímum dags þegar flestir eru á ferðinni, þ.e. á morgnana og síðdegis virka daga. Stofnleiðir munu aka stystu leið milli fjölmennustu hverfanna og stærstu atvinnu- og þjónustusvæðanna á allt að 10 mínútna fresti á álagstímum.

Strætó er í senn hagkvæmur og umhverfisvænn kostur og notkun strætó leiðir til sparnaðar í rekstri heimilanna með því að draga úr akstri einkabíla. Nýja leiðakerfið býður upp á raunhæfan kost í samgöngum fyrir alla íbúa höfuðborgarsvæðisins. ■

Úttekt á stöðu forsjarlausra fedra

UMRÆÐAN
FORSJARLAUSIR
FORELDRAR



STEFÁN JÓHANN STEFÁNSSON
VARABORGARFULLTRÚI
REYKJAVÍKURLISTANS

Ýmislegt hefur verið gert til að bæta stöðu forsjarlausra foreldra í höfuðborginni. Eftir sem áður finnst mörgum ekki nóg að gert. Þar sem upplýsingar skortir um stöðu þessa hóps samþykkti velferðarráð Reykjavíkur í vor tillögu mína um að láta taka saman minnisblað um stöðu forsjarlausra fedra, en flestir forsjarlausir foreldrar eru feður. Í minnisblaði velferðarsviðs sem lagt var fram í velferðarráði 29. júní síðastliðinn kemur fram að á síðustu 5 árum hafi ýmislegt verið gert til þess að bæta stöðu forsjarlausra foreldra í borginni. Þannig hafa þeir feður sem hafa reglulega umgengi við börn sín nú möguleika á betra húsnæði ef þeir hafa rétt til þjónustu velferðarsviðs á annað borð. Auk þess hefur verið boðið upp á ým-

iss konar endurhæfingu ef atvinnuleysi hrjáir þessa einstaklinga, eða ef þeir hafa þurft á langtímaþjónustu velferðarsviðs að halda. Þótt unnið hafi verið að því að bæta markvissum hætti að því að bæta hag forsjarlausra fedra liggja þó ekki fyrir ítarlegar upplýsingar um stöðu eða högu forsjarlausra fedra eða mæðra. Kannanir hérlendis og erlendis hafa leitt í ljós að feður séu almennt ekki nægilega mikíð með í myndinni varðandi uppeldi og stuðning við börn sín eftir skilnað eða sambúðarslit, eins og segir í minnisblaði skrifstofustjóra velferðarþjónustu velferðarsviðs, og að mikilvægt sé að styrkja tengsl fedra við börn sín þó svo að ekki hafi verið um hjónaband eða sambúð að ræða. Til þess að skoða þessi mál nánar samþykkti velferðarráð á fundi sínum í lok júní að gera úttekt á fjölda og stöðu forsjarlausra fedra í Reykjavík og setja af stað rýni- hóp til að fá upplýsingar um viðhorf og skoðanir forsjarlausra fedra um hvað leggja eigi áherslu á í þjónustu við þá og börn þeirra. Á þann hátt verður leitast í auknum mæli við að finna úrlausnir sem taka mið af hagsmunum allra sem hlut eiga að máli. ■

Sýnum varkárni við varpstöðvar

UMRÆÐAN
FUGLAVARP



MAGNÚS ÞÓR HAFSTEINSSON

Ísland er fuglparadís, ekki síst á sumrin. Á vorin og snemma

sumars koma fljúgandi fjölmargar tegundir fugla langan veg hingað „heim“ til að verpa og koma upp ungum. Víða myndast varpstöðvar þar sem fjöldi para er upptekinn við að koma upp næstu kynslóð. Nú liður senn að því að ungar fjölmargra þessara tegunda fara að reyna við flug og undirbúning brottfarar á suðlægar slóðir. Þá eru höggvin skörð í hópana. Á ferðum mínum um þjóðvegi landsins mörg undanfarin sumur hef ég því miður

ekki komist hjá því að taka eftir því að allt of margir fuglar verða fyrir bifreiðum. Þetta gildir ekki síst um ungana þar sem vegir liggja hjá þéttbýlum varpsvæðum og ökuhraði er mikill. Hér virðast kríuvörpin sérstaklega eiga undir högg að sækja. Við sum þeirra hefur síðsumars gefið að líta ófagra sjón þar sem dauðir fuglar liggja eins og hráviði á og við þjóðveginn. Mér þykir mál að linni. Fuglarnir sem koma hingað yfir sumartímann

eru okkur mannfólkinu til yndisauka. Okkur ber skylda til að verja þá gegn ónauðsynlegum afköllum. Þeir eru hluti af þeirri gersemi og auðlind sem íslensk náttúra er. Auðlind sem við til að mynda seljum ferðamönnum aðgang að. Því er það okkur ekki til framdráttar að fara ekki varlegar en raun ber vitni á ökuferðum okkar um svæði þar sem varplönd er að finna. Stjórnvöld ættu að fela Vegagerðinni að láta hana og framleiða viðvörunar-

Vantar 4ra herbergja íbúð til leigu fyrir 1. sept. Reglusöm og reyklauss. Skilvísar greiðslur. Uppl. í síma 820 3430.

Reglusamur, reyklauss 44 ára kk. sem vinnur við ritstörf vill leigja gott herbergi. (Meðleigjandi!) Uppl. í s. 567 2746

Óska eftir 3ja herb. íbúð í vesturbænum til langtímaleigu. Sími 820 4279.

2ja barna föður bráðvantar 2ja-3ja herb. íbúð. Reglusöm, reyklauss, meðmæli og skilvísar greiðslur. Vinsamlegast hafið samband í síma 661 7085

Sumarbústaðir



Bjálkahús 23 og 37 m2 + 15m2 svefnloft. Ódýr, einföld og fljótleg í uppsetningu... www.bjalkahus.com

AUGLÝSINGASÍMI 550 5000 FRÉTTABLAÐIÐ



Útileiktæki, rókur,renni-brautir. Kettler vönduð þýsk gæðavara... Simi 553 5320 markid.is.

Til sölu nokkrar góðar sumarþústaðalóðir á góðum stað í Grímsnesi. S. 661 1121

Atvinnuhúsnæði

Vantar þig skrifstofuherbergi í Kaupmannahöfn. Þrjú skrifstofuherbergi til leigu á besta stað við Strikið... Simi +45 6021 2000.

Geymsluhúsnæði



Til sölu og leigu nýir og notaðir vinnuskúrar. Hafnarbakki... Simi 545-2233 www.hafnarbakki.is

ATVINNA

Atvinna í boði

Óskum eftir starfsfólki á kvöldvaktir!! Við hjá Skúlason leitum að fólki 18 ára og eldri við úthringingar... Skúlason ehf, Laugavegi 26, s. 575 1500, www.skulason.is

Hellulagnir og verkamenn Vantar vana aðila í hellulagnir og verkamenn í jarðvinnu... Simi 822 2661

Smíðir óskast! Duglegir menn óskast í framtíðarstörf hjá Handlaginn. Mikil vinna og góð laun fyrir rétta fólk. Simi 511 1707 eða sendið umsóknir á handlaginn@handlaginn.is.

Píparar óskast !

Duglegir menn óskast í framtíðarstörf hjá Handlaginn. Mikil vinna og góð laun fyrir rétta fólkíð.
Uppl. í síma 511 1707 eða sendið umsóknir á handlaginn@handlaginn.is.

Múrarar óskast !

Duglegir menn óskast í framtíðarstörf hjá Handlaginn. Mikil vinna og góð laun fyrir rétta fólkíð.
Uppl. í síma 511 1707 eða sendið umsóknir á handlaginn@handlaginn.is.

Verkamenn óskast !

Duglegir menn óskast í framtíðarstörf hjá Handlaginn. Mikil vinna og góð laun fyrir rétta fólkíð.
Uppl. í síma 511 1707 eða sendið umsóknir á handlaginn@handlaginn.is.

Verkamenn

Fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu, með innflutning á byggingavörum, óskar eftir að ráða ábyrga og þjónustulundaða starfsmenn með lyftararéttindi til lager- og viðhaldsstarfa. Störf fela í sér móttöku / afgreiðslu á pöntunum, viðhaldi á áhöldum og öðru tilfallandi. Vinnutími er frá kl. 8:00-17:00 alla virka daga. Um framtíðarstörf er að ræða.

Nánari upplýsingar fást hjá Ragnari eða Skúla í síma 577 2050 eða á skrifstofu Formaco ehf. að Fossaleyni 8, Reykjavík.

Vélsmiðja

Vélsmiðja í Reykjavík óskar eftir starfsmönnum. Vélvirkjar, járnsmiðir og fleiri.
Upplýsingar í síma 896 2336 & 896 2335.



Óskum eftir vönum barþjónum, (keyrslu), þjónum í sal og glasatínun. Einnig vantar vana dyraverði. Einnig reglusamt og snyrtilegt fólk kemur til greina, eldri en 18 ára. Umsóknir sendist á rex@rex.is. með öllum helstu upplýsingum.

Fullt starf og hlutastarf

10-11 óskar eftir duglegu starfsfólki í verslanir sínar á höfuðborgarsvæðinu. Um almenn verslunarstörf er að ræða. Umsækjendur verða að vera fæddir '87 eða fyrr. Umsækjendur verða að vera þjónustulundaðir, vinnusamir og áreiðanlegir. Bæði er leitast eftir starfsfólki í fullt starf en einnig hlutastarf. Nú er rétti tíminn að tryggja sér vinnu með skóla í vetur.

Umsóknnum skal skila á vefnum www.10-11.is.

Select og Shell

Starfsfólk óskast á stöðvagnar okkar á höfuðborgarsvæðinu. Um fullt starf er að ræða sem og hlutastörf. Umsækjendur verða að vera fæddir '87 eða fyrr og vera þjónustulundaðir, vinnusamir og áreiðanlegir. Unnið er á vöktum. Nú er rétti tíminn til að tryggja sér vinnu með skóla eða aðra aukavinnu fyrir veturinn.

Umsóknnum skal skila á vefnum www.10-11.is.

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

Papinos Pizza.

Hafnarfirði. Óskum eftir hressu og duglegu starfsfólki. Umsóknareyðublið á staðnum Reykjavíkurvegi 62, Hafnarfirði.

Smiður og vanur byggingaverkamáður óskast á Akureyri. Mikil vinna. Góð laun fyrir duglega menn. Upplýsingar í síma 862 0893, Ottó.

Veitingahúsið Nings

Veitingahúsið Nings óskar eftir vaktstjórum í fullt starf á veitingar staði okkar. Leitum einnig af fólki í afgreiðslu- störf um kvöld og helgar. Við leitum af þjónustuliprum, duglegum og áráðanlegum starfsmönnum. Aldurstakmark 19 ára. Þarf að geta hafið störf strax! Góður starfsandi. s. 822 8840 eða 822 8867

Óskum eftir starfskrafti nú þegar, til að sjá um matseld og daglega ræstingu, á heimili fyrir langveik börn í Kópavogi. 60% starf, unnið aðra hverja viku. Uppl. í síma 699 8403 Ómar. Bónbræður ehf.

Vantar liðtækan strafs kraft karla/konur sem geta unnið við smíðar, hellulagrinn ofl. Uppl. í s. 895 8763.

Bakaríði Korníð óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu í Kópavogi og Reykjavík tvískiptar vaktir. A.T.H ekki sumarvinna. Umsóknir á komid.is einnig í Borgartúni 29 og í Hjallabrekku 2 Kópavogi.

Óskum eftir fólki í kvöld- og helgarvinnu. Sölutum í Grafarholti. 18 ára og eldri. Upplýsingar í síma 892 6217.

Ice in a bucket

Starfsfólk óskast í Ice in a bucket í Kringlumni og Smáralind um helgar og einhverja virka daga. Umsóknir á staðnum.

NASA - NASA

Okkur vantar barþjóna, skemmtilegur vinnustaður. Mikil vinna framundan. Uppl. á Nasa við Austurvöll frá kl. 13-17.

Vantar menn í járnbindingar. Næg vinna framundan. Uppl. í s. 698 9202.

Starfsmaður/ kona óskast Zinkstöðin í Hafnarfirði óskar eftir starfsmanni í húðunardeild fyrirtækisins framtíðarstarf í boði fyrir réttan aðila nánari upplýsingar veitir Ragnar í síma 896 5759, á skrifstofutíma.

Réttindabilstjórar óskast til að leysa af á leigubílum. Bifreiðastjórafélagið Atak. Sími 551 4400. mánud., þriðj. fimmtud. og föstud. milli 16 og 18.

Veitingarhúsið Nings

Óskum eftir bílstjóra í kvöld og helgarvinnu. Helst á eigin bíl. Upplýsingar í síma 822 8840 & 822 8867.

Pítan Skipholti 50c.

Óskar eftir starfsfólki í kvöld og helgarvinnu. Bæði í eldhús og sal. Einnig fullt starf í eldhúsi. Góð laun í boði. Framtíðarstarf. Umsóknareyðublið á staðnum eða á pítan.is.

Vantar plastara í bátasmíðju. Uppl. í síma 551 2809.

Starfskraft vantar í bókhald 2-3 tíma á dag eða eftir hentugleikum. Þarf að hafa mjög góða þekkingu á TOK. Einnig vön manneskja kemur til greina. Uppl. í síma 897 6350.

Sölumenn óskast til starfa til að selja Gymform tæki/Stradataeki. Góð laun fyrir réttan aðila. Uppl. gefur Sólvéig í s. 659 3674.

Pizza Höllin Mjódd

Óskar eftir starfsfólki í kvöld og helgarvinnu. Ekki yngri en 17 ára. Uppl. veitir verslunarstjóri á staðnum.

Hress unglingur 12-13 ára óskast í sveit á suðurl. fram að skóla. Uppl. í s. 847 3176.

Space - Cut

Smáralind auglýsir. Vantar klippara, fimmtudaga, föstudaga og laugardag. Upplýsingar í síma 895 7676.

Rafvirkjar

Óska eftir að ráða rafvirkja sem fyrst. Uppl. í síma 898 5808.

Óska eftir starfskröftum, vönum gluggavíðgerðum. Góð laun í boði. Uppl. í síma 894 0492.

Atvinna óskast

Atvinnumiðlun býður upp á hæft starfsfólk frá Lettlandi: byggingarmenn, auþátt o.fl. S. 845 7158.

TILKYNNINGAR**Tapað - Fundið**

Stafær myndavél tapaðist líklegast á leiðinni niður af Esjunni um síðustu mánaðarmót. Finnandi vinsamlegast hringið í s. 820 3024.

Ýmislegt**Viltu fá frítt á Bindindis-mótið í Galtalækjarskógi.**

Sjálfboðaliða vantar um verslunarmannahelgina.
Uppl. í s. 864 5415 & 487 6605.



Kópavogsbær.

Auglýsing um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogs á auglýstri tillögu að deiliskipulagi.

Í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst afgreiðsla bæjarstjórnar Kópavogs á eftirfarandi deiliskipulags-tillögu:

Vatnsendi. Ping (Suðursvæði). Deiliskipulag.

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti þann 24. maí 2005 tillögu deiliskipulagi Pinga (Suðursvæði) í Vatnsenda. Deiliskipulagssvæðið afmarkast af Vatnsendavegi og byggð við Fagrahvarf til norðurs, Elliðahvammssvegi til austurs, vatnsverndarmörkum í Vatnsendahlíð til suðurs og hesthúshverfinu í Heimsenda, fyrirhugaðri íbúðarbyggð og miðhverfi við Vinda- og Vallakór til vesturs. Á deiliskipulagssvæðinu sem er 32.5 ha að flatarmáli mun rísa 1-2 hæða blönduð íbúðarbyggð fyrir 268 íbúðir. Í greinargerð er m.a. gerð grein fyrir forsendum og markmiðum skipulagsins, lýsing á landi og áhrifum byggðar á umhverfið. Þá er m.a. fyrirhugaðri byggð lýst ásamt aðkomu að svæðinu, umferð, gönguleiðum, reiðleiðum og opnum svæðum. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:2000 ásamt greinargerð og skilmálum dags. 13. desember 2004, breytt 13. janúar, 19. apríl og 8. júlí 2005. Tillagan var auglýst frá 28. janúar til 28. febrúar 2005 með athugasemdafresti til 15. mars 2005. Athugasemdir og ábendingar bárust. Tillagan var lögð fram að nýju í skipulagsnefnd 19. apríl 2005 ásamt framkomnum athugasemdum og ábendingum og umsögn bæjarskipulags: „*Vatnsendi – suðursvæði. Ping og Byggð Hrafnistu og Húsvirkis ehf. í Pingum. Aðalskipulag. Deiliskipulag. Athugasemdir – ábendingar. Umsagnir. Fylgiskjöl.*“. Er umsögnin dags. 19. apríl 2005. Skipulagsnefnd samþykkti eftirfarandi með tilvísan í framkomnar athugasemdir og ábendingar:

A. Í greinargerð verði eftirfarandi setningum bætt við samanber ábendingar heilbrigðiseftirlits:

- „Við hönnun á fráveitukerfi verður sérstaklega hugað að gerð og frágangi með tilliti til jarðsprungna.“
- „Við hreinsun hesthúsa og gerða skal hrossataði annað hvort mokað beint í flutningsgám eða í yfirbyggða og lekahelda taðgeymslu sem sé án niðurfalla. Frá hesthúsum skal þannig gengið að hægt sé að vélhreinna úr stíum beint á bíl eða í flutningsgám. Frá rennsli úr niðurföllum í gólfum og stíum hesthúsa skal fyrst leitt í taðfelliþró og þaðan í holræsakerfi bæjarins. Heimilt er að tengja niðurföll í gangstéttum við hesthús á sama hátt. Þróin skal vera aðgengileg til tæminga og koma fram á byggingarnefndarteikningum og vera úttektaskýld. Eigendum húsa er skylt að sjá um að þróin sé tæmd reglulega. Girðingar í kringum gerði skulu vera traustar og í samræmi við samþykktar teikningar. Endurnýja skal reglulega grús í gerði. Taðmengaðri grús skal komið í viðurkennda förgun. Óheimilt er að taka hesthús í notkun fyrr en að lokinni fullnaðarúttekt byggingarfulltrúa.“

B. Í skipulagsskilmála verði eftirfarandi setningum bætt við samanber ábendingar heilbrigðiseftirlits:

- Lagnir í bílskúrum og niðurföll fyrir framan bílskúra skal tengja inná holræsakerfið en ekki regnvatnskerfi svæðisins.
- Lagnir í bílakjöllurum skal tengja inná holræsakerfið en ekki regnvatnskerfi.
- Sérstaklega skal hugað að mengunar- og slysavörnum við hesthús og gerði. Gera skal ráð fyrir að hrossatað verði annað hvort mokað beint í flutningsgám eða yfir í yfirbyggða lekahelda taðgeymslu sem verði án niðurfalla. Frárennsli frá hesthúsum skal leitt í felligildru og þaðan í holræsakerfi en taðgeymslur sem eru lekaheldar verði án niðurfalla.
- Ekki er mælt með því að taðgeymslur séu hafðar undir hesthúsum. Óásættanlegt er ef þríf hesthúsa verði til þess að vatn verði leitt í taðgeymsluna (haughús). Mun meiri slyshætta, óþríf, lyktrarvanda mál og mengunarhætta stafar frá taðgeymslum með fljóttandi búfjáraburði en þurrum.

C. Breytingar á deiliskipulagsuppdrætti í mkv. 1:2000 dags. 13. desember 2004, og breytt 13. janúar 2005.

- Á vesturhluta lóðar Vatnsendablettis 14 (Dalapings 18) er ráðgert tveggja hæða parhús í stað einbýlis svo og stakstæðum bílskúr á suðurhluta lóðarinnar.
- Á leigulandi Vatnsendablettis 40 (Fróðapings 19) hefur nýrri einbýlishúsalóð verðið bætt við norðan við núverandi hús; byggingarreitir fyrir núverandi hús stækkaður; gert er ráð fyrir gróðurakála á suðurlhluta lóðarinnar að Vbl. 40; fyrirhugaður reiðstigur vestan við núverandi íbúðarhús færður ofar í opna svæðið þ.e. vestan við húsið og vestur lóðarmörk Vbl. 40 hafa verið færð vestar sem nemur færslu á reiðstíg.
- Gert er ráð fyrir akfærum stig af Fróðapingi, Dalapingi og Gulapingi inn á Elliðahvammssveg.
- Með tilvísan í ábendingu Fornleifaverndar ríkisins og í 13. gr. þjóðminjalaga hefur eftirfarandi verið fært inn á deiliskipulagsuppdrátt: „*Nú finnst fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeigenda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verk megi fram halda og með hvaða skilmálum.*“

Eins og að ofan greinir og með tilvísan í afgreiðslu skipulagsnefndar frá 19. apríl 2005 samþykkti bæjarstjórn framlagða tillögu að deiliskipulagi Pinga (Suðursvæði) í Vatnsenda þann 24. maí 2005; uppdrætti, greinargerð og skilmála ásamt ofangreindri um sögn bæjarskipulags um framkomnar athugasemdir og ábendingar. Með tilvísan til ábendinga Skipulagsstofnunar hafa eftirfarandi breytingar verið gerðar á framlögðum gögnum:

- Á skipulagsuppdrátt hefur verið bætt við texta um staðsetningu og hæð hjóðmana og hljóðveggja.
- Lýsing á afmörkun deiliskipulagssvæðisins í texta og á uppdrætti samræmd.
- Texti um taðþrær/taðgeymslur og bílastæði í almennum ákvæðum og sérákvæðum í skipulagsskilmálum samræmdur.
- Í greinargerð: „almenn ákvæði fyrir fjöleignahús“ er breytt í „almenn ákvæði fyrir fjölbýlishús“.
- Í skilmálum hefur götuheiti fyrir svæði 17 verið lagfært: Dalaping 62-68 skal vera Gulaping 62-68.
- Hús til niðurrifs utan deiliskipulagssvæðisins tekin út af deiliskipulagsuppdrætti.
- Samræmi gætt á nafngift deiliskipulags Vatnsendi – Ping – Harfnista.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið málgögnin og gerði ekki athugasemd við að birt yrði auglýsing um samþykkt deiliskipulagsins sbr. ofangreind lög. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins birtist í B-deild Stjórnartíðinda 14. júlí 2005. Nánari upplýsingar eða gögn um ofangreinda deiliskipulagsáætlun og afgreiðslu hennar er hægt að nálgast á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 200 Kópavogi, milli kl. 8:00 og 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:00 til 14:00.

NAUST



Hvassaleiti - 103 - Reykjavík

Björt og falleg 87,6 fm., 3ja herbergja íbúð í tvíbýlishúsi með sér-ingangi á jarðhæð við Hvassaleiti. Stofa er með stórum gluggum. Tvö svefnherbergi. Eldhús með nýlegri innréttingu. Baðherbergi með baðkari. Geymsla og sér þvottahúsi. Stór garður. Íbúðin losnar fljótlega **VERÐ : 18,6 millj.**

NAUST fasteignasala, Borgartúni 29, 105 Reykjavík Sími: 530 7200

Ásgeir Erling Gunnarsson Lögg. fasteignasali

NAUST



Holtsgata 101 - Reykjavík

Mjög falleg 6 herbergja íbúð í Vesturbænum í tvíbýlishúsi. Íbúðin er á tveimur hæðum. Á neðri hæð er hátt til lofts (2,70) gjpslistar í loftum og skrautgerætt kringum hurð. Tvær stórar stofur, parket á gólum, rennihurðir á milli stofanna. Eldhús með mjög fallegri, nýlegri, sérsmíðaróri eikarinnréttingu, öll tæki nýleg, stór borðkrókur. Á hæðinni er auk þess herbergi og baðherbergi með sturtuklefa. Efirhæð: Tvö stór svefnherb. Opíó rými sem auðvelt er að breyta í herbergi. Baðherbergi með baðkari. Geymsla. Paki var lyft og það endurnýjað fyrir um 9 árum, nýlega málað. Möguleiki er á að byggja aðra hæð ofan á húsið. Sér bílastæði, möguleiki á að byggja bílskúr. Góður garður mót suðri. **VERÐ : 32,0 millj.**

NAUST fasteignasala, Borgartúni 29, 105 Reykjavík Sími: 530 7200

Ásgeir Erling Gunnarsson Lögg. fasteignasali

NAUST



Álgrandi - 107-Reykjavík

Falleg, rúmgóð 80 fm. tveggja herb. enda-íbúð á þriðju hæð í ves turbænum. Parketlögð stofa, stórt flisalagt svefnherbergi. Baðherbergi með baðkari og tengi fyrir þvottavél. Suðursvalir með fallegu útsýni. Húsið nýlega endurnýjað og málað að utan

VERÐ : 17,2 millj.

NAUST fasteignasala, Borgartúni 29, 105 Reykjavík Sími: 530 7200

Ásgeir Erling Gunnarsson Lögg. fasteignasali

OPIÐ HÚS – Flúðasel 63, Reykjavík



Heimilisfang: Flúðasel 63 Reykjavík
Stærð eignar: 96,3 fm
Staðsetning í húsi: 01
Bílskúr: 32,8 fm
Byggingarár: 1976
Brunab.mat: 13.586.000
Lóðamat: 1.581.000.
Afhending eignar: Strax
Verð: 17,5 millj.

Sölufulltrúi:
Páll Höskuldsson gsm
864 0500,
e-mail:
pall@fasteignakaup.is



4ja herbergja íbúð við Flúðasel. Rúmgott hol eru með flisum á gólfi, eldhús er með góðum borðkrók, á gólfi eru flisar. Stofa er með parketi á gólfi. 3 herbergi eru með dúk á gólfi. Baðherbergi er með flisum í hólf og gólf. Með íbúðinni fylgir stæði í sameiginlegu bílskúli. Fjölbýlið er allt hið snyrtilegasta og er í góðu viðhaldi.

Nánari upplýsingar
www.fasteignakaup.is

Páll Höskuldsson sölufulltrúi Fasteignakaupa tekur á móti gestum milli kl. 20 – 21 í dag.

FASTEIGNAKAUP
Erna Valsdóttir Löggiltur fasteigna-skipa- og fyrirtækjasali.

Ármúla 15 • sími 515 0500 • fax 515 0509 • www.fasteignakaup.is
fasteignakaup@fasteignakaup.is

OPIÐ HÚS – Laufengi 56, Reykjavík



Heimilisfang: Laufengi 56 Reykjavík
Stærð eignar: 107,3 fm
Staðsetning í húsi: 02
Byggingarár: 1992
Brunab.mat: 12.964.000
Afhending eignar: 1. sept 2005
Verð: 19,5 millj.

Sölufulltrúi:
Páll Höskuldsson gsm
864 0500,
e-mail:
pall@fasteignakaup.is



Fasteignakaup kynnir 4ra herbergja 107,3 fm endáíbúð á 2. hæð með sér inngangi í Grafarvogi. Andyri með flisum á gólfi og fataskáp, stofa með útgengi út á flisalagðar suðursvalir. Hjónaherbergi er með fataskáp og dúk á gólfi, bæði barnahergerin eru með dúk á gólfi og fataskápum. Baðherbergi er með sturtuklefa, flisum á gólfi. Eldhús er með borðkrók, ljósri innréttingu og flisum á gólfi. Þvottaherbergi er á hæðinni og flisalagt. Nánari upplýsingar www.fasteignakaup.is

Páll Höskuldsson sölufulltrúi Fasteignakaupa tekur á móti gestum milli kl.19 – 20 í dag.

FASTEIGNAKAUP
Erna Valsdóttir Löggiltur fasteigna-skipa- og fyrirtækjasali.

Ármúla 15 • sími 515 0500 • fax 515 0509 • www.fasteignakaup.is
fasteignakaup@fasteignakaup.is

FASTEIGNASTOFAN

OPÍÐ mán-fim 09-18
lín 09-17




Nýkomin í einkas. glæsileg og rúmgóð 113 fm. íbúð á 7. hæð í þessu vinsæla lyftuhúsi, ásamt stæði í upphitaðri bilgeymslu.

Glæsilegt útsýni. Góð gólfefni og innréttingar, suður svalir. Fjölbýlið er klætt að utan. Glæsileg eign sem vert er að skoða. Allar upplýsingar gefnar á skrifstofu Fasteignastofunnar.

Verð kr. 27 mill.

ATVINNA

Skólastjóri og kennari óskast

Drangnesskóli óskar að ráða skólastjóra og kennara til skólans.

Upplýsingar gefur formaður skólanefndar Óskar Torfason í síma 4513239 og netfang drangur@snerpa.is og oddviti Kaldrananeshrepps Jenný Jensdóttir í síma 4513277 netfang drangnes@snerpa.is

Umsóknarfrestur er til 31. júlí.

148.000

EINSTAKLINGAR

**NOTAÐU ÖFLUGASTA FJÖLMÍÐIL
LANDSINS TIL AÐ DREIFA
INNSKOTSBLÖÐUM OG EFNI TIL
PINNA VIÐSKIPTAVINA**

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐSKIPTATÆKIFÆRI!



Vilt þú búa frítt í húsinu þínu?

Til sölu er eignin Þóristún 1 á Selfossi. Glæsileg eign rétt við ána. Um er að ræða tvær eignir á sitt hvoru eignanúmerinu 440 m². Mjög auðvelt er að leigja út frá sér og búa sjálfur í 160 m².

Áhugasamir hafi samband við Einar í Síma: 862-1865

ANDLÁT

Sigríður Benedikta Jónsdóttir, Byggðavegi 86, Akureyri, lést á Kristnesspítala föstudaginn 1. júlí. Jarðarförin hefur farið fram.

Ágústa Steinunn Ágústsdóttir Ward, Stóragerði 20, Reykjavík, lést á Landspítala, Fossvogi, föstudaginn 8. júlí.

Guðrún H. Kristjánsdóttir, Stigahlíð 16, Reykjavík, lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja föstudaginn 8. júlí.

Sigríður Antonsdóttir, Sogavegi 20, Reykjavík, andaðist mánudaginn 11. júlí.

JARÐARFARIR

11.00 **Róbert Cassis** verður jarðsungið frá Hvítasunnukirkjunni Filadelfíu, Hátúni 2.

13.00 **Hildur Björnsdóttir**, Tjarnarbóli 2, Seltjarnarnesi, verður jarðsungið frá Seltjarnarneskirkju.

13.00 **Jóhanna Geirsdóttir**, Skálatúni, Mosfellsbæ, verður jarðsungið frá Lágafellskirkju.

13.00 **Þorsteinn Víðir Valgarðsson**, Hringbraut 114, Reykjavík, verður jarðsungið frá Dómkirkjunni.

13.30 **Hjörtur Jónsson**, Brjansstöðum, Grímsnesi, verður jarðsungið frá Selfoskirkju en jarðsettur í Stóru-Borgarkirkjugarði.

14.00 **Einar Magnús Matthíasson** frá Hólmavík, Hrauntúni 12, Breiðdalsvík, verður jarðsungið frá Heydalakirkju.

14.00 **Páll Kristinn Kristófersson**, Friholti 8, Garði, verður jarðsungið frá Útskálakirkju.

15.00 **Laufey Andrésdóttir** verður jarðsungið frá Hafnarjarðarkirkju.

AFMÆLI

Ómar Stefánsson, bæjarfulltrúi í Kópavogi, er 39 ára.

Edda Björg Eyjólfsdóttir, leikkona, er 33 ára.

Pétur Hafliði Marteinnsson, knattspyrnu- maður, er 32 ára.

Andri Snær Magnason, rithöfundur, er 32 ára.



Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarið í smáletursdálkinn hér á síðunni má senda á netfangið tímamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglýsingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

Sumarsprengja

Landsins mesta úrval af Amerískum ísskápum með eða án klakavél. Hvítir, svartir eða stál



Allt að **30% afsláttur**



Verð frá aðeins kr. **Stgr. 129.900.-**

*Tvöldur LG-kæli-og frystiskápur, hvítur

DVD spilarí með karaokí Sprengjuverð kr. **6.490.-**

ELFUNK 14" Sjónvörp Sprengjuverð kr. **9.900.-**

Mastercook Eldavélar



50 eða 60 cm breiðar með keramik eða steypum hellum. Vandaðar eldavélar á hreint ótrúlegu verði!

Eldavélar Sprengjuverð frá kr. **29.900.-**

Vinsælasta uppvottavélin **TAKMARKAD MAGN**



Edesa uppvottavél LE21S Frábær uppvottavél, tekur 12 manna matar- og kaffistell. 5 þvottakerfi (sparnaðarkerfi) 2 hitastillingar o.m.fl.

RUGLAD VERÐ

Aðeins Stgr. kr. **34.900.-**



WhiteKnight þéttipurrkari CL 767LDO 6kg barkalaus þéttipurrkari, með 2 hitastigum, veltir í báðar áttir. Kælin niður þvottinn áður en hann slekkur á sér. Hægt að leiða vatn í niðurfall.

Aðeins Stgr. kr. **39.900.-**



LG

RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF

- ANNO 1929 -

Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is

Opið laugard. 11:00 -16:00

Fínir bílar

Gerðu góð kaup!



→ **1.630** þ.

RENAULT MEGANE II Nýskr. 07.2004 1600cc, 5 dyra, bsjk., ekinn 13 þ.



→ **1.690** þ.

HYUNDAI TRAJET Nýskr. 02.2003 2000cc, 4 dyra, sjsk., ekinn 75 þ.



→ **3.200** þ.

BMW 120i Nýskr. 12.2004 2000cc, 4 dyra, sjsk., ekinn 1 þ.



→ **2.690** þ.

BMW 318i Nýskr. 06.2003, 2000 cc, 4 dyra, sjsk., ekinn 37 þ.



→ **3.690** þ.

LAND ROVER RANGE ROVER Nýskr. 10.2000, 4600cc, 5 dyra, sjsk., ekinn 68 þ.



→ **1.630** þ.

SUBARU IMPREZA 4WD Nýskr. 06.2003, 2000cc, 5 dyra, sjsk., ekinn 47 þ.



Grjóthálsi 1 **bilaland.is**

Opið mán-fös 10-18

575 1230



Heyrst hefur ...

... að handknattleiksmaðurinn Ólafur Stefánsson hafi á sinn einstaka hátt náð að tyna lykluðum að fataskáp sínum í búningaklefa Lauga þar sem hann stundar nú æfingar af kappi yfir sumartímann. Ólafur sást nýlega stumra um gólf Lauga með stærðarinnar járnklippur sem síðan voru notaðar til að opna hengilásinn.

sport
sport@frettabladid.is

STUÐNINGSMENN PRÓTTARA: EINSTAKLEGA ÁNÆGÐIR MEÐ KLÆDNAÐ ATLA EÐVALDSSONAR

Það er mikill klassi yfir Atla sem þjálfara

Klæðnaður Atla Eðvaldssonar, nýráðins þjálfara Próttara í Landsbankadeild karla, vakti mikla kátínu á meðal Köttaranna, stuðningsmannahóps Próttara, í leiknum gegn ÍA í fyrradag. Minnti Atli um margt á Jose Mourinho hjá Chelsea, klæddur í dökkan og síðan frakka yfir jakkafötin og er ekki hægt að segja annað en að það hafi verið eilítið meiri klassi yfir Atla en hjá kollega hans hjá ÍA, Ólafi Þórðarsyni, sem var eins og venjulega klæddur í æfingagalla Skagalíðsins.

„Við erum gríðarlega ánægðir með Atla. Hann er einstaklega flottur,“ segir Halldór Gyflason, leikari og

ein helsta drifkraftur þeirra Köttara uppi í stúku. Undir dyggri stjórn Halldórs stærstan hluta leiksins sungu Köttararnir í kór: „Óli í jakkafötin, Óli í jakkafötin“ en átta þeir ekki eftir að eiga erindi sem erfiði. „Við vonuðumst eftir að sjá útlitsbreytingu á Óla í hálfleik en hann fór ekki í jakkafötin eins og við báðum hann um. En það er mikill klassi yfir Atla,“ segir Halldór og bætir við að það sé mun meiri still yfir honum heldur en Ásgeiri Eliassyni, fyrrverandi þjálfara líðsins.

Halldór segir ýmislegt til í samanburð-

inum við Mourinho en að Atli minni sig þó frekar á annan frægan kappa. „Mér finnst eins og við séum komnir með Klaus Augenthaler Íslands. Atli er fagaður og yfirvegaður á hliðarlínunni.“ Þessónlega segir Halldór að hvorki jakkafötin né æfingagallinn eigi við sig. „Ef ég væri þjálfari væri ég inni á vellinum. Spilandi þjálfari,“ segir Halldór, sem óttast ekki örlög Próttara í ár. „Ég er alveg sannfærður um að Atli nái að halda okkur uppi.“



> Við biðlum til ...

... systur þeirra Ásthildur og Þóra B. Helgadóttur um að fresta brúðkaupi sínu sem fyrirhugað er sama dag og íslenska kvinnalandsliðið í knattspyrnu mætir því Bandaríska hinn 24. júlí nk. Hvorugar gefa kost á sér vegna brúðkaupsins og þarf ekki að fjölyrða um hversu slæmt er fyrir liði Íslands að vera án þeirra systra gegn einu sterkasta landsliði heims.



> Við hrósum ...

... Atla Eðvaldssyni, þjálfara Próttara, fyrir að mæta á leiki klæddur stílreinum jakkafötum. Atli ber af öðrum þjálfurum deildarinnar, en allir hafa þeir gert að vana sínum að mæta á völlum í æfingagallanum eða í þykkum úlpum merktum sínu félögum.



UPPGJÖR EYJANNA Eyjamenn taka á móti færeyska liðinu B36 í Evrópukeppninni á Hásteinsvöllum í Eyjum í kvöld.

Evrópuleikir ÍBV og Keflavík:

Sögulegur leikur í Eyjum

FÓTBOLTI Eyjamenn og Keflavíkingar spila í dag fyrri leik sinn í 1. umferð undankeppni Evrópukeppni félagsliða. ÍBV tekur á móti færeyska liðinu B36 á Hásteinsvöllum í Vestmannaeyjum en Keflavíkingar leika á útivelli gegn FC Etzella í Lúxemborg.

Það verður söguleg stund í Vestmannaeyjum því þetta er í fyrsta sinn sem íslensk og færeysk félagslið mætast í Evrópukeppni en leikur liðanna hefst klukkan 18:00. B36 er nú í þriðja sæti færeysku deildarinnar en liðið endaði í öðru sæti á síðasta tímabili sjö stigum á eftir meisturum HB. Markahæsti leikmaður liðsins á þessu tímabili var einmitt Alan Mörköre en lék hann með ÍBV frá 1999 til 2000. Auk þessa leika meðal annars með liðinu Fróði Benjaminsen sem lék með Fram í fyrri og Pól Thorsteinsson sem lék í Valsvörninni í 1. deildinni 2000.

Leikur VISA-bikarmeistara Keflavíkur fer fram á Stade du Deich leikvanginum í Ettelbruck og hefst klukkan 16:30 að íslenskum tíma. Þetta er í þriðja sinn sem íslenskt lið mætir liði frá Lúxemborg og í bæði skiptin höfðu íslensku liðin betur. Valur sló út Jeunesse d'Esch út úr Evrópukeppni meistaraliða 1967 og á fleiri mörkum skorðuðum á útivelli og fyrir tíu árum sló síðan KR lið Grevenmacher út úr Evrópukeppni bikarahafa.

-66j

Gerrard betri en enginn

Fyrirliði Liverpool, Steven Gerrard skoraði öll mörk Liverpool í 3-0 sigri gegn velska liðinu Total Network Solutions í 1. umferð Meistaradeildarinnar í gær.

FÓTBOLTI Margir höfðu á orði í síðustu viku að enginn gæti leyst Steven Gerrard af hjá Liverpool. Þá var hann á barmi þess að fara frá félaginu en á síðustu stundu ákvað hann að vera áfram og skrifaði undir nýjan samning. Í gær sýndi Gerrard og sannaði að þeir sömu höfðu líklega rétt fyrir sér.

Hefði ekki verið fyrir hinn magnaða Gerrard er alls ekki víst að Liverpool hefði unnið leikinn gegn TNS í gær. Gerrard, sem að sjálf sögu bar fyrirliðabandið, sannaði heldur betur mikilvægi sitt hjá liðinu með því að skora öll þrjú mörk liðsins í leiknum – hvert öðru glæsilegra.

Leikmenn TNS sýndu aðáunarverða baráttu í 90 mínútur á Anfield og gáfust aldrei upp þrátt fyrir mikla yfirburði heimanna. Allir leikmenn Liverpool, að Gerrard undanskildum, voru gjörðsamlega mislagðir færur upp við mark TNS og var greinilegt að leikmenn eru langt frá því að vera komnir í almennilegt leikform. Flestir leikmanna Liverpool byrj-

STEVEN GERRARD Spilaði frábærlega í gær og var algjör yfirburðamaður á vellinum, þrátt fyrir að hafa að undanförmu gengið í gegnum erfiðasta tíma ævi sinnar, að eigin sögn.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



uðu að æfa í síðustu viku og því kannski ekki hægt að fara fram á stærri sigur. Þriggja marka forskot fyrir síðari leik liðanna ætti að vera feykinnótt fyrir Evrópu-meistarana í næstu viku.

Rafael Benitez, knattspyrnu-

stjóri Liverpool, stillti upp blönduðum hópi af lykilmönnum og nokkrum yngri og óreyndari leikmönnum og er líklegt að hann tefli fram enn meira varaliði í síðari leiknum.

-vig

Robert Pires hjá Arsenal vill fá langtímasamning hjá félaginu:

Galatasary fylgist vel með gangi mála

FÓTBOLTI Forráðamenn tyrkneska stórlíðsins Galatasary segjast vera mjög nálægt því að ná samningi við Robert Pires, franska miðjumanninn hjá Arsenal.

Staðfest hefur verið að Pires neitaði nýlega árs framlengingu á samningi sínum við Arsenal sem rennur út, að öllu óbreyttu, eftir næstu leiktíð. Pires er í leit að langtíma samningi sem forráðamenn Arsenal eru tregir til að veita honum, en Galatasary er

reiðubúin að semja við Pires til fjögurra ára. Galatasary er ekki eina liðið sem hefur áhuga á Pires, en Valencia og önnur lið á Spáni vilja ólm fá Pires í sínar raðir.

Forráðamenn Arsenal eru sagðir líklegir til að taka góðu tilbóði í Pires berist það nú, í stað þess að eiga á hættu að missa hann frítt frá sér næsta sumar. Pires er sagður vilja bíða með að taka ákvörðun um framtíð sína

þar til að komið er í ljós hvað verður um Patrick Vieira, fyrirliða Arsenal, en sögusagnir um að hann sé á leið til Juventus verða sífellt sterkari. Að sögn ýmissa fjölmiðla í Bretlandi er Pires ekki mjög spennur fyrir því að vera áfram hjá Arsenal fari svo að Vieira hverfi á brott, en allt veltur þetta á því hvort forráðamenn Arsenal sjá sér fært að bjóða Pires langtímasamninginn sem hann vill.

-vig



SIGURÐUR SÆMUNDSSON Það eru enn þá laus sæti í íslenska landsliðinu í hestaþróttum, sem keppir á heimsmeistarmóti íslenska hestsins í Svíþjóð í næsta mánuði.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURÐUR

Íslandsmótið í hestaþróttum:

Hörð keppni framundan

HESTAR Íslandsmótið í hestaþróttum hefst í dag á Kjóavöllum, reiðvelli hestamannafélagsins Andvara í Garðabæ.

Sigurður Sæmundsson landsliðsþjálfari í hestaþróttum er viss um að keppni verð hörð. „Heimsmeistaramót íslenska hestsins fer fram í Svíþjóð í næsta mánuði og enn eru laus sæti í landsliðinu. Ég ætla mér að velja hópinn eftir þetta mót og á von á því að margir keppendur berjist um landsliðssætin.“

Hundrað tuttugu og níu knapar eru skráðir á mótið, en keppni hefst í dag klukkan átta að morgni, og er stíf dagskrá alveg fram á laugardagskvöld.

-mh

Opna breska golfmótið:

Nicholas kveður á St. Andrews

GOLF Einn frægasti og sigursælasti golfari allra tíma, Jack Nicklaus, kveður á 134. opna breska meistaramótinu sem hefst á St. Andrews-golfvöllum í dag.

Þetta verður 164. og síðasta stórmótið sem kappinn tekur þátt í en fyrsta var fyrir 46 árum síðan. Nicholas hefur unnið 18 stórmót á ferlinum og endaði 19 sinnum í öðru sæti eitthvað sem engum öðrum hefur tekist.

-66j

A-landslið kvenna valið fyrir leik gegn Bandaríkjunum:

Ásthildur og Þóra ekki með

FÓTBOLTI Jörundur Áki Sveinsson, þjálfari A-landsliðs kvenna í knattspyrnu, hefur valið landsliðshópinn fyrir vináttulandsleik gegn Bandaríkjunum, en leikurinn fer fram hinn 24. júlí í Los Angeles.

Athygli vekur að systurnar Ásthildur og Þóra Helgadóttir eru ekki í hópnum. „Systir þeirra giftir sig þessa helgi og þær verða viðstaddir athöfnina og komast því ekki með. Þeirra er að sjálf-sögðu sárt saknað.“

Margar ungar stelpur, sem eru lykilmenn í A-landsliðinu, verða ekki með í þessari ferð þar sem þær verða með U-21 landsliðinu í Svíþjóð á sama tíma. „Það eru margar stelpur sem hefði verið gott að nota í A-landsleikinn, en leikir U-21 landsliðsins skipta miklu máli og þess vegna ákváðum við að nota flestar stelpurnar sem gjaldgengar voru í yngra



ÁSTHILDUR HELGADÓTTIR Fyrirliðans í íslenska landsliðinu verður sárt saknað í leiknum gegn Bandaríkjunum, sem eiga eitt besta lið í heiminum.

liðið þar.“

Með yngra liðinu verða meðal annarra Greta Mjöll Samúelsdóttir og Margrét Lára Viðarsdóttir, en þær hafa verið með bestu leikmönnum Landsbankadeildar kvenna í sumar.

Tveir nýliðar eru í A-landsliðinu, þær Björk Gunnarsdóttir og Sandra Sigurðardóttir.

-mh

18 HOLU GOLFVÖLLUR

Opna
BYKO mótið 2005

Mótið er opið öllum kyflingum. Punktakeppni + besta skor
Hæsta forgjöf er 24 fyrir karla og 28 fyrir konur.

Glæsileg verðlaun:

Án forgjafar:
3 fyrstu sætin fá verðlaun

Punktakeppni:
5 fyrstu sætin fá verðlaun

Önnur verðlaun:

- Náandarverðlaun, allar fjórar par 3 brautirnar
- Allir fá glaðning á fyrsta teig
- Dregið úr skorkortum

Opna BYKO mótið verður haldið í Golfklúbbi Klöjbergis

Keppnisgjald er 3.000 kr.
Skráning á www.golf.is og í skáta í s: 486 4495

BYGGIR MEÐ ÞÉR

Sami aðili getur ekki fengið verðlaun bæði í punktkeppni og án forgjafar

rigtigt billigt í Nettó

allt að verða vitlaust



40%
afsláttur

sjáið
verðið...

1.139
kr.kg.

Gourmet lamba bláberjasteik
Verð áður 1.899 kr.kg.



927kr.
afsláttur á kg.

1.971
kr.kg.

SS Grand Orange lambafile
Verð áður 2896 kr.kg



199
kr.stk.

KEA pipar- og hvítlauksosa



verðið er
ekkert grín

198
kr.kg.

Ísfugls Buffalóvængir

veldu þér helgarsteik



30%

afsláttur við kassa
SS kampavins helgarsteik



30%

afsláttur við kassa
Borgarnes helgarlamb m/sólþurrkuðum tómötum



30%

afsláttur við kassa
SS grand Orange lambalæri

melónudagar í Nettó!



99
kr.kg.

Vatnsmelónur

99
kr.kg.

Gular melónur

159
kr.kg.

Cantaloupe melónur

hollt
og gott
alltaf!



immi ananas
biður að
heilsa!

99
kr.stk.

Ananas

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 14.-17. júlí (nema annað sé tekið fram) eða meðan birgðir endast
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

netto

Rafael Benitez slakar hvergi á í leikmannaleitinni:

Liverpool á höttunum á eftir Gabriel Milito

FÓTBOLTI Liverpool bauð Real Zaragoza í gær 7,5 milljónir punda í argentínska miðvörðinn Gabriel Milito en fékk þau svör að leikmaðurinn væri ekki til sölu. Rafael Benitez hefur ekki gefið upp alla von um að klófesta hinn 24 ára gamla landsliðsmann, sem átti frábært tímabil með Zaragoza í fyrra. Yfirmaður íþróttamála hjá Zaragoza, Miguel Pardeza, segir að Milito sé mikilvægur hlekkur í liðinu og þungamiðjan í framtíðaráætlunum félagsins.

„Hann er okkur gríðarlega mikilvægur og við viljum halda

honum,“ segir Pardeza, en Milito er með klásúlu í samningi sínum þess efnis að hann geti farið ef tilboð upp á 20 milljónir punda berist í hann. Fyrir tveimur árum munaði litlu að hann gengi til liðs við Real Madrid, en hann féll á læknisskoðun á síðustu stundu vegna gamalla meiðsla í hné. Milito er þessa stundina í fríi í heimalandi sínu en meðferðis hefur hann nýjan samning sem Pardeza bauð honum að loknu síðasta tímabili. „Við höfum boðið honum þriggja ára framlengingu á núverandi samning sínum og ef



GABRIEL MILITO Er lykilmaður í argentínska landsliðinu og stóð sig mjög vel á nýfstaðinni Álfukeppni.

hann samþykkir hann verður hann launhæsti leikmaður félagsins. Það sýnir í hversu

miklum metum hann er hjá okkur,“ segir Perdoza, en Milito á enn eftir að skrifa undir.

ÚR SPORTINU

Sþánverjinn **Guti**, sem leikur með Real Madrid á Spáni, er sagður á leið frá félaginu. Ensku úrvalsdeildarfélagin Tottenham Hotspurs og Everton hafa bæði verið í viðræðum við umboðsmann **Guti**, en hann hefur mikinn áhuga á því að breyta til og leika á Englandi í stað Spánar. **Zoran Vekic**, umboðsmaður **Guti**, segir stöðuna erfiða eins og er. „Það er erfitt fyrir **Guti** að taka ákvörðun um hvar hann á að leika á næstu leiktíð, þar sem hann er í æfingabúðum í Asíu núna. Að auki er þetta mikilvæg ákvörðun, þar sem hann þyrfti að flytja frá borginni þar sem hann er alinn upp, en **Guti** er þó alveg tilbúinn til þess,“ segir Vekic, en skjólstæðingur hans hefur verið varaskeifa hjá Real í mörg ár og iðulega verið sá sem blætt hefur mest með tilkomu alla þeirra stórstjarna sem gengið hafa til liðs við félagið á síðustu árum.



Stuart Pearce, knattspyrnustjóri Manchester City, er orðinn leiður á sögusögnum um að enski landsliðsmaðurinn **Shaun Wright-Phillips** sé á förum frá félaginu. „Allar þessar vangaveltur í fjölmiðlum hafa farið í taugarnar á mér, en **Wright-Phillips** er jafn einbeittur á æfingum og hann er í leikjum.

Hann er einfaldlega frábær persónuleiki og þess vegna er hann að ná svona langt. Hann er jarðbundinn og lætur ekkert trufla sig þegar hann spilar fótbolta. Vonandi verður hann hjá félaginu á næstu leiktíð. Ef það væru margir ungir leikmenn með sama hugarfar og **Shaun Wright-Phillips** þá væri ég ánægðari knattspyrnustjóri,“ segir Pearce, sem virðist þannig ekki vera sjá Pálma Rafn Pálmason sem hentugan arftaka **Wright-Phillips**.

Peter Kenyon, stjórnarformaður Chelsea, lagði fram risatilboð í **Mikael Essien** leikmann Lyon í Frakklandi í gær. Því var neitað en forseti Lyon **Jean-Michel Aulas** sagði tilboð Chelsea hafa verið gríðarlega hátt, og vildi hann ekki gefa upphæðina upp. „Tilboð Chelsea var ótrúleg hátt. Ég get ekki gefið upphæðina upp því þá héldu aðdáendurnir að ég væri galinn. Það verður ekki hægt að halda **Essien** hjá Lyon ef hann vill ekki vera hér. En stjórn félagsins gerir allt til þess að sannfæra hann um að vera áfram hjá Lyon. Hér getur hann orðið enn betri og þess vegna vonum við að hann verði hér.“



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚLÍ

11 12 13 14 15 16 17

Fimmtudagur


- LEIKIR
- 20.00 Völsungur fær KA í heimsókn í 1. deild karla. Leikið verður í Húsavík.
- 20.00 Fjölnir tekur á móti Víkingi úr Reykjavík í 1. deild karla í Grafarvoginum.
- 20.00 Haukar taka á móti Breiðablik í 1. deild karla í Hafnarfirðinum.
- SJÓNVARP
- 08.00 Opna breska meistaramótið í golfi á RÚV.
- 18.20 US PGA mótið í golfi á Sýn.
- 18.50 Kraftasport á Sýn.
- 19.20 Íslandsmótið í Galaxy Fitness á Sýn.
- 22.00 Sterkasti maður heims á Sýn.
- 23.00 AVP Pro Strandblak á Sýn.
- 00.05 Beyond the Glory – NFL deildin á Sýn.

GOTT ÚRVAL STAFRÆNNA MYNDAVÉLA

KONICA MINOLTA

GLÆNÝTT MÓDEL

- Örsma og nett hágæða DIGITAL MYNDAVÉI
- 5 MegaPixel upplausn
- Stór 2,5" LCD skjár
- Vönduð aðdráttarlinsa
- 3 x zoom
- Aðeins 0,5 sekúndur að ræsast
- Hágæða hreyfimyndataka með hljóði
- Rafhlaða sem endist í 150 myndir



VERÐ 29.990

FRÁBÆRT KYNNINGARVERÐ

DiMAGE X60
5 MEGAPIXEL

SÝND HÉR Í RAUNSTÆRÐ

8,35sm x 5,6sm x 2,2sm - 125 grömm



OLYMPUS C370Z

Digital MYNDAVÉI með 3,2 milljónir punkta upplausn, 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom, 5,8 - 17,4mm (35mm samb.: 38 - 114mm) linsu, 1,5" LCD skjá, hágæða hreyfimyndatöku, Auto Flass og Red Eye Reduction, tímarofa, USB tengingu við tölvu og 12mb innra minni.

3,2 MEGAPIXEL

TILBOÐ 11.990

FULLT VERÐ kr. 19.990



OLYMPUS FE550

Digital MYNDAVÉI með 5 milljónir punkta upplausn, 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom, 5,8 - 17,4mm (35mm samb.: 35 - 105mm) linsu, 2" LCD skjá, hágæða hreyfimyndatöku með hljóði, Auto Exposure, tímarofa, USB tengingu við tölvu, notar XD kort og 14mb innra minni.

5 MEGAPIXEL

VERÐ 24.990

FRÁBÆRT VERÐ



KONICA MINOLTA DiMAGE G600

Litil Digital MYNDAVÉI með 6 milljónir punkta upplausn, 3x Optical Zoom og 3x Digital Zoom, Autofocus, hreyfimyndatöku, Red Eye Reduction, tímarofa og USB tengingu. Notar bæði SD kort og Memorystick.

6 MEGAPIXEL

TILBOÐ 26.990

FULLT VERÐ kr. 34.990

ÓTRÚLEGA LÍTIL DIGITAL TÖKUVÉL MEÐ 3CCD MYNDFLÖGUM OG 5 MEGAPIXEL KYRRMYNDATÖKU - ÞAÐ NÝJASTA FRÁ JVC!

JVC NÝ SENDING KOMIN

GZMC500

Ótrúlega Nett Digital Media TÖKUVÉL með þremur 1/4,5" ípptökufloögum með 1,33 MegaPixel upplausn, 5 MegaPixel kyrrmyndatöku (2.560x1.920 Pixelar), 1,8" LCD skjá, 4GB MicroDrive, hægt að taka upp á Microdrive, CompactFlash og SecureDigital kort, 10x Optical Zoom og 200x Digital Zoom, innbyggðri vef og kyrrmyndavél, Dolby Digital hljóðupptaka, Snapshot möguleiki, titringsdeyfi og USB2 tengi. Stærð: (b x h x d): 8,0x5,5x11,8 sm . Þyngd 400g.

5 MEGAPIXEL

TILBOÐ 139.990

FULLT VERÐ kr. 179.990

TÖKUVÉL ÁN SPÓLU

MEÐ 4GB MicroDrive



STAFRÆNAR TÖKUVÉLAR

JVC GRD21

Digital DV TÖKUVÉL með 2,5" LCD skjá með 1/6 CCD upptökufloegu með 800.000 díllum, 700x Super Digital Zoom, 16x Optical Zoom, endingargöðri rafhlöðu og Digital ColorNightScope (myndar í myrkn).

TILBOÐ 29.990

FULLT VERÐ kr. 39.990



JVC GRD240

Digital DV TÖKUVÉL með 2,5" LCD skjá með 1/6 CCD upptökufloegu með 800.000 díllum, 800x Digital Zoom, 25x Optical Zoom, DV útgangi, endingargöðri rafhlöðu og Digital ColorNightScope (myndar í myrkn).

TILBOÐ 44.990

FULLT VERÐ kr. 54.990



1971 - 2005

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBODSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍK/RSV/EDÍD: Hagkaup, Smáralind, VESTURLAND: Hjómeyn, Akranesi, Kaupfélag Borgfirringa, Borgarnesi, Blómsturvellir, Hellissandi, VESTFIRDÍR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi, NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík, KF V-Húmetninga, Hvammstanga, KF Húmetninga, Blönduós, Skagfirringabúð, Sauðárkrúki, Ljósgröf, Akureyri, Öryggi, Húsavík, AUSTURLAND: KF Héraðsbúa, Egilsstöðum, Verslunin Vík, Neskaupsstað, Kauptún, Vopnafirði, KF Héraðsbúa, Seyðisfirði, Tumbraður, Seyðisfirði, Spærkaup, Fáskrúðfirði, Martólvan, Höfn Hornafirði, SUÐURLAND: Mosfell, Hellu, Fosseraf, Selfossi, Rás, Þorlákshöfn, Brimnes, Vestmannaeyjum, REYKJANES: Rafendatækni, Kellavík, Rafhlagnavinstofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði, Rafmætti, Hafnarfirði.

Kjúklingabringur

klikka ekki á grillinu!

MÓA MAGNKAUP
KJÚKLINGABRINGUR

1.998 kr. kg

Pú sparar 497 kr.

Venjulegt verð í Nóatúni er 2.495 kr./kg.

20%

afsláttur
við kassa

40%
afsláttur
við kassa

GOURMET OFNSTEIK
M. RAUÐVÍNSBLÆ

947 kr. kg

Pú sparar 632 kr.

Venjulegt verð í Nóatúni er 1.579 kr./kg.

2 FYRIR **1**

2 FYRIR 1 NÓATÚNS
STÓR
SAMLOKUBRAUÐ

198 kr. 2stk

SPARAÐU



PLÓMUR

129 kr. kg

3 FYRIR **2**

3 FYRIR 2 NÁTTÚRU
SAFI

278 kr. 3l



NÓATÚN

OPIÐ
TIL KL. **21** ALLA DAGA



ÚTSALAN ER HAFIN

OPNUM KL.07:00

EKKI MISSA AF FLOTTUSTU ÚTSÖLUNNI

40% AFSLÁTTUR AF ÖLLUMVÖRUM

NEXT

KRINGLUNNI



Gestalæti í Dómkirkjunni

! Reykholtshátíð verður haldin í níunda sinn dagana 22. til 24. júlí í Reykholtskirkju. Það verður boðið upp á fjölbreytta dagskrá á hátíðinni sem hefur að leiðarljósi að flytja sígilda tónlist í sögulegu umhverfi.

Tónlistarhópurinn Gestalæti heldur tónleika í Dómkirkjunni klukkan 20 í kvöld. Hópurinn samanstendur af fimm stúlkum sem allar stunda tónlistarnám í Reykjavík. Hópurinn skipa: Anna Helga Björnsdóttir píanóleikari, Arnbjörg María Danielsen sópran, Björg Magnúsdóttir píanóleikari, Guðbjörg Sandholt mezzosópran og Guðný Þóra Guðmundsdóttir fiðluleikari. Á tónleikunum í Dómkirkjunni verða flutt verk eftir Bach, Vivaldi, Handel, Mozart, Verdi, Jón Nordal og Bizet. Hópurinn hefur haldið fjölda tónleika í Iðró og Dómkirkjunni í sumar og er hluti af sumar dagskrá Hins Hússins. Tónleikarnir í Dómkirkjunni í kvöld eru síðustu kvöldtónleikarnir en Gestalæti halda einnig hádegistónleika í Dómkirkjunni þriðjudaginn 19. júlí kl 12.15. Aðgangur er ókeypis á alla tónleika Gestalæta.



GESTALÆTI Tónlistarhópurinn Gestalæti heldur tónleika í Dómkirkjunni klukkan 20 í kvöld.

EKKI MISSA AF...

...hádegis-tónleikum í **Hallgrímskirkju** klukkan 12 í dag þar sem **Douglas A. Brochie** leikur á Klais-orgelið.



...kvöldgöngu um slóðir íslenskra glæpasagna í Reykjavík í bókmenntagöngu **Borgarbókasafnsins** sem hefst klukkan 20 fyrir utan gamla **Geysishúsið**, Vesturgötumegin.

...tónleikum í **Stúdentakjallaranum** klukkan 21 í kvöld með **Skakkamanage, Glasamar Further Than Far Far** og **Markúsi Bjarnasyni**.

menning

menning@frettabladid.is

NASA

FIMMTUD. 14. JÚLÍ

STÓRTÓNLEIKAR

TIL STYRKAR

UNGUM FORELDNUM

SÁLIN
FRÆBBLARNIR
Á MÓTI SÓL
HEIÐA ÚR IDOLJNU
LÍKN

MIÐAVERÐ AÐEINS
1000 KR.

HÚSIÐ OPNAR KL. 21.00

FÖSTUD. 15. JÚLÍ

STYRKARBALL

GAY PRIDE

MIÐAVERÐ AÐEINS
1000 KR.

HÚSIÐ OPNAR KL. 23.00

LAUGARD. 16. JÚLÍ

SKÍTA

MÓRALL

AÐEINS
500
KALL INN

HÚSIÐ OPNAR KL. 23.00
ALDURSTAKMARK 20 ÁRA

NÁNARI UPPLÝSINGAR

NASA.IS

ÞAR SEM ÍSLENDINGUM
FINNST SKEMMTILEGAST AÐ DJAMMA

Lokatónleikar Loka

Fjórar ungar listakonur bjóða upp á tónlistarveislu

Strengjartettinn Loki ætlar að halda lokatónleika sína í Listasafni Sigurjóns á Laugarnesinu klukkan 20 á föstudagskvöld. Tónleikarnir eru lokahnykkurinn á sex vikna starfi Loka fyrir Skapandi sumarstarf Hins hússins og er ókeypis inn. Fjórar ungar listakonur skipa Loka, en það eru þær Auður Agla Óladóttir, Gunnhildur Daðadóttir, Gróa Margrét Valdimarsdóttir og Júlía Mogensen.

Flutt verða tvö verk, annars vegar Strengjartett eftir Beethoven Opus 132 og hins vegar Strengjartett númer þrjú eftir Béla Bartók.

„Við erum búnar að starfa saman í Listaháskólanum í nokkur ár og útskrifumst af tónlistardeildinni næsta vor. Á tónleikunum spilum við kammertónlist en hana höfum við lagt stund á hjá Gunnari Kvaran,“ segir Auður Agla.

Markmið Loka hefur í sumar verið að kynna klassíska tónlist fyrir fólki og sýna að hún væri ekki eingöngu flutt í hátíðlegum tónlistarsöllum. „Við vildum höfða til breiðari hóps og æfðum upp mjög fjölbreytta dagskrá, allt frá



STRENGJARTETTINN LOKI heldur ókeypis lokatónleika á föstudagskvöld.

sextánda aldar tónsmíðum til verka sem voru samin í vor. Svo fórum við á ýmsar stofnanir og opinbera staði, þar á meðal Elliheimili, leikskóla, sjúkrahús og fangelsi.“

Auður segir að þeim þyki skemmtilegast að spila fyrir fólk sem sýni áhuga á tónlistinni hvort

sem það kunni að meta hana eða ekki. „Það er skemmtilegast þegar fólk leggur við hlustir og myndar sér skoðun. Fangarnir eru til dæmis mjög hreinskilinn hlustendahópur og stundum voru viðbrögðin allt frá því að vera „rosalega er þetta falleg tónlist“ í „þetta er ekki skemmtilegt“. ■



FÖNKHLJÓMSVEITIN LLAMA Heldur tónleika í Norræna húsinu klukkan 12:15 í dag. Danshópurinn Svið-group spinnur dans í takt við tónlistina.

Llama í Norræna húsinu

Fönkhljómsveitin Llama heldur tónleika í Norræna húsinu klukkan 12:15 í dag. Llama hefur verið nokkuð áberandi á götum borgarinnar í sumar, og hefur margoft komið fram á Lækjartorgi, Austurvelli, Ingólfsstorgi og Laugavegi. Hljómsveitin einbeir sér að flutningi hrynhretrar tónlistar hvaðanæva að úr heiminum, hvort sem um er að ræða fönk, djass eða latin. Hljómsveitina skipa Steingrímur Karl Teague á píanó, Snorri Haraldsson á tenór-saxófón, Magnús Trygvason Elíasen á trommur, Andri Ólafsson á kontrabassa og Finnur Guðmundsson á trompet.

Á sama tíma spinnur danshópurinn Svið-group dans í takt við tónlist hljómsveitarinnar. Svið-group skipa Ásgerður Gunnarsdóttir, Melkorka S. Magnúsdóttir, Vigdís Eva Guðmundsdóttir og Katrín Gunnarsdóttir.

Aðgangur er ókeypis. ■

Sumartónleikar í Sigurjónssafni

„Þetta er 17. sumarið sem sumartónleikaröðin er haldin í Sigurjónssafni. Þegar við byrjuðum með þetta stíluðum við inn á að aðgangseyrir væri ekki hærrí en í bíó sem á þeim tíma var 400 krónur en svo höfum við þurft að hækka verðið og nú kostar 1500 krónur inn á tónleikana,“ segir Hlíf Sigurjónsdóttir fiðluleikari og listrænn stjórnandi sumartónleikaraðarinnar í Sigurjónssafni.

Fjóru tónleikarnir í röðinni voru á þriðjudaginn og þeir síðustu verða haldnir hinn 6. september. Hlín segir að almennt hafi um 40 til 60 manns verið að mæta á tónleikana það sem af er sumri.

„Við auglýsum í janúar eftir umsækjendum sem vilja koma fram á tónleikaröðinni. 30 hópar sóttu um fyrir sumarið en við gátum einungis valið 12 af þeim sem sýnir að þörf er á slíkri tónleikaröð,“ segir Hlíf og bætir við að stílað sé inn á mikinn fjölbreytileika við val á flytjendum en að allir séu þeir klassískt menntaðir í tónlist.

Næstu tónleikar í sumartónleikaröðinni verða í Sigurjónssafni á þriðjudaginn 19. júlí klukkan 20:30 þegar Kristján Orri Sigurleifsson kontrabassaleikari og Eva Zöllner harmonikkuleikari flytja nútímatónlist eftir íslensk, þýsk og bandarísk tónskáld. ■



KONTRABASSI OG HARMONIKKA Kristján Orri Sigurleifsson kontrabassaleikari og Eva Zöllner harmonikkuleikari leika nútímatónlist eftir íslensk, þýsk og bandarísk tónskáld á næstu tónleikum í sumartónleikaröð í Sigurjónssafni á þriðjudaginn klukkan 20:30.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚLÍ
11 12 13 **14** 15 16 17
Fimmtudagur

TÓNLEIKAR

- 12.00 Hádegistónleikar í **Hallgrímskirkju** með **Douglas A. Brotchie** sem leikur á Klaisorgelið. Tónleikamir eru á vegum Sumarkvölds við orgelið. Á efnisskrá eru fjögur verk sem öll tengjast sól og sumri, þættir úr Sumarmyndum, Summer sketches, op. 73 eftir Edwin H. Lemare (1866-1934), Sumarblik, Summershimmer, eftir Barböru Harbach (f. 1956), Adagio úr Sumrinu í Árstíðum Vívaldis í umritun eftir Ridout og Sólarálmur, Hymne au soleil, op. 53/3 eftir Louis Vierne.
- 12.15 Fönkhljómsveitin **Llama** heldur hádegistónleika í **Norræna húsinu**.
- 15.00 Tríoíð **Drýas** heldur tónleika á **Árbæjarsafni**. Í Drýas eru þær Herdís Anna Jónasdóttir söpran, Þorbjörg Daphne Hall selló og Laufey Sigrún Haraldsdóttir pianó. Á efnisskránni eru aðeins íslensk verk, m.a. þjóðlög í útsetningum Jónasar Tómassonar og Íslensk sönglög.
- 20.00 Tónleikar með klassíska tónlistarhópnum **Gestalátum** í **Dómkirkjunni** þar sem áhersla er lögð á verk frá barokktímabilinu.
- 21.00 Tónleikar í **Stúdentakjallaranum** með **Skakkamanga**, **Glasamar Further Than Far Far** og **Markús Bjarnason**. Aðgangseyrir er 300 krónur.
- 21.00 Gítardúettinn **Duo Nor** með tónleika á **Gamla Bauk** á Húsavík. Dúettinn er skipaður þeim Ómar Einarssyni og Jakobi hagerdom-Olsen.
- 21.30 Tónleikar í **Ketilhúsinu** á Akureyri. **Park project**: Pálmi Gunnarsson, söngur og rafgítar, Agnar Már Magnússon, pianó og hammond, Kristján Edelstein, rafgítar og Benedikt Brynleifsson, trommur.

OPNANIR

- 10.00 Myndlistarkonan **Helga** opnar sýninguna **List Sálarrinnar** í **Feng Shui húsinu** að Laugavegi 42. Sýningin stendur yfir til 14. ágúst og er opin alla virka daga frá klukkan 10-18 og sunnudaga frá klukkan 13-16.
- 17.30 Listamennirnir **Ute Breitenberger** og **Johann Soehl** frá Cuxhaven dvelja nú gestavinnustofu **Hafnarborgar** og opna sýningu í kaffistofunni þar.

KVÖLDGÖNGUR

- 20.00 Gengið verður um slóðir íslenskra glæpasagna í Reykjavík í bókmenntagöngu Borgarbókasafnsins. Leiðsögumenn verða **Úlfhildur Dagsdóttir** bókmenntafræðingur og **Margrét Árnadóttir** leikkona sem munu hitta göngufólk fyrir utan gamla **Geysishúsið**, Vesturgötumegin. Þátttaka ókeypis og allir velkomnir.

UPPISTAND

- 22.00 Uppistand á **Gauki á Stöng**. Fram koma Rökkvi Vésteinsson, lagmenning.is, Beggi Blindi og Oddur Boxer, boxer.is. Kr. 500 inn og 18 ára aldurstakmark. Ekki fyrir viðkvæma, Svartur húmor Mæting kl. 22:00. Allur ágóði rennur til Geðhjálpur og Barnaspítala Hringins.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síð en sólarhring fyrir birtingu.

Það leynast 25 miðar með milljón króna vinningi meðal okkar!
Sá á fund sem finnur

Gerir lífið meira spennandi

HAPPA PRENNAN

SAMSUNG Digimax 402

- 4,2 milljón pixla
- 5 x stafrænn aðdráttur
- 1,8" skjár
- 16 mb innra minni
- Tekur video með hljóði
- Hleðslusett fylgir með
- Verð: **14.950 kr**

2.990 kr. á mánuði*

HANS PETERSEN **Kodak EXPRESS**

* Verð miðast við léttgreiðslur Visa eða Euro til fimm mánaða

birta
SJÓNVARPSDAGSKRÁ VIKUNNAR »

Listin er fjöregg samtímans

LEIKLIST

VALGEIR SKAGFJÖRD

Örlagaegginn

Borgarleikhúsið, Reykviska Listaleikhúsið. Söngleikur byggður á sögu Mikail Búlgakov. Sýnt á Litla sviðinu.

Leikgerð: Höskuldur Ólafsson **Tónlist:** Pétur Þór Benediktsson og Höskuldur Ólafsson **Leikmynd:** Elma Backman **Búningar:** Björg Guðmundsdóttir **Dansar:** Halla Ólafsdóttir **Hár og förðun:** Eva Guðjónsdóttir **Hreyfimyndir:** Hlynur Magnússon **Hljóð og raftónlist:** Steini Plástik **Leikstjóri:** Bergur Þór Ingólfsson **Leikarar:** Ilmur Kristjánsdóttir, Marianna Clara Lúthersdóttir, Ólafur Steinn Ingunnarson, Esther Talía Casey, Sveinn Ólafur Gunnarsson, Aðalbjörg Þóra Árnadóttir, Stefán Hallur Stefánsson, Sólveig Guðmundsdóttir, Hallgrímur Ólafsson og Magnús Guðmundsson.

Saga Búlgakovs um örlagaegginn á talsvert erindi við okkur í dag. Sjálfsgagt hefði hann sjálfan tæplega rennt grun í hver þróunin yrði á Vesturlöndum í fréttaplutningi og upplýsingamiðlun í upphafi tuttugustu og fyrstu aldar, en við sem lifum á þessari túrbó-upplýsingaöld verðum áþreifanlega vör við afleiðingar afbakaðs og misvísandi fréttá- og upplýsingaflæðis nú á dögum. Hitt er svo annað mál hvort sýning þessa leikhóps sem komin er saman eftir sex ár til að endurskapa vel heppnaða sýningu frá stúdentarárunum eigi jafnmikið erindi upp á leiksvið í atvinnuleikhúsi, þrátt fyrir að margir sem þar komu við sögu hafi sótt sér menntun í listinni.

Fjörugt hugmyndaflug

Ekki skortir hugmyndaflugíð í þessa sýningu og leikstjórinn kann ýmislegt fyrir sér í því að finna flottar sviðslausnir – en að koma innihaldi verksins í ögrandi brennipunkt og krefja áhorfendur um að taka afstöðu til innihaldsins er ekki það sem skiptir máli hér. Samtölin verða stefnulaus og drukkna oft í miklum aðgerðum og líkamstilburðum á sviðinu og þegar söngnúmerin bresta á þá er textaframburður svo óskýr að ekki skilst eitt einasta orð. Undanskilið er besta lag sýningarinnar sem sungið er af Esther Taliu í hlutverki Maríu en einmitt það verður alveg óskiljanlegt í ljósi þess að María þessi er utangátta í allri rás viðburðanna. Sömuleiðis var hljóðstjórnin ónákvæm og ljósin svo dauf að stundum sást ekki í leikarana á sviðinu. Einhvern veginn var alltof mikið los á öllu og lopinn teygður svo að sýningin, eins löng og hún annars var, hélt ekki athygli áhorfandans við söguna.

Misgóðir leikarar

Leikararnir stóðu sig misvel en Ilmur Kristjánsdóttir sýndi það að hún er klassa leikkona, en mér virtist hún tapa stundum einbeitingu á þeirri sýningu sem ég var (2. sýning) og mér fannst ég merkja þreytu á rödd hennar. Hún skilaði vönduðum leik engu síður. Tveir leikarar debutera í þessari sýningu, Ólafur Steinn og Aðalbjörg Þóra. Þau komust bæði vel frá sínu. Ólafur vann áreynslulítið úr sínum karakter og gerði hann sympatískan en Aðalbjörg spilaði meira á kómikina í sínum leik. Marianna Clara er þrýðis gamanleikkona en það voru of miklar brotalamir í persónusköpuninni til að allt gengi upp.

Slöpp persónusköpun

Persónusköpun almennt var ábótav



ILMUR KRISTJÁNSDÓTTIR Ilmur í hlutverki sínu sem prófessorinn í Örlagaeggjunum. Valgeir Skagfjörð segir leikkonuna sýna það í verkinu að hún er klassa leikkona.

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

KALLI Á ÞAKINU
e. Astrid Lindgren • Í samstarfi við Á þakinu
Su 26/6 kl 14, Lau 9/7 kl 14, Su 10/7 kl 14, Su 17/7 kl 14

ÖRLAGAEGGIN-SÖNGLEIKUR
2. sýning 9/7, 3. sýning 14/7, 4. sýning 15/7, 5. sýning 16./7, 6. sýning 22/7, 7. sýning 24/7 og lokasýning 28/7

Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
5/7, 11/7, 12/7, 13/7 kl. 14-18 6/7, 7/7, 8/7, 14/7, 15/7, 17/7, 22/7, 28/7 kl. 14-20
10/7, 17/7 kl. 12-18 LOKAÐ 18/7 - 21/7, 23/7-27/7, 29/7-11/8

Stjórarnir eru Thomas MEYER, Darius STROOS & Marco DARRIN

Annie

í Austurbæ

Forsýningar í kvöld kl. 19 örfá sæti laus
Forsýning fös. 15/7 kl. 19 örfá sæti laus
Frumssýning sun. 17/7 kl. 16 örfá sæti laus

mid.is
551 4700 & 551 0200

Jóhannes Ásbjörnsson Sigurjón Brink Pálmi Sigurhjártarson
Leikstjóri / Hilmir Snær Guðnason

BÍTL

Tónleikurinn



Næsta sýning föstudaginn 15. júlí
Öll bestu Bítalöggin í bland við almennt eðalgens!

"Samhljómur raddanna var einatt slíkur að unun var á að hlýða"

Sveinn Haraldsson, Mbl

Föstudagur 15. júlí Örfá sæti
Föstudagur 22. júlí
Fimmtudagur 5. ágúst

Framkvæmdastjórn / Róbert Aron Róbertsson
Tónlistarstjórn / Pálmi Sigurhjártarson
Leikmynd og lýsing / Sigurður Kaiser
Hljóðstjórn / Úlfar Jacobsen

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

loft **KASTALINN** ☎ 552 3000
loftkastalinn.is

Ránið á týnda eistanu


[MYNDASÖGUR]

UMFJÖLLUN

Garth Ennis er býsna hress og skemmtilegur myndasöguhöfundur sem kallar ekki allt ömmu sína þegar kemur að blóðsúthellingum og ofbeldi. Hann vakti fyrst athygli með margrómuðum sögum um The Preacher og kom svo hinum refsiglaða Punisher til bjargar með hinni mögnuðu og hrottalegu sögu Born. Sögur Ennis af The Punisher, sem koma svo í framhaldinu, eru það hressilegasta sem sést hefur af þessu hauskúpskreytta bófabana og kærkomin vítaminsprautu fyrir blóðþyrsta aðdáendur kappans.

Ennis er á Punisher-nótum í sögum sínum um The Rifle Brigade, harðsnúnustu sérsveit sem sögur fara af. Sögurnar gerast í seinni heimsstyrjöldinni og fjalla um ævintýri sex manna hersveitar undir stjórn hins eitilharða Hugo Darcy kaftains. Þessir konar taka að sér, með bros á vör, vonlaus verkefni sem eru ávísun á skelfilegan dauðdaga og eru oftast handan við víglínu óvinanna. Þetta gengi minnir mest á 12 rudda úr samnefndri bíómynd nema hér eru ruddarnir aðeins sex og helmingi bilaðari en hópurinn sem Lee Marvin leiddi á hvíta tjaldinu.

Persónusköpunin er ekki upp á marga fiska en hver hermaður sérhæfir sig í ákveðnum drápsaðferðum en leggja ekki mikið til málanna að öðru leyti. Tróllið Sergeant Crumb segir til dæmis aldrei annað en „EY-OOP!“ á milli þess sem hann drepur þýska hermenn með berum höndum, Geezer liðþjálfari gargar ekkert nema „YER AHT OF ORDAH!“ og eini Amerikaninn í hópnum, Hank the Yank, er sérfræðingur í meðferð sprengiefna og heyrir aldrei segja annað en „GAWD DAMMIT“. Skoski sekkjapípu-leikarinn The Piper lætur sér svo nægja að drepa menn með skelfilegum hljóðfæraleik sínum en er þögull sem grófin þess á milli.



ADVENTURES IN THE RIFLE BRIGADE
HÖFUNDUR: GARTH ENNIS
TEIKNARI: CARLOS EZQUERRA

NIÐURSTAÐA: Persónusköpunin er ekki upp á marga fiska en hver hermaður sérhæfir sig í ákveðnum drápsaðferðum en leggja ekki mikið til málanna að öðru leyti. Ofbeldi og groddahúmor er aðal-málið og þegar ruddaskapurinn fer að verða full einhæfur kemur Ennis með geggjaðan og ógleymanlegan uppásún-ing á Riders of the Lost Ark.

Það er því Darcy sem er óumdeild aðalpersóna sagnanna og aðaltöffarinn en undirmaður hans, Cecil „Doubtful“ Milk, gerir honum stundum lífið leitt með því að tjá honum ást sína á viðkvæmum augnablikum.

Þessir skrattakollar gera Hitler og hans hyski margar skræveifur og skemmta lesendum um leið með frábærum fantaskap. Þetta verður þó óneitanlega svölitið einhæft til lengdar en þegar maður er um það bil að fá nóg af blóðslettum og fjúkandi útlimum nær Ennis göðu flugi í sögunni Operation Bollock en þar þurfa Darcy og félagar að komast yfir annað eista Adolfs Hitler sem er þeirri náttúru gætt að sá sem ber það í formalínkrukku er ósigrandi. Sagan minnir um margt á Raiders of the Lost Ark en sjúkurlíkurinn gerir það af verkom að hún verður ógleymanlegur uppásún-ingur á ævintýri Indiana Jones.

Þórarinn Þórarinnsson



GOTT FOLK MCGANN

Það er gott að
“Pulsur”
sig niður eftir
barnaafmælið!



DEAKIN ESTATE SHIRAZ: Ólgandi og afgerandi

Áströlsku vínin Deakin Estate sem nýlega komu á markaðinn héraðslendis hafa vakið mikla athygli og þykja öflug vín á hagstæðu verði. Deakin Estate leggur mikið upp úr því að rækta gæðaprúgur og framleiða úr þeim vín með ólgandi bragði og afgerandi karakter. Deakin Estate er framleitt í Victoria, einu frjósamasta og gjöfulasta svæði Ástralíu. Nafnið Deakin er til heiðurs Alfred Deakin, fyrrum forsætisráðherra Ástralíu og frumkvöðli í landbúnaði og víngerð.

Hér á landi fást fimm tegundir vína frá Deakin Estate í öllum helstu Vínbúðum. Eitt þeirra er Deakin Estate Shiraz sem þykir ein bestu kaup í áströlskum vínunum í dag. Áströlsk blöð hafa verið óspör á lofsyrði, The Courier Mail gaf víninu 90 stig og telur það „bestu kaup“ og Herald Sun telur það með bestu vínunum í sínum verðflokk.

Verð í Vínbúðum 1.290 kr.



HOCHEIMER: Stöðugt vinsælt

Frankhof Hocheimer Daubhaus Riesling Kabinett eins og þetta hvítvín heitir fullu nafni, á sér tryggja aðdáendur á Íslandi enda búið að vera í sölu í Vínbúðum um áratuga skeið. Þetta er ferskt og gott vín með tölverðri sætu sem býður manni upp á að njóta þess eins og sér eða með góðum mat eins og laxi, salati og hvítu kjöti. Það er einstaklega gott með austurlenskum réttum svo sem indverskum korma-kjúklingi eða svínakjöti í vindaloo.

Ekki skemmir verðið fyrir en flaskan kostar ekki nema 890 kr. og fæst í flest öllum Vínbúðum. Vert er að geta þess að í þeim búðum þar sem kælisápur er til staðar má finna vínin í þeim.

Verð í Vínbúðum 890 kr.



MYNDARLEG Anna María Ragnarsdóttir gerir salatið oft enda hentar það vel fyrir svona dómur sem koma seint heim á kvöldin og hafa ekki allan heimsins tíma til að eyða í eldhúsinu.

Skvísulegt kjúklingasalat

Anna María Ragnarsdóttir er ekki í vandræðum með að miðla uppskrift að hollum og góðum réttum enda hefur hún unun af því að búa til eitthvert gúmmulaði. Anna María er snyrtifræðingur hjá Clarins en hún hefur líka verið viðriðin líkamsræktargeirann og kennir nú leikfimi í World Class. Aðspurð um uppáhaldsmatinn sinn segist hún vera afar svag fyrir taflenskum og indverskum réttum en hún sé jafnframt orðin ansi lágín við að útbúa kjúklingasalöt og hún gefur uppskrift af einu slíku hér fyrir neðan.

„Ég elda eiginlega bara kjúklingarétti, fyrst og fremst af því að kjúklingur er svo góður en líka vegna þess að hann er hollur og próteinríkur. Maður er jú alltaf að reyna að hugsa um heilsuna og mataræðið þótt maður leyfi sér ýmisleg við og við,“ segir Anna María og bætir við að hún eldi mest af kjúklingabringum. Hún segist oft vera bara með kjúklingabringum og gott salat með. Þótt Anna María sé ein í heimili með syni sínum eldar hún nánast alltaf. „Mér finnst voða gaman að elda og finnst gaman að prófa eitthvað nýtt þegar ég er með matarboð. Þá glugga ég gjarnan í Gest-

gjafann eða fæ góð ráð hjá bróður mínum sem er kokkur af guðs náð. Ég hef lært heil ósköp af honum, sérstaklega þegar kemur að taflenskri matargerð.“

Anna María segist nánast alltaf eiga pestó og salat í ísskápnum ásamt tómötum. Hún notar aldrei niðursoðna tómata heldur ferska því það er svo mikið af andoxunarefnum í þeim sem eru svo holl.

Ég versla mjög mikið í Maður lifandi. Ég kaupi spelt pasta í stað venjulegs því stráknunum mínum finnst pasta svo gott og ef það er spelt þá get ég fengið mér með honum,“ segir hún og hlær.

Anna María byrjar alltaf á því að skera kjúklingabringurnar í litla munnbita og steikja þá á pönnu upp úr smá olíu. Þegar bitarnir eru orðnir brúnaðir setur hún bbq-sósuna út í, kryddar með pipar og lætur malla í nokkrar mínútur. Svo setur hún kjúklinginn í skál og lætur hann kólna meðan hún útbýr salatið. Þá setur hún salatið í skál og blandar því saman. Að þessu loknu er pestóinu bætt út í og salatinu velt vel upp úr því. Síðan eru kirsu-berjatómatar skornir í tvennt og bætt út í ásamt papríku sem er gróft skorin. Næst er rauðlaukurinn saxaður afar smátt og settur út í ásamt fetastinum. Anna María leyfir olíunni úr krukunni að fljóta með. Svo kryddar hún ör-lítið með hvítlaukssalti til að skerpa á salatinu. Svo eru nashos-flögurnar muldar yfir og síðast er kjúklingnum settur með og blandað saman við salatið. Anna María lætur salatið standa í um það bil 20 mínútur inni í ísskáp áður en það er borið fram svo það verði meira djúsi. Salatið er borið fram með snittubrauði og pestói en líka er voða ljúffengt að hafa speltbrauð með.

martamaria@frettabladid.is

KJÚKLINGASALAT FYRIR 2-4

- 2 kjúklingabringur
- Smá pipar
- 3 msk. bbq-sósa
- 1 poki jöklsalat
- 1/2 poki klettsalat
- 2 tsk. grænt pestó
- 1 box kirsu-berjatómatar
- 1 rauð papríka
- 1/2 rauðlaukur
- 1/2 krukka af fetastí með sól-þurkuðum tómötum
- Smá hvítlaukssalt
- 2 lúkur nachos-flögur



Salat með

Þökuðum

tómötum

8-10 íslenskir tómatar
1 tsk. kummin (cumin)
1 tsk. sykur
nýmalaður pipar
salt
6 msk. ólífuolía
1 íslensk salatþrenna,
eða klettsalat
parmesanostur (biti)

Ófninn hitaður í 220°C. Tómatarnir skornir í helminga og þeim raðað í eldfast fat með skurðflöttinn upp. Kryddaðir með kummini, sykri, pipar og salti. Settir í ofninn og bakaðir í um 45 mínútur. Þá er oliunni dreyppt jafnt yfir þá og þeir bakaðir í 10-15 mínútur í viðbót. Látnir kólna þar til þeir eru volgir. Salatblandan sett í skál eða á fat, tómötunum blandað saman við og oliunni úr mótinu hellt yfir. Nokkrar flögur skornar af parmesanosti og dreift yfir.



MATGÆÐINGURINN NÍNA BJÖRK GUNNARSDÓTTIR LJÓSMYNDARI

Kann að meta rammíslenskan mat

Hvaða matar gætir þú síst verið án?
Ég er sólgín í allt ítalskt og indverskt. Einn af mínum uppáhaldsréttum er Tikkamasala með kjúklingi, en kannski bara af því ég er orðin svo góð í að matbúa það.

Fyrsta minningin um mat?
Ég hef alltaf verið alger mathákur og hef alltaf elskað að borða. Ég held að það sé mómmu að þakka að ég er ekki matvönd því hún byrjaði snemma að gefa okkur systkinunum rammíslenskan mat eins og sviðakjamma og slátur. Ég var reyndar ekki sérlega hrifin af sviðakjömmum við fyrstu smökkin en steingleymdi hvernig þeir litu út þegar ég byrjaði að borða þá því mér fannst þeir svo góðir.

Besta máltíð sem þú hefur fengið?
Kibba vinkona mín er besti kokkur sem ég þekki. Besti matur sem ég hef fengið er kjúklingaréttur sem hún matreiðdi eitt sinn en annars eru matarboðin hjá henni ógleymanleg. Bestu matarboðin sem ég fer í eru hjá henni.

Er einhver matur sem þér finnst vondur?

Nei, mér finnst allur matur góður. **Leyndarmál úr eldhússkápnum?** Mér finnst alltaf gott að nota sýrðan rjóma í staðinn fyrir venjulegan af því hann er miklu hollari. Þegar ég bý til túnfisksalat þá nota ég sýrðan rjóma í staðinn fyrir majones. Það klikkar aldrei.

Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?

Þá borða ég mikið grænmeti og heim-sæki Grænan kost eða Á næstu grös-um.

Hvað áttu alltaf í ísskápnum?

Ég á alltaf AB mjólk, djús, ost, smjör og brauð ásamt mjólk.

Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvaða rétt tækir þú með þér?

Ég tæki með mér Tikkamasala-kjúkling.

Hvað er það skritnasta sem þú hefur borðað?

Það er án efa hrár fiskur í fyrsta skipti

sem ég fékk mér sushi, en um leið og ég setti fyrsta bitann upp í mig var ekki aftur snúið. Sushi er einn af mínum uppáhaldsmat í dag.



KRONENBOURG: Til hamingju með daginn Frakkar!

Í dag er Bastilludagurinn, þjóðhátíðardagur Frakka. Árið 1664 var gott ár í Frakklandi fyrir ritlist, tónlist, byggingarlist og... bjór. Miðdepill franskrar bruggmenningar er í borginni Strasbourg. Kronenbourg, mest seldi bjór í Frakklandi, dregur nafn sitt af hverfinu Kronenbourg í Strasbourg. Upphafsstafnum C var síðar breytt í K til að nafnið hefði yfir sér þýskara yfirbragð, en Þjóðverjar eru eins og kunnugt er nokkuð slyngir í bjórgerð.

Kronenbourg 1664 var fyrst bruggaður árið 1952 og var ártalinu 1664 bætt við nafnið Kronenbourg vegna þess að það ár stofnaði Hatt-fjölskyldan brugghúsið. Í dag er Kronenbourg 1664 seldur í 70 löndum. Bjórinn er langmest seldur bjórtegund í Frakklandi, og annar mest seldi Premium-bjór í Bretlandi, en þar þykir það flott að drekka 1664. Þykir afrek hjá Frökk-

um að ná vinsældum í jafnrótgrónu Þjórlandi og Bretlandi.

Mikilvægasti hluti bjórgerðar er að velja hráefnið. Hjá Brasserie Kronenbourg er einungis notað úrvals hráefni, bygg, humlar og tært vatn. Hvert hráefni er sérvalið og vandlega fylgst með hverju stigi framleiðslunnar. Afraksturinn er ljósgylltur og tær bjór með þéttri rjómakennndri froðu. Fínlegt, létt og biturt bragð með þægilegri kolsýru og í eftirbragði má greina örlítið malt.

Bjórinn fæst á flestum betri veitingahúsum borgarinnar og einnig í Vínbúðum í 500 ml dósum og 330 ml flöskum. Kronenbourg 1664 er gæðabjór og ekki í samkeppni við ódýrustu tegundirnar á markaðnum. Fyrirtækið hefur þau einkunnarorð að þú færð það sem þú borgar fyrir, hágæðabjór á sanngjörnu verði.



VEITINGASTAÐURINN

B5 BANKASTRÆTI 5,
101 REYKJAVÍK



B5 opnaði á dögunum og hefur hann fengið góðar viðtökur.

Svarar innréttingar



Hvernig er stemningin? b5 er góð viðbót við veitingahúsaflórana í miðbæ Reykjavíkur og um

helgar breytist veitingastaðurinn í svalan bar. Innréttingarnar eru flottar og innbúið er eftir nýjustu tiskustráumum í innanhúshönnun. Ekki er laust við að staðurinn státi af útlensku yfirbragði. Á einum veggnum er til dæmis vegleg bókahilla með flottustu lömpum norðan Alþjóðanna. Staðurinn er reyklus.

Matseðillinn: Er fjölbreyttur og ferskur með skandinávsku yfirbragði. Réttirnir eru léttir og einfaldir og ákaflega bragðgóðir. Matseðillinn er sérhannaður fyrir þjóðernissinnaða Íslendinga með tilheyrandi saltfisk-, blóm-káls- og jarðaberjaréttum. Kjúklingasalatið á matseðlinum er fallega fram borið í glerkrukku með loki og smakkaðist líka æði vel.

Vinsælast: Það sem af er háfa langtímaeldaðir lambaskankar með rótargrænmeti verð einn vinsælasti rétturinn á matseðlinum. Þessi réttur er borinn fram með bæði hörðum og mjúkum kartöflum sem er kartöflumús sem inniheldur steikta og stökka kartöfluteninga.

Réttur dagsins: Boðið er upp á rétti dagsins frá ellefu á morgnana og fram eftir degi. Í réttum dagsins er allt frá köldum súpum, spænskum eggjakökum upp í kjöt og fiskrétti. Verðið er frá 650 kr. upp í 1650 kr.

NISSAN PRIMERA



SKIPT um væntingar



Ekkert venjulegur

Primera er enn eitt dæmið um glæsilega nýja hönnun frá Nissan. Útlitið er einfaldlega frábært og að innan eru nýjungar út um allt. N-form mælaborðið er einstakt í heiminum, með litaskjá, bakkmyndavél og stjórnborði sem vinnur eins og hugur manns. Öryggisbúnaður er eins og best gerist og aksturseginnleikar framúrskarandi. Þetta er fjölskyldubíll á venjulegu verði – bara ekkert venjulegur!

Verð: 2.295.000 kr.

23.899 kr. á mán.*

Primera 1,8i

- Sjálfskiptur
- 116 hestöfl
- 5 dyra
- Loftkæling
- Aksturstölv
- Regnskynjari í framrúðu
- Lita bakkmyndavél
- Cruise control
- o.fl.



*Bílasamningur Glitnis með 30% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði.

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00-18:00

Hrísmýri 2a 800 Selfossi 482-3100	Eyrarlandi 1 530 Hvammstanga 451-2230	Sæmundargötu 3 550 Sauðárkrúki 453-5141	Holtsgötu 52 260 Njarðvík 421-8808	Dalbraut 2b 300 Akranesi 431-1376	Víkurbraut 4 780 Höfn í Hornafirði 478-1990	Búðareyri 33 730 Reyðarfjörður 474-1453	Sindragötu 3 400 Ísafjörður 456-4540	Óseyri 5 603 Akureyri 461-2960
---	---	---	--	---	---	---	--	--------------------------------------

„It's not who I am underneath, but what I do that defines me.“



- Bruce Wayne hefur sínar sérstöku leiðir til þess að jata fyrir æskuástinu sinni að hann sé í raun og veru Leubólukámaðurinn.

bíó

bio@frettabladid.is

Kynbomba komin af léttasta skeiði

Leikkonan **Kim Basinger** var á hátindi frægðar sinnar í níunda áratugi síðustu aldar en hún skaut upp á stjörnuhimininn og stimplaði sig inn sem kynbomba í *James Bond*-myndinni *Never Say Never Again* árið 1983. Þar mætti **Sean Connery** ansi roskinn til leiks í hlutverki njónsna hennar háttignar og heillaði Basinger upp úr skónum. Basinger lék svo á móti **Robert Redford** ári síðar í *The Natural* og síðan á móti leikaranum og leikskáldinu **Sam Shepard** í *Fool for Love*. Myndin byggði á verki Shepard og var leikstýrt af ekki minni manni en **Robert Alt-**

man. Basinger hefur unnið undir stjórn margra merkra leikstjóra og árið 1986 lenti hún í klónum á **Adrian Lyne** sem gerði út á kynpokka hennar í erótisku myndinni *9 1/2 Weeks* þar sem erótíkin kraumaði milli hennar og **Mickey Rourke**. Þetta sama ár lék hún á móti hjartaknúsarmanum **Richard Gere** í *No Mercy* en síðan hallaði undan færi í myndunum *Blind Date* þar sem **Bruce Willis** var að fóta sig í bransanum, **Nadine**, slappri gamanmynd með **Jeff Bridges** og síðast og allra sist hinni arfaslökunum *My Stepmother is an*

Alien. Basinger fékk gott tækifæri árið 1989 þegar **Tim Burton** fékk hana til að leika **Vicky Vale** í *Batman* þar sem **Michael Keaton** klæddist blökubúningnum. Basinger náði ekki að fylgja *Batman* eftir og birtist næst í hinni langdregnu **To Hot To Handle** með þáverandi eiginmanni sínum **Alec Baldwin**. Næstu myndir, *Final Analysis*, *Cool World*, *The Real McCoy*, *Wayne's World 2*, *The Getaway* og *Prêt-à-Porter*, gerðu lítið fyrir feril hennar sem var á hraðri niðurleið þar til hún sýndi góða takta í *L.A. Confidential* árið 1997. Frammistaða hennar þar skilaði henni Óskarsverðlaunum sem besta leikkona í aukahlutverki en tilboð um bitastæð hlutverk létu samt á sér standa. Hún sýndi þó hvað í henni býr sem drykkfeld móðir **Eminem** í *8 Mile* árið 2000 og sýndi þar að líf er eftir kynbombaúrin.

EKKI MISSA AF...



... hinni stórgóðu *Voksne menn*-esker eftir **Dag Kára Pétursson**. Myndin kemur í rökréttu framhaldi af glæsilegu byrjendaverki Dags Kára, *Nói albínói*, og rétt eins og þar byggir hann frásögnina á persónum og stemningu frekar en rökréttum og klassískum söguþræði. Sýningum á myndinni fer fækandi þannig að nú fer hver að verða síðastur að sjá hana í kvikmyndahúsi í Reykjavík. Voksne mennesker er mynd sem lætur engann ósnortinn og synd að missa af henni.

[SMS]

UM MYNDRNAR Í BÍÓ



SIN CITY Er tvímælalaust svalasta mynd ársins og besta mynd sumarsins að mati gagnrýnanda Fréttablaðsins.

Sin City

„Undir allri þessari snilld kraumar svo eðltonlist, menguð seiðandi saxófónleik, sem bindur alla þessa svart/hvítu dýrð saman í film noir í sinni tærustu mynd. Sin City er hátæknilistaverk og um leið óður til svart/hvítu reyfarana sem áttu sitt blómaskeið upp úr 1940.“

PP

War of the Worlds

„War of the Worlds er ekki léleg heimsendamynd en hún er heldur ekki það sem ég hélt að Spielberg og Cruise gætu gert.“

FGG

Batman Begins

„Svona á að gera Batman-myndir og okkar maður hefur aldrei verið betri og maður getur varla beðið eftir að fá að sjá meira af Bale í gervi svalasta myndasögutöfara allra tíma.“

PP

Mr. and Mrs. Smith

„Mrs. and Mrs. Smith er þvottekta sumarmynd; fyndin, spennandi, smart, töff og vel gerð og skartar tveimur skærustu kvikmyndastjörnum samtímans í aðalhlutverkum. Þetta nægir til þess að enginn ætti að verða svikinn af kynnum sínum við hjónin Pitt og Jolie.“

PP

Húsið sem Guð gleymdi

Draugahúsið er sígilt minni í hryllingsmyndum sem fjalla þá oftast um fólk sem flytur inn í gömul hús þar sem draugar fyrri eigenda ganga berserksgang. *The Amityville Horror* er frumsýnd í dag en hún er endurgerð samnefndrar myndar frá árinu 1979.



THE AMITYVILLE HORROR Sundrung fjölskyldunnar í einhverri mynd er kjarninn í nær öllum hryllingsmyndum með tilheyrandi freudiskum undirtönum. Þessi mynd er engin undantekning en í þessu tilfalli hrynur fjölskyldan saman innan frá í tilraun sinni til þess að láta ameríska drauminn rættast í stóru einbýlishúsi.

Frægasta draugahúsamynd síðustu áratuga er án efa *The Shining* eftir Stanley Kubrick en hún var byggð á samnefndri sögu hrollvekjumeistarans Stephen King. King sótti innblástur sinn til stallsystur sinnar, Shirley Jackson, en sígild draugasaga hennar, *The Haunting of Hill House* hefur verið kvikmyndað í tvígang. Robert Wise kvikmyndaði bókina með fínum árangri árið 1963 en Jan De Bont svo aftur með ómurlegum afleiðingum árið 1999.

Áður en Kubrick lét Jack Nicholson ganga af göflunum með öxi í yfirgefnu skíðahótelu í *The Shining* var *The Amityville Horror* draugahúsamynd númer eitt, tvö og þrjú og er enn lykilverk ásamt *The Shining* og *The Haunting of Hill House*. Myndin kom í bíó árið 1979 og sló strax í gegn og rakaði saman milljónum dollara í miðasölunni.

Alvöru hryllingur

The Amityville Horror fékk slagkraft sinn ekki sist frá þeirri staðreynd að hún byggði á raunverulegum atburðum en árið 1974 var heil fjölskylda myrt í svefni í gömlu húsi á Long Island. Ronald DeFeo yngri játaði svo skömmu síðar að hafa banað foreldrum sínum og systkinum vegna þess að „raddir í húsinu“ sögðu honum að gera það. Nokkru síðar fluttu ung hjón í húsið án þess að vita nokkuð um skelfilega fortíð þess. Illir andar hússins flæmdu þau út á um það bil tveimur vikum og þau máttu þakka fyrir að sleppa lifandi frá draumaheimili sínu.

Eiginmaðurinn virtist á þessum stutta tíma vera að missa vitið og ógnaði fjölskyldunni. Prestur sem reyndi að kveða óværuna niður beidd þess aldrei bætur að glíma við myrkræðflin innan vegga heimilisins.

The Amityville Horror naut mikilla vinsælda á Íslandi um það leyti sem mynböndin voru að festa sig í sessi og var þá leigð út í dönskum umbúðum og hét „Huset som Gud glemte“.

James Brolin, sem er þekktastur fyrir leik sinn í sjónvarpsþátunum *Hotel* og í seinni tíð fyrir að vera eiginmaður Barböru Streisand lék húsbóndann sem myrti næstum fjölskyldu sína og

Margot Kidder (*Lois Lane* í *Superman*) lék eiginkonuna. Rod Steiger setti hins vegar mestan svip á myndina í hlutverki prestins.

Gæti gerst í Hlíðunum

Framleiðendur nýju myndarinnar endurgerðu síðast myndina *The Texas Chainsaw Massacre* en sú tilraun þeirra tókst býsna vel og því vildu þeir eðlilega höggva tvisvar í sama knérunn. Þeir komust þó fljótt að því að það er lítið til af spennandi hryllingshandritum á sveimi um þessar mundir og þeir ákváðu því að halda endurvinnslunni áfram.

„Texas Chainsaw Massacre sýndi okkur að fólk virðist frekar vilja hryllingssögur sem byggja á raunverulegum atburðum,“ segir Brad Fuller, einn framleiðendanna, en hann ólst upp í grennd við *Amityville*-húsið og man enn eftir gæsaúðinni sem hann fékk þegar hann ók fram hjá því á árum áður.

„Hryllingsmyndir sem eiga sér stoð í raunveruleikanum snerta fólk dýpra þar sem það trúir því að það sem þær sér á tjalduinu geti komið fyrir það sjálft. Þess vegna fylgja þessar myndir fólk eftir löngu eftir að það yfirgefur bíósalinn,“ segir Fuller, sem hikaði því ekki við að veðja á endurvinnslu *Amityville*.

Ný vínblanda á gömlum belg

Gagnrýnendur virðast almennt sammála um að Fuller og félagar megi vel við una og að nýja myndin sé í raun og veru betri en sú upprunalega. Söguþræðir myndanna eru vitaskuld býsna áþekkir en hér er þó kafað dýpra í atburðina og ýmsu gefinn gaumur sem var sleppt í myndinni frá 1979.

„Það erfiðasta við endurgerðir er að áhorfendur bera myndina strax saman við forverann og fólk hefur miklar meiningar um *Amityville*-hryllinginn og hvað raunverulega gerðist og hvað ekki,“ segir Fuller. „Þegar við ákváðum að gera þessa mynd vorum við sammála um að best væri að þróa söguna með því að taka lyklatríðin úr gömlu myndinni og bæta þáttum úr málinu sem hafa ekki verið skoðaðir áður.“

thorarin@frettabladid.is

NÝJAR KVIKMYNDIR

(DÓMAR Í ERLENDUM MIÐLUM)



The Amityville Horror

Internet Movie Database 5,8 / 10
Rottentomatoes.com 22% / Rotten
Metacritic.com 6,9 / 10



Madagaskar

Internet Movie Database 6,3 / 10
Rottentomatoes.com 54% / Rotten
Metacritic 6,8 / 10



Elvis has left the building

Internet Movie Database 5,1 / 10

Vikan

ný og fersk í hverri viku

Lífsreynslusaga • Heilsa • Tískja • Matur • Krossgátur

Óhrædd við frægðina!

Kolbrún Björnsdóttir nýr stjórnandi morgunsjónvarps

4 athafnakonur í Borgarbyggð

Fjölmíðlakonur skemmta sér!

Systirin bjargaði lífi hans!

Hvað gera mömmur þegar skólarinn loka?

Hvað segja stjórnumerkin um sumaríð?

Er mamma þín stjórnsöm? Hvað er til ráða?

Andlitsyfting heima hjá þér

Það sem þú vissir ekki... Sigmundur Ernir

Náðu í eintak á næsta sölustað

Feigir Elvisar

Kvikmyndir þar sem Elvis-eftirhermur koma við sögu hafa notið vinsælda meðal kvikmyndagerðamanna í Hollywood. Þær hafa margar hverjar ekki hlotið náð fyrir augum almennings nema ef vera skyldi *Honeymoon in Vegas* með Nicolas Cage.

Elvis Has Left The Building segir frá snyrtivörusölu konunni Harmony Jones sem virðist vera tengd kónginum á einn eða annan hátt. Hún fæddist daginn sem Presley kom fram í frægum *Ed Sullivan*-þætti og móðir

hennar, sem er bifvélavirki, gerði við Kadiljakkinn hans.

Örlögin haga málum hins vegar þannig að fyrir tilviljun drepur hún nokkrar Elvis-eftirhermur og skilur eftir sig slóð dauðra kóniga í suðvesturríkjum Bandaríkjana.

Kim Basinger leikur hina seinheppnu Harmony Jones. John Corbett fer með hlutverk Elvis Gluffman í myndinni. Hann heillaði margar konur upp úr skónum þegar hann lék Aidan Shaw í *Sex and the City*. ■

DÖMUSKÓR - HERRASKÓR - BARNASKÓR - SANDALAR

ÚTSALAN HEFST Í DAG!

- NÝTT KORTATÍMABIL -

LÁGMARK
50%
AFSLÁTTUR

- NÝTT KORTATÍMABIL -

PETER KAISER

ECCO®



LLOYD

ZINDA

Toppskórinn

Suðurlandsbraut 54, sími 533 3109

OPIÐ: FIM. 9-18, FÖS. 10 - 18, LAU. 10 - 16

ECCOES OF THE WORLD



www.ecco.com

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN

20-40%

afsláttur af völdum vörum

30%

afsláttur af völdum vörum

Kringlan (553 8050) - Laugavegi 38 (551 0766)

ECCO®

SMÁRALIND (551 8519) - KRINGLAN (568 9212)

Yesmine og Kristjana á heimsmeistaramót í fitness-fergud

Yesmine Olson og Kristjana Thors Brynjólfssdóttir hafa verið valdar til að taka þátt í keppninni Fitness Woman – World Championships Finals 2005. Keppnin er haldin ár hvert og verður að þessu sinni í Malasíu dagana 29. til 31. júlí. Aðeins sextán konur taka þátt í keppninni og er þetta því mikill heiður fyrir stúlkurnar.

„Fulltrúi keppninnar sá mig dansa á Akureyri og bauð mér að taka þátt,“ segir Yesmine. „Hún var reyndar búin að hringja nokkrum sinnum og tókst loks að sannfæra mig um að koma því ég var eiginlega hætt í fitness,“ segir hún og ákvað bara að slá til. Kristjana var svo valin úr stórum hópi umsækjenda.

Yesmine segir keppnina ekki byggja á mjög stæltum líkama heldur kvenlegum línunum, fegurð og dansi. Mikil áhersla er lögð á dansinn og undanfarin ár hefur nokkuð verið um að fimleikakonur taki þátt. „Ég er engin fimleikakona en umsjónarmenn keppninnar vildu einmitt fá nýja

stefnu í dansinu. Við Kristjana komum inn með meira fönk og kraft í dansinn.“

Kristjana segir þær stóllur hafa þurft að hafna verkefnum til að undirbúa sig fyrir keppnina. „Við erum samt búnar að fá góðan stuðning, meðal annars frá Trimformi Berglindar og Henson sem hefur sérsaumað á okkur búningana,“ segir Kristjana.

Stúlkurnar verða í tvær vikur í Asíu þar sem þær ferðast um og upplifa ævintýri. „Keppnin er hluti af tveggja vikna alþjóðlegri ráðstefnu um hreysti og við förum út í boði samtakanna. Það er þó skilyrði að vera ekki í öðrum fitness-samtökum þegar tekið er þátt í keppninni,“ segir Yesmine.

Tíu stúlkur komast í úrslit í keppninni og verður þeim sjónvarpað á íþróttastöðinni Eurosport. Keppnin hefur lengi verið eitt vinsælasta sjónvarpsfnið á þeirri stöð og nú er bara að vona að stúlkurnar komist í úrslitin svo hægt verði að fylgjast með gengi þeirra í sjónvarpinu. ■



ÓTTAR PROPPÉ Sjötta bókin um Harry Potter, *Harry Potter and the Half-Blood Prince*, á að vera sú næstsiðasta en það er aldrei að vita nema J. K. Rowling detti einhver fleiri ævintýri í hug fyrir litla galdratrákin.



YESMINE OG KRISTJANA Verða í flottum búningum sem þær hönnuðu sjálfar með góðri hjálp frá Jenný í Henson.

Harry Potter kemur á morgun

Undirbúningur Máls og menningar vegna útgáfu sjöttu Harry Potter bókarinnar er í fullum gangi. Bókarinnar hefur verið beðið með gríðarlegri eftirvæntingu en tvö ár síðan fimmta bókin kom út. Þrjár bókabúðir munu vera með viðhafnaropnun á föstudagskvöld klukkan eina mínútu yfir tólf en það eru Mál og menning, Laugavegi; Penninn Eymundsson, Austurstræti og Penninn Bókval á Akureyri.

„Það er bara allt að verða brjál- að,“ segir Óttar Proppé deildarstjóri erlendra bóka hjá Máli og menningu. „Mestu lætin eru búin að vera þau að tryggja að bækurnar komi til landsins og það hefur

tekist. Fyrstu eintökin er læst í geymslu hér á landinu og enginn má opna kassana fyrr en seint á föstudagskvöld.“

Fjölmarginir Harry Potter-aðdáendur eru á Íslandi og er búin að taka frá bækur. „Ég hef ekki nákvæma tölu yfir pantanirnar en þær skipta hundruðum. Það er alltaf svona ákveðin festivalstemning í kringum útgáfu Harry Potter bókanna og mikil spennu í loftinu.“

Þegar síðasta Harry Potter bók in kom út voru duglegustu aðdáendurnir búnir að bíða í hálfan sólarhring. Óttar segir reynsluna sýna að mikið líf og fjör myndist í röðinni en eitthvert húllumhæ

verði á vegum bókabúðanna til að stytta viðskiptavinunum stundir. „Við ætlum að vera með léttu skemmtun og hressingu á meðan fólk bíður eftir því að búiðinnar opni.“

Starfsmenn Máls og menningar hafa einnig séð um að skreyta verslunina í anda Harry Potter. „Það eru gallharðir aðdáendur að vinna hérna hjá okkur og við höfum gefið þeim þónokkurt sjálfstæði í útfærslum sínum á skreytingum,“ segir Óttar.

Búðirnar verða allar þrjár opnar svo lengi sem fólk streymir að og ættu því allir að taka föstudagskvöldið frá til að geta nælt sér í eintak af eftirsóttustu bók



Fljótt skipast veður í lofti

Veldu Cintamani útvistarfatnað því hann er hannaður og reyndur á Íslandi, til að standast þær miklu kröfur sem síbreytilegt íslenskt veður setur.

D-vítamínbætt mjólk
bætir úr brýnni þörf

STYRKJUM BÖRNIN OKKAR


D-vítamín gegnir mikilvægu hlutverki í vexti og þroska barna. Það tryggir góða nýtingu á kalki sem er mikilvægasta byggingarefni tanna og beina. Rannsóknir benda til að stór hluti íslenskra barna fái alltof lítið D-vítamín.

MS leggur áherslu á að hafa á boðstólum mjólkurvörur sem uppfylla þörfina fyrir holla og næringarrika fæðu á öllum aldurskeiðum.



Dreitill er D-vítamínbætt léttmjólk sem er sérstaklega ætluð börnum. Með því að drekka tvö glös af Dreitilli daglega fá börnin okkar allt að helminginn af ráðlögðum dagskammti D-vítamíns. Dreitill var settur á markað fyrir fjórum árum eftir að Manneldisráð óskaði eftir að léttmjólk væri D-vítamínbætt. Dreitill er seldur á sama verði og Léttmjólk.

Stoðmjólk er sérstaklega ætluð börnum frá sex mánaða til tveggja ára aldurs. Henni er ætlað að tryggja að öll þau næringar- og bætiefni sem börnin þarfnast séu til staðar í daglegu fæði þeirra og að þau nýtist jafnframt betur úr fæðunni. Stoðmjólk var þróuð að beiðni og í samvinnu við starfshóp á vegum Manneldisráðs, Landlækniseimbættisins og fleiri aðila.



Morgunblaðið, þriðjudaginn 12. júlí 2005



FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



ÚTILÍF

SIN CITY SMÁRA BÍÓ
SÍMI 564 0000 HUGSADU STÓRT

TOPP MYNDIN Á ÍSLANDI

...HREIN OG TÆR UPPLIFUN...
GJÓRSAMLEGA GÆVVEIK
MYNDI*
**** K&F XFM

„J HEILDINA FRÁÐER MYNDI“
**** T.V. kvikmyndir.is

**** D.Ó.J. Kvikmyndir.com

**** BLAÐIÐ

**** HL. MBL

„SVALASTA MYND ÁRSINS
OG BESTA MYND PESSA
SUMARS“
**** D.Ó.J. FRÉTTARLAÐIÐ

BLÓÐUG, BRÚTAL OG BRILLIANT

Sýnd kl. 5.20, 8, 8.30, 10.40 og 11 - Powersýning • Sýnd í lúxus kl. 5.30, 8.30 og 11 B.i. 16 ára

*** ÖÖH DV

„Skoðað frá A-ó“
„Afþroying í
húsdá kláss“
*** 1/2 K&F - XFM
**** D.Ó.J. FB.L

Sýnd kl. 3.30, 5.45 og 8

Sýnd kl. 8 og 10.30 B.i. 14 ára

Sýnd kl. 4 og 6

Sýnd kl. 5.30 og 10.20 B.i. 10 ára

Dolby Digital THX BÍÓ.IS - allt á einum stað

SIN CITY REGNBOGINN
SÍMI 551 9000

TOPP MYNDIN Á ÍSLANDI

...HREIN OG TÆR UPPLIFUN...
GJÓRSAMLEGA GÆVVEIK
MYNDI*
**** K&F XFM

„J HEILDINA FRÁÐER MYNDI“
**** T.V. kvikmyndir.is

**** D.Ó.J. Kvikmyndir.com

**** BLAÐIÐ

**** HL. MBL

„SVALASTA MYND ÁRSINS
OG BESTA MYND PESSA
SUMARS“
**** D.Ó.J. FRÉTTARLAÐIÐ

BLÓÐUG, BRÚTAL OG BRILLIANT

Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30 - Powersýning B.i. 16 ára

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu

*** ÖÖH DV

„Skoðað frá A-ó“
„Afþroying í
